

Matvælaöggjöf Evrópu tekur ekki mið af heilbrigðismálum

Vísbendingar um að ræktunarstarfið hafi leitt til minni meyrni

Fólki er freklega misboðið

Bændablaðið

6. tölublað 2019 • Fimmtudagur 28. mars • Blað nr. 535 • 25. árg. • Upplag 32.000 • Vefur: bbl.is



Stjórn Bændasamtaka Íslands eftir breytingar sem gerðar voru á ársfundum sem haldinn var í Hveragerði 15. mars eftir að Sindri Sigurgeirsson sagði af sér formennsku. Talið frá vinstri: Guðrún Sigríður Tryggvadóttir, bóndi í Svartárkoti, sem er nýr formaður stjórnar og fyrsta konan sem gegnir því embætti. Þá er Einar Ófeigur Björnsson, bóndi í Lóni II, sem er varaformaður, Eiríkur Blöndal, bóndi á Jaðri, Guðrún Lárusdóttir, bóndi í Keldudal, sem kemur ný inn í aðalstjórn, og Gunnar K. Eiríksson, bóndi á Túnsbergi. Mynd /HKr.

Ríkisstjórn samþykkti í síðustu viku að leggja orkupakka 3 frá ESB fyrir Alþingi til væntanlegrar samþykktar:

Orkupakki 3 mun stórskaða íslenska garðyrkju, heimili og allt atvinnulíf

– segir formaður Sambands garðyrkjubænda og telur að fyrirvari um sæstreng breyti þar engu um

Gunnar Þorgeirsson, formaður Sambands garðyrkjubænda, segir þann fyrirvara um sæstreng sem ríkisstjórn Íslands hyggst gera við innleiðingu á orkupakka 3 frá ESB ekki halda vatni. Eftir standi að orkupakkinn eins og hann leggur sig sé óbreyttur og innleiðing hans muni stórskaða íslenska matvælaframleiðslu, heimili og atvinnulíf.

Ríkisstjórn samþykkti í síðustu viku að leggja orkupakka 3 fyrir Alþingi til væntanlegrar samþykktar. Var frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003 sett inn á samráðsgátt stjórnvalda 22. mars og einungis gefinn kostur á að senda umsagnir í fjóra daga, eða til 26. mars.

Gunnar segir ekkert hafa breyst síðan í haust þegar hann sagði m.a. á forsíðu Bændablaðsins að innleiðing orkupakkans myndi leiða til stórhækkunar á orkuverði.

„Mér líst ekkert á þetta og get ekki skilið af hverju íslensk þjóð á ekki að fá að vera sjálf með sína orkustefnu á sínum forsendum þar sem við erum ekki tengdir neinum öðrum. Hvers vegna í veröldinni þurfum við að taka upp Evrópureglur til að stýra okkar eigin málum?“

Hann segist standa við fyrri orð



Gunnar Þorgeirsson. Mynd / smh

sín og segir málið grafalvarlegt fyrir Ísland og íslensku þjóðina og undrast áhugaleysi margra þingmanna á þessari stöðu.

„Það er algjörlega ljóst í mínum huga að við innleiðingu á orkupakka 3 og hækkandi raforkuverði í kjölfarið verða ekki framleiddir hér framfarar tómatar, gúrkur, jarðarber eða grænmeti sem krefst raflysingar. Kryddjurtirnar frá mér myndu örugglega hverfa úr verslunum.“

Getum ekki sett í Evrópureglur hvað sem okkur sýnist

„Ég veit ekki til þess að Evrópu-sambandið sætti sig við að við

setjum inn í þeirra reglugerðir það sem okkur sýnist. Ekki var það í hráakjötismálinu.

Mér finnst það mjög athyglisvert ef menn ætla bara að setja þessar tvær línur inn í samþykkt á orkupakkanum að ekki komi til lagningar rafstrengs á milli Evrópu og Íslands nema með samþykki Alþingis. Það þykir mér mjög léttvægt og hvað með allt annað sem felst í pakknum? Ég sé því hvergi hreyft í þessum ágæta texta. Á þetta að vera viðbót við orkupakka 3 sem á að skrifa undir gagnvart Evrópusambandinu? Eða á þetta bara að vera sérstök bókun sem Alþingi gerir bara fyrir okkur til að dást að á sunnudögum? Ég dreg stórlega í efa að við getum breytt samningnum sem ESB leggur fyrir í orkupakka 3. Norðmenn gátu það ekki. Hjáróma bókun þar við hliðina sem á að veifa framan í íslenska þjóð heldur alls ekki vatni þegar við mætum fyrir ESA.

Ef það á að skrifa undir þennan orkupakka eins og hann lítur út núna á grundvelli Evrópusambandsins þá hlýtur þessi ákvörðun um að við ætlum ekki að heimila sæstreng nema með sérstöku samþykki Alþingis að vera kæránleg til ESA. Ef við skrifum undir orkupakkann, erum við þá ekki búin að afsala

okkur þessu? Er þá ekki líklegast að ESA komist að þeirri niðurstöðu að hér gildi frjálst flæði fjármagns og afurða? Við höfum þegar reynt af slíkum kærnum og þær hafa allar fallið með ESB.“

Hvað er búið að semja um við Breta?

„Maður spyr sig líka hvaða samkomulag utanríkisráðherra er búið að gera við Breta í tengslum við Brexit. Á að heimila Bretum að kaupa hédan orku eins og þeir hafa sóst eftir að fá? Hvort sem Bretar fara úr ESB eða ekki þá er orkukerfi þeirra beintengt evrópska orkunetinu og um það gilda ákvæði orkupakkanna.“

IceLink-verkefnið komið lengra en menn hafa þorað að viðurkenna

„Það skiptir engu máli þótt menn segist draga sig út úr IceLink-verkefninu til að koma orkupakkanum í gegnum þingið. Það verkefni er greinilega komið mun lengra en menn hafa þorað að viðurkenna opinberlega og auðvelt að setja það í gang aftur,“ segir Gunnar.

IceLink-verkefnið er samstarfsverkefni Landsvirkjunar, Landsnets og National Grid Interconnector Holdings Ltd. um lagningu sæstrengs til Bretlands. IceLink er inni á PCI-lista (e. Projects of Common Interest). Það er á verkefnaskrá ACER, orkustofnunar ESB, sem hóf starfsemi í Ljubljana í Slóveníu árið 2011. IceLink er þar inni sem liður í víðtækri samþættingu orkunets Evrópu.

Gegn ályktun landsfundar Sjálfstæðisflokksins

Gunnar segir undarlegt ef ráðherrar Sjálfstæðisflokksins ætli að leggja þetta mál fram á þingi og ganga þannig gegn ályktun atvinnuveganefndar á landsfundi flokksins um iðnaðar- og orkumál. Þar segir m.a. orðrétt:

„Sjálfstæðisflokkurinn hafnar frekara framsali á yfirráðum yfir Evrópusambandsins.“

„Hefur landsfundur Sjálfstæðisflokksins þá ekkert vægi? Menn leita í grasrótina þegar það þarf að kjósa, en svo þegar það er búið virðist grasrótin ekki skipta neinu máli,“ segir Gunnar Þorgeirsson. /HKr.

– Sjá nánar á bls. 2



JOHN DEERE

AVANT[®]



Mikið úrval af nýjum vélum á lager.

6 Premium línan með stiglausri skiptingu.

5R línan með sjálfskiptingu.

Allar vélar með fjaðrandi hásingu og húsi.

- Viðurkenndir JD varahlutir
- Hágæða dráttarvéladekk frá Trelleborg og Mitas
- John Deere olíur og glussar
- Rafgeymar
- Rúlluvagnar
- Úrval af aukahlutum fyrir landbúnaðartæki.



Avant vinnuvélar og aukahlutir í miklu úrvali.

Avant eru mest seldu tækin í þessum flokki véla á Íslandi sem og annars staðar í Evrópu.



Merlo skotbómulyftarar í öllum stærðum og allir með 40 km hraða og dempun á bómu.

Merlo 27.6 : 6.500.000 kr + vsk*

*Enginn uppítaka



Fylgstu með okkur á facebook.
Slóðin er : Íslyft ehf

Íslyft ehf

STEINBOCK ÞJÓNUSTAN EHF

Vesturvör 32 - 200 Kópavogur
www.islyft.is s. 564 1600

FRÉTTIR



Afrekskýrin Braut 112 á Tjörn á Skaga hefur rofið 100 tonna múrinn í æviafurdum.

Afrekskýrin Braut 112 á Tjörn á Skaga: Hefur rofið 100 tonna mjólkurmúrinn

Afrekskýrin Braut 112 á Tjörn á Skaga hefur rofið 100 tonna múrinn í æviafurdum, en hún hafði í lok febrúar síðastliðinn mjólkað 99.821 kíló mjólkur yfir ævina. Dagsnyt hennar hefur verið ríflega 16 kíló og reikna menn því með að Braut hafi mjólkað sínu 100 þúsundasta kíló mjólkur þann 12. mars eða þar um bil.

Braut 112 er fædd 12. september árið 2005, dóttir Stígs 97010 og Þúfu 026 frá Tjörn og er hún því á fjórtánda ári. „Hún hefur svo sannarlega skilað sínu,“ segir Bjarney Jónsdóttir, bóndi á Tjörn. Hún lýsir Braut þannig að hún hafi alla sína tíð verið heilsuhraust, ungleg og spræk, með sterka fætur, heilbriggt og gott júgur, verið góð að éta og haldið sínum holdum. „Hún er okkar langbesti gripur,“ segir Bjarney.

Hefur borið nú sinnum

Braut bar sínum fyrsta kálfi þann 23. október 2007 og hefur borið nú sinnum síðan þá, síðast 12. febrúar 2017.

Mestum afurðum á einu ári náði



Séð yfir bæinn Tjörn á Skaga.

Braut árið 2011 þegar hún mjólkaði 10.961 kíló en hún hefur fjórum sinnum náð ársafurðum upp á meira en 10 þúsund kílóum, 2010 (10.007 kg), 2011 (10.961 kg), 2012 (10.190 kg) og 2017 (10.699 kg). Mestu mjólkurskeiðsafurðir hennar eru á yfirstandandi mjólkurskeiði sem er orðið æði langt. Hún er nú komin í 19.220 kíló frá síðasta burði. Á sínu 5. mjólkurskeiði mjólkaði hún hins vegar 14.630 kíló. Þessar upplýsingar má finna á heimasíðu Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins.

Fátítt er að kýr nái 14 vetra aldri en ekki síður er mjög sjaldgæft að þær skili svo miklum afurðum sem raun ber vitni með Braut 112. Vissulega hefur tímans tönn sett sitt mark á kúna nú þegar hún er komin á sín efri ár. /MPP

Breytingar á félagsgjöldum BÍ

Á nýafstöðnum ársfundi Bændasamtakanna var samþykkt að hækka árleg félagsgjöld. Félagsgjaldið er nýtt til þess að gæta hagsmuna bænda og reka Bændasamtökin en félagsmenn þeirra eru rúmlega 3.140 talsins. Á ársfundinum kom fram að fjölga þyrfti félagsmönnum til þess að treysta betur rekstur samtakanna.

Grunngjald fyrir A-áðild að samtökunum hækkar úr 47.000 krónum í 54.000 krónur. A-áðild fylgja full félagsleg réttindi fyrir tvo einstaklinga sem standa saman að búrekstri. Hækkunin nemur 14,8% en 2.000 krónur af gjaldinu renna í Velferðarsjóð BÍ.

B-áðild, fyrir einstaklinga sem standa að búi umfram tvo, verður 15.000 kr. á ári. Félagsmenn með C-áðild, þ.e. þeir sem standa fyrir rekstri sem telst minni háttar og með veltu undir 1,5 milljónum á ári, greiða 17.000 krónur á ári. Þar af renna 2.000 krónur í Velferðarsjóð. Aukaaðild að BÍ, fyrir þá sem styðja markmið samtakanna, verður 15.000 krónur árið 2019. /TB



Margvísleg réttindi

Með aðild njóta félagsmenn ýmissa réttinda, s.s. afsláttar af tölvuforritum, leigu á orlofsbúð, sérkjara á gistingu á Hótel Sögu, stuðnings Velferðarsjóðs og ráðgjafar um ýmis málefni sem snerta bændur. Þá er ótalið þeir hagsmunir sem felast í samtakamætti heildarinnar, s.s. við hagsmunagæslu og ímyndar- og kynningarmál.

Full aðild að BÍ veitir félagsmönnum rétt til að gegna trúnaðarstörfum og njóta kjörgengis til kosninga um þá samninga sem gerðir eru í nafni Bændasamtakanna þegar það á við. Einungis þeir sem greitt hafa félagsgjöld njóta réttinda sem félagsmenn í Bændasamtökum Íslands. Greiðsluseðlar fyrir félagsgjöldum eru sendir út í mars á hverju ári. Hægt er að gerast félagi í BÍ með því að skrá sig á vefsíðu samtakanna, bondi.is. /TB

Vöktun Matvælastofnunar á sýklalyfjaónæmum bakteríum 2018: Sýklalyfjaónæmar bakteríur voru í heilbrigðisvottuðu kjöti frá Spáni

Unnsteinn Snorri Snorrason, framkvæmdastjóri Landssamtaka sauðfjárbænda, segir að sýklalyfjaónæmar bakteríur sem fundust við skimun í íslenskum lömbum hafi fundist í þörmum lambanna en ekki kjöti þeirra. Hér var ekki um að ræða sjúkdómsvaldandi bakteríur heldur bakteríur sem hafa ónæmi fyrir sýklalyfjum eða geta þróað ónæmi og dreift í aðrar bakteríur.

„Ég tel að ekki megi nota niðurstöðuna til að afvegaleiða umræðuna um góða stöðu sýklalyfjaónæmis í íslenskum landbúnaði. Það alvarlega í þessu máli er að samkvæmt skýrslu Mast er hingað til lands flutt kjöt með heilbrigðisvottorð sem samt inniheldur sýklalyfjaónæmar og sjúkdómsvaldandi bakteríur.“

Við vöktun Matvælastofnunar á sýklalyfjaónæmum bakteríum í dýrum árið 2018 voru í fyrsta sinn tekin sýni úr íslenskum lömbum til skimunar. Í 4% þeirra 70 lamba sem voru skimuð greindust ESBL/AmpC myndandi E. coli í þörmum þeirra en engar slíkar bakteríur greindust í kjöti þeirra.

Sjúkdómastaða hér á landi er einstök

Unnsteinn segir að þetta hafi að vissu leyti komið á óvart. „Við höfum svo sem alltaf vitað að hér á landi finnst sýklalyfjaónæmar bakteríur eins og alls staðar nema hvað tíðni þeirra er mjög lág hér á landi og það er sú staða og okkar einstaka sjúkdómastaða sem við eigum að verja.“

Þar sem þetta er í fyrsta sinn sem



Unnsteinn Snorri Snorrason, framkvæmdastjóri Landssamtaka sauðfjárbænda.

lömb hér á landi eru skimuð með þessum hætti höfum við ekkert til að miða við varðandi það hver þróunin hefur verið. Samkvæmt skýrslu Mast er tíðni ónæmu bakteríanna svipuð á öðrum Norðurlöndunum en minna en almennt er í Evrópu.

Ég bendi líka á að bakteríurnar fundust í þörmum lambanna en ekki í kjöti og því má ekki nota niðurstöðuna til að afvegaleiða umræðuna. Ástandið hér þegar kemur að sýklalyfjaónæmi er eitt það besta í heiminum. Það finnst aðrar tegundir sýklalyfjaónæma baktería sem við viljum alls ekki fá til landsins.“

Sýklalyfjaónæmar bakteríur í vottuðu innfluttu kjöti

Í skýrslunni kemur líka fram að sýklalyfjaónæmar bakteríur

hafi fundist í svínakjöti innfluttu frá Spáni sem þó var að fullu heilbrigðisvottað.

„Það er auðvitað gífurlega alvarlegur hlutur. Getum við treyst þeim heilbrigðisvottunum sem fylgja innfluttum kjötafurdum? Þetta hvetur okkur til þess að efla frekar eftirlit með innflutningi.“

Ekki vitað um uppruna bakteríanna

Í skýrslu Mast segir að hvernig ónæmar bakteríur bárust í lömbin eða hvort ónæmið myndaðist í lömbunum sé ekki vitað og ekki heldur hvort um aukningu sé að ræða. Líkt og í öðru búfé, eru íslensk lömb ekki laus við bakteríur sem eru ónæmar fyrir sýklalyfjum eða sem geta þróað slíkt ónæmi og dreift í aðrar bakteríur. /VH



Arnar Árnason, bóndi á Hranastöðum, var endurkjörinn formaður Landssambands kúabænda. Mynd / HKR.

Aðalfundur Landssambands kúabænda: Samstaða mikilvæg kúabændum

Aðalfundur Landssambands kúabænda var haldinn um síðustu helgi. Fagting nautgriparæktarinnar var haldið samhliða fundinum. Auk venjulegra aðalfundarstarfa var farið yfir skýrslu formanns og skýrsluhald í nautgriparækt.

Fundargestir voru sammála um að samstaða kúabænda væri mikilvæg til að standa vörð um hagsmuni stéttarinnar.

Arnar endurkjörinn formaður

Arnar Árnason að Hranastöðum var endurkjörinn formaður Landssambands kúabænda á fundinum. Úr stjórninni gekk Pétur Diðriksson að Helgavatni og Jónatan Magnússon að Hóli. Ónundarfirði kom inn í hans stað.

Arnar segir að stóru málin á aðalfundinum hafi verið endurskoðun búvörusamninga, framleiðslu- stýringarmál og tollamálin.

„Kúabændur voru búnir að kjósa um framleiðslustýringu fyrir fundinn og ákveða að þeir vilji viðhalda kerfinu í greininni, fyrir fundinum lá að útfæra fyrirkomulagið. Helstu breytingar á kerfinu eru þær að miðað við búvörusamninginn var gert ráð fyrir að stýringarkerfið færi út. Nú er aftur á móti búið að ákveða að halda því áfram og því þarf að breyta samningnum í þá veru. Til þess að svo geti orðið þarf að breyta fyrirkomulagi stuðningsbreiðslanna.“

Kúabændur standa saman

Arnar segir að á fundinum hafi komið greinilegur vilji kúabænda til að standa þéttar saman um að verja hagsmuni sína og bændastéttarinnar í heild.

„Ég fór yfir þetta í minni ræðu og fundarmenn tóku undir þetta og að við þyrftum að berjast í brestina eins og

kom skýrt fram í kvótakosningunni þar sem útkoman var mjög skýr.“

Tollamálin eru risastór málaflökkur fyrir allan landbúnað en ekki bara kúabændur og nautgriparækt, segir Arnar.

„Tollverndin hefur rýrnað að verðgildi og er hætt að halda og tilgangslaus að hafa tolla ef þeir virka ekki. Við viljum því fara í þá vinnu með stjórnvöldum enda höfum við fundið fyrir skilningi úr þeirri átt að undanfögnu.“

Samþykkt að hækka félagsgjöld

Á fundinum var samþykkt að hækka félagsgjald til LK um 10%, eða úr 0,30 krónur á lítra í 0,33 krónur á lítra mjólkur sem lagður er í afurðastöð og úr 500 krónur á grip í 550 krónur á grip í UN, KU og K flokkum sem slátrað er í afurðastöð, utan úrkasts. /VH

FOSSAR

ÍSLENSK EINBÝLISHÚS - SÉRHÖNNUÐ
FYRIR ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR



Landshús kynna hagkvæma lausn fyrir þá sem eru í byggingarhugleiðingum

Fossar - einbýlishús eru útfærð í einingakerfi Landshúsa. Einingakerfið okkar hefur undanfarin ár fengið afar góðar viðtökur og hafa húsin okkar risið um allt land með góðum árangri. Kerfið er að hluta til forsmíðaðar einingar og að hluta til forsmíðað efni.

Markmið okkar er að bjóða upp á lausn sem gerir fólki kleift að byggja traust hús á einfaldan og hagkvæman hátt.

Húsin uppfylla íslenska byggingarreglugerð allstaðar á landinu.



Lausn sem hentar
Einstaklingum
Byggingarverktökum
Sveitarfélögum

Byggingarlýsing

- Húsin eru hönnuð á steypa plötu sem kaupandi útvegar
- Útveggjagrind er úr 45mm x 145mm timbur (C24)
- Utanhússklæðning er standandi bandsagað greni
- Þaksperrur:
 - Yfir stofu og eldhúsi: 45mm x 248mm (loft tekið upp - C24)
 - Yfir svefnálmum: Kraftsperrur (loft tekið niður - C24)
- Þakefni er litað stál, upptekið á legtur með Siga þakdúk í undirlag
- Rennur, flasningar og vatnsbretti er litað stál
- Hurðir og gluggar er úr timbri með tvöföldu gleri og kemur málað og glerjað, tilbúið til ísetningar. Læsingar eru frá Assa.
- Öll einangrun í þak, útveggi, loft og milliveggi, rakasperra, lagnagrind og klæðning í loft, útveggi og milliveggi er innifalin.
- Húsin afhendast ósamsett
- **ATH. Allar byggingarnefndarteikningar eru innifaldar í verði fyrir staðlaðar útfærslur**

Valmöguleikar

Hægt er að:

- Breyta stærð húss:
 - Stækka stofu og eldhús
 - Stækka svefnálmum, fjölga herbergjum eða stækka
 - Stækka bílskúr
- Hafa hús með eða án bílskúr (einfaldur eða tvöfaldur)
- Fjölga, fækka eða breyta gluggum og hurðum
- Uppfæra glugga og hurðir í ál/tré
- Uppfæra utanhússklæðningu í viðhaldsfria lerkíklæðningu



STAÐLAÐAR ÚTFÆRSLUR



FOSS 1 | Stærð íbúðar: 102 fm
Verð: 13.566.000,-



FOSS 2 | Stærð íbúðar: 119 fm
Verð: 15.410.000,-



FOSS 3 | Stærð íbúðar: 145 fm
Verð: 18.270.000,-



FOSS 4 | Stærð íbúðar: 145 fm | Stærð bílskúrs: 35 fm
Samtals: 180 fm | Verð: 22.680.000,-



FOSS 5 | Stærð íbúðar: 153 fm | Stærð bílskúrs: 58 fm
Samtals: 211 fm | Verð: 25.305.000,-

EFLA verkfræðistofa á Akureyri sér um tæknilega hönnun á öllum húsunum okkar. Öll hönnun á burðarvirki, festingum og allt efnisval er skv. gildandi byggingarlöggjöf. Húsin uppfylla því að öllu leyti kröfur sem gerðar eru til húsbygginga hér á landi.



STYRKUR - HAGKVÆMNI - HÖNNUN

Landshús - Sími 553 1550 - landshus@landshus.is - www.landshus.is



LANDSHÚS

Bændablaðið

– Mál gagn bænda og landsbyggðar –

Bændablaðið kemur út 24 sinnum á ári. Því er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öllum lögbýli landsins.

Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu. Árgangurinn kostar þá kr. 10.900 með vsk. (innheimt í tvennu lagi). Ársáskrift fyrir eldri borgara kostar 5.450 með vsk.

Heimilisfang: Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík.
Sími: 563 0300 – Fax: 562 3058 – Kt: 631294-2279

Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.

Ritstjóri: Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is – Sími: 563 0339 – Rekstur og markaðsmál: Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is – Blaðamenn: Margrét Þ. Þórsdóttir mth@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilundur Hansen vilundur@bondi.is – Auglýsingastjóri: Guðrún Hulda Pálsdóttir ghp@bondi.is – Sími: 563 0303 – Netfang auglýsinga: augl@bondi.is – Vefur blaðsins: www.bbl.is – Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er bbl@bondi.is
Frágangur fyrir prentun: Anna Kristín Ólafsdóttir – Prentun: Landsprent ehf. – Upplag: sjá forsíðu – Dreifing: Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

SKOÐUN

Samkeppnismisvægi

Íslenskur landbúnaður hefur tekið algjörum stakkaskiptum á síðustu 100 til 200 árum samhliða umbyltingu þjóðfélagsins. Í dag er íslenska þjóðin orðin ein sú ríkasta í heimi með full yfirráð yfir eigin auðlindum í sjó og á landi. Þar eru samt alvarlegar blikur á lofti hvað varðar mismunun í samkeppnisstöðu og ásælni erlendrar ríkja í íslenska orku og aðrar auðlindir.

Á ársfundi Bændasamtaka Íslands sem haldinn var þann 15. mars síðastliðinn voru flutt nokkur áhugaverð erindi um möguleika sem felast í íslenskum landbúnaði. Þar má nefna lífræna framleiðslu af öllu tagi sem er hér nánast óþlæggður akur, en er ört vaxandi í okkar nágrannaríkjum.

Örn Karlsson, bóndi á Sandhóli í Meðallandi, sagði þar m.a. frá þeim góða árangri sem honum og hans fólki hefur tekist að ná við ræktun á höfnum og framleiðslu á alíslensku haframjöli. Benti hann einnig á þá mismunun sem íslenskum bændum er gert að búa við í kornrækt gagnvart kollegum á hinum Norðurlöndunum varðandi framfylgni við evrópskar aðbúnaðarreglugerðir.

Þeir sem gerst þekkja til í þessum efnunum segja þó að grunnreglurnar samkvæmt EES samningnum séu þær sömu. Hins vegar er framkvæmd eftirlits og eftirfylgni með framkvæmd reglugerða oft með gjörólíkum hætti. Eins og hvað varðar notkun alls konar hjálparefna í landbúnaði sem hér á landi eru lítið eða ekkert brúkuð.

Í skýrslu Evrópusambandsins sem birt var 2017 um sjálfbæra notkun hjálparefna á borð við skordýraeitur og gróðureyðingarefni, kom í ljós að innan ESB-landanna er á þessu mikill misbrestur. Flest ESB-landanna hafa ekki fylgt eftir innleiðingu á reglugerðum um þessi mál og sum þeirra hafa ekki einu sinni markað sér stefnu á þeim vettvangi. Það á m.a. við um notkun á eiturfífninu glyfosat sem rannsóknarstofnanir hafa staðfest að getur verið hættulegt mönnum.

Í ræktun búfjár hafa kjötframleiðslugreinar í Evrópu líka komist upp með að nota margháttuð sýklalyf sem vaxtarhvetjandi efni til að framleiða ódýrara kjöt. Það hefur leitt til vaxandi útbreiðslu á sýklalyfjaónæmum bakteríum sem er farið að skaða heilbrigðiskerfið og valda stórfelldu manntjóni. Slíkt er með öllu óheimilt á Íslandi og er ekki stundað. Það er reyndar líka sagt ólöglegt í ESB-ríkjunum, en hefur ekki verið fylgt eftir. Vegna þessa hafa íslenskir bændur því alls ekki staðið jafnfætis erlendum kollegum sínum við framleiðslu á nautakjöti, alifuglakjöti og svínakjöti.

Stöðugt eru gerðar kröfur um aukid heilnæmi kjötafúrða og annarrar matvöru. Slíkum kröfum ber að fagna. Það er því dapurlegt þegar hart er gengið fram í því að fullkomið frelsi verði gefið til að flytja inn hrátt kjöt frá erlendum bændum sem sniðganga allar reglur sem íslenskum bændum er gert að fara eftir. Hvernig er hægt að ætlast til að íslenskir bændur keppi við slíkan sóðaskap á jafnréttisgrunni?

Enn skal höggvið í sama knérunn íslenskra bænda. Nú er það ásælni í okkar orkulindir sem er undir með innleiðingu á orkupakka 3 frá Evrópusambandinu. Samband garðyrjubænda hefur varað mjög sterklega við þeim áformum. Það myndi leiða til verulegra hækkana á orkuverði fyrir almenning og framleiðslufyrirtæki á Íslandi, þ.m.t. í garðyrkju. Slíkt myndi rýra lífskjör almennings og draga mjög úr samkeppnishæfni innlendar framleiðslu. Mörg garðyrkjufyrirtæki legðu mögulega niður starfsemi auk ótalinna áhrifa á aðrar innlendar framleiðslugreinar. Svo ekki sé talað um aukid kolefnisspor vegna aukningar á matvælainnflutningi. – Er þetta virkilega það sem Íslendingar vilja? /HKr.

Hvert ætlum við að stefna?

Guðrún S. Tryggvadóttir

formaður Bændasamtaka Íslands
gst@bondi.is



Breytingar eru hluti af lífinu. Þær verða ýmist vegna einhvers sem við ákveðum sjálf að breyta eða einhverju sem breytist í umhverfi okkar og við höfum lítil áhrif á. Þær breytingar sem við ákveðum sjálf hafa eitthvert markmið – og við erum þá að stefna þangað.

En hvert stefnir íslenskur landbúnaður? Öll viljum við framleiða góðar vörur á sem hagkvæmasta hátt og hafa af því sanngjarna afkomu. En hvað svo? Hver er framtíðarsýn okkar bænda varðandi landbúnaðinn sem við stundum? Hvernig mynduð þið, lesendur góðir, orða þá framtíðarsýn? Hugsid aðeins um það.

Allur heimurinn er að tala um landbúnað. Allur heimurinn er að velta fyrir sér framtíðinni og fæðunni. Umræðan á Íslandi er hins vegar sett upp á svölitið öðrum forsendum eins og til dæmis orðræðan um innflutning á ófrystu kjöti sýnir. Er það svo að bændur deili þessari sýn? Nú er það alltaf svo að mál í umræðu dagsins geta stundum yfirskyggt stærri sýn á málið, en mig langar til að biðja ykkur að lyfta umræðunni aðeins yfir átakalínuna um innflutning á kjöti og horfa til lengri framtíðar.

Framtíðarsýn

Ég á mér skýra sýn um framtíð landbúnaðar á Íslandi og hvar hann verður staddur eftir einn til tvo áratugi.

Við verðum nær sjálfbær og rekum öflug fjölskyldubú um allt land. Við framleiðum allt svínakjöt, kjúkling, egg, nautakjöt og lambakjöt sem neytt er í landinu. Grænmetisrækt er orðin meiri háttar atvinnugrein eftir að tekin var ákvörðun um að nýting orkuauðlindanna yrði frekar á sviði garðyrkju og ræktunar en stóriðju. Mjólkurframleiðslan er í blóma þar sem við gerum út á sérstöðu okkar og ferðaþjónustan treystir á að bændur byggji landið allt. Loðdýraræktin nær sér á strík, hrossaræktin ber hróður okkar um víða



veröld og íslenska geitin hefur vart undan að framleiða mjólk í verðmæta geitaosta. Skógar landsins skapa bændum stöðugar tekjur og lífræn ræktun, sala beint frá býli og ýmis hlunnindanýting vex hratt.

Sveitin er eftirsótt af ungu fólki sem skapar sér líf úti á landi því það er fullt af tækifærum bæði í hefðbundnum búskap, nýsköpun tengdri búskapnum eða annarri starfsemi. Innviðir sveitanna eru í góðu standi þar sem landið er orðið ljóstengt, þriggja fasa rafmagn komið á alla bæi og vegirnir hafa verið bættir og eru nú allir malbikaðir.

Á Íslandi ríkir sátt um metnaðarfulla landbúnaðarstefnu. Bændur eru öflugir þátttakendur í að ná markmiðum Íslands í loftslagsmálum með uppgræðslu og skógrækt. Lögd er áhersla á að landbúnaðurinn sé eins vistvænn og hægt er.

Þetta er mín framtíðarsýn, en saman verðum við íslenskir bændur að móta okkar. Við þurfum að velta fyrir okkur á breiðum grunni hvernig við viljum sjá þróunina í landbúnaðinum til frambúðar. Við eigum að

setja okkur metnaðarfulla stefnu, þar sem bæði er tekið á því hvernig við viljum sjá landbúnaðinn þróast en ekki síður um þau skref sem við viljum taka til þess að framleiðslan sé í fullkominni sátt við umhverfið. Hvaða leiðir viljum við fara til að ná þessum markmiðum?

Framtíðin er full af tækifærum

Á næstu vikum hefst vinna Bændasamtaka Íslands við að rýna og móta betur stefnu íslenskra bænda. Að verkinu munu koma starfsmenn okkar og aðildarfélög. Þessi stefna á og þarf að verða lifandi plagg sem gefur glögga mynd af því hvert við viljum stefna. En til þess að þetta verði stefnan okkar þá viljum við fá sem flestar hugmyndir.

Kæru bændur, skrifið niður ykkar sýn eða áherslur því nú köllum við eftir hugmyndum ykkar. Sendið á framtid@bondi.is ykkar sýn. Spennandi verður að heyra frá ykkur. Framtíðin er full af tækifærum og það er okkar val hvernig við nýtum þau tækifæri! Ég hlakka til hennar.

ÍSLAND ER LAND ÞITT



Innri-Fagradalur á Skarósströnd við innanverðan Breiðafjörð. Geitadalur til vinstri, en beint fram undan er Fagradalur. Hæst gnæfir Skeggöxl í 813 metra hæð. Mynd / HKr.



Norðenska hreppi titilinn Frumkvöðull ársins og greinilegt að starfsmenn eru kampakátir með þá viðurkenningu.

Myndir / MPP

Local Food Festival haldinn í Hofi Akureyri:

Margmennni á matvælasýningu

Margmennni sótti matvælasýninguna Local Food Festival sem haldin var í Menningarhúsinu Hofi á Akureyri á dögunum. Félagið Matur úr héraði á Norðurlandi stendur fyrir þessum viðburði annað hvert ár. Alls tóku 38 fyrirtæki þátt og kynntu matvæli af margvíslegu tagi og gáfu gestum að smakka. Markaðstorg var á svæðinu, vínsvæði og þá sýndi Iðnaðarsafnið alls kyns varning sem tengdist matvælaíðnaði fyrri tíðar.

Viðburðir af ýmsu tagi voru í boði. Klúbbur matreiðslumeistara á Norðurlandi stóð fyrir kokkakeppni og var hún þrískipt, forréttakeppni matreiðslunema, aðalréttakeppni matreiðslumanna og eftirréttakeppni bakara og matreiðslunemanna.

Sigursælir frá Strikinu

Í nemakeppninni var dagskipun sú að útbúa rétt úr bleikju og blómkáli sem aðalhræfni og setja saman á 30 mínútum fyrir framan áhorfendur. Sigurvegari í þeirri keppni varð Bjarni Þór Ævarsson hjá Strikinu. Í kokkakeppninni var markmiðið að elda lamb á tvo vegu og höfðu keppendur 30 mínútur til að skila af sér fullbúnum rétti til dómara. Árni Þór Árnason hjá Strikinu fór með sigur af hólmi í þeirri keppni. Loks var eftirréttakeppni þar sem kokkar og bakarar útbjuggu eftirrétt sem innihélt m.a. Ricotta ost og vanillu og höfðu líkt og hinir 30 mínútur til að setja réttinn saman. Sá sem vann til fyrstu verðlauna í þessum flokki var Jón Arnar Ómarsson hjá Strikinu.

Málþing um matvælaframleiðslu og orkunýtingu

Eimur sem er samstarfsverkefni um bætt nýtingu orkuauðlinda og nýsköpum í orkumálum á Norðurlandi eystra efndi til málþings í tengslum við sýninguna með yfirskriftinni „Tækifæri og takmarkanir“. Þar var fjallað um vaxandi þörf fyrir framleiðslu matvæla og möguleikana til nýtingar jarðhita við framleiðsluna og við frekari vinnslu matvæla. Snæbjörn Sigurðsson, framkvæmdastjóri Eims, fjallaði um tækifæri í fjölnýtingu jarðhita og Sigurður



Matarkista Skagafjarðar þótti eiga fallegasta básinn.



Milli fjöru & fjalla á Grenivík var með frumlegasta bás Local Food-sýningarinnar.

Markússon, verkefnastjóri hjá Landsvirkjun, um orkufreka matvælaframleiðslu og hvort þar væri kominn ný stoð í grænu hagkerfi. Arnar Freyr Jónsson, rekstrarstjóri Silfurstjörunnar, fjallað um landeldi á laxi í Óxarfirði með jarðhita og Christin Schröder, skordýrabóndi á Húsavík, ræddi um þá áskorun að byggja upp skordýraræktun á Norðurlandi. Loks hélt Rannveig Björnsdóttir, forseti Viðskipta- og raunvísindasviðs Háskólans á Akureyri, erindi sem nefndist; Verðmætasköpun úr hliðarafurðum matvælaframleiðslu, tækifæri og takmarkanir.

Viðurkenningar

Uppboð var haldið til styrktar Krabbameinsfélagi Akureyrar og nágrennis og bauðst gestum þá að bjóða í ýmsa hluti, m.a.



Gestum og gangandi bauðst að smakka á kræsingum af ýmsu tagi.

matarboð fyrir allt að 10 manns þar sem kokkar úr Klúbbi matreiðslumeistara á Norðurlandi sjá um veisluna. Um 250 þúsund krónur söfnuðust á uppboðinu.

Veitt voru verðlaun fyrir fallegasta og frumlegasta bás sýningarinnar og einnig verðlaun sem nefnast Frumkvöðull ársins í mat og matarmenningu. Matarkista Skagafjarðar þótti eiga fallegasta básinn, Milli fjöru og fjalla var með frumlegasta bás sýningarinnar og Norðenska hreppi titilinn Frumkvöðull ársins. /MPP



Það var vinsælt að smakka á Fjallalambi frá Kópaskeri.

MÆLT AF MUNNI FRAM

222

Fyrst verða birtar lesendum þrjár vísur eftir Höskuld Einarsson frá Vatnshorni. Ekki man ég til þess að hafa séð þær fyrir. Þær rötuðu hingað norður, eftir eitt af ánægjufullum símtölum við Sigríði Höskuldsdóttur á Kagaðarhóli. Hún romsaði þeim upp úr sinni munnlegu geymd og vonandi hefur mér lánast að hafa þær réttar eftir dóttur skáldsins:

Fyrsta vísan er ort eftir að Höskuldur flutti suður til Reykjavíkur:

*Ég er að skima allt um kring
er einhver að kalla.
Nú fer að grænka lauf og lyng
í lautunum upp til fjalla.*

*Landið mitt er lítið breytt
líti ég til fjalla.
Ég kannast við það kalt og heitt,
kosti þess og galla.*

*Hugurinn flýgur heim í sveit
halli ég mér til náða,
sé ég þá í sauðaleit
„söðana“ mína báða.*

Næsta vísa er haldin eftir Magnús Einarsson frá Hrófbergi við Steingrímsfjörð:

*Víninu hvolfði korðatyr
koks um foldar bekki.
Pipruðu holdið pelar þrír,
en pottinn höldi hann ekki.*

Sr. Hallgrímur Pétursson orti svo til borgfirskrar bóndadóttur:

*Held ég nú í hendina á þér,
hana ég fyrir mér virði.
Engin er sú, sem af þér ber
í öllum Borgarfirði.*

Jón R. Thorarensen, sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Glæsibæjarhrepps, sendi vísu þessa með skilagrein til Seðlabankans:

*Ég greiði öllum sem greiða ber
og gjöri við alla kvitt,
svo Drottinn fær það sem Drottins er
þótt djöfullinn hafi sitt.*

Vígús P. Jónsson á Vatnsenda í Eyjafirði kvað, er Ólöf Sigurðardóttir, síðar húsfreyja í Fjósakoti, var ung og ógefin heima í Leyningi:

*Ef ég skunda á Ólu fund,
aðrir blund er fanga,
halla mundi ég höfði um stund
hennar undir vanga.*

Enn er tilefni til að birta illviðrávisur þótt komið sé yfir sumarmál. Valdimar S. Long kvað:

*Dimmir höllum drafnar í,
dynja fjöll af veðragný,
sveiflast mjöllin, sorta ský,
sveipa völlinn klæði ný.*

Eftir Guðmund Inga á Kirkjubóli er þessi:

*Viða grátt er veðurfar,
varla dátt er gaman.
Höfuðáttir heyja þar
hríðarsláttinn saman.*

*Inni er kalt en úti rok,
ískrar hurð til gátta.
Vist eru komin vökulok,
við skulum fara að háttu.*

Jónas Jónsson frá Hörgsdal kvað, er leikrit Indriða Einarssonar „Skipið sekkur“ var frumsýnt hjá Leikfélagi Reykjavíkur 1903. Alls urðu sýningararnar níu:

*Allt má gera í einum svip,
Indriði hefur smíðað skip.
Aldrei fer það á saltan sjó,
en sekkur á hverju kvöldi þó.*

Jón M. Pétursson í Hafnardal orti til stúlku einnar:

*Svo ei festi angurs ís
inn við hjartarætur,
vertu minna draumadís
dimmar vetrarnætur.*

Umsjón:
Árni Geirhjörtur Jónsson
kotabyggd1@gmail.com



FRÉTTIR

Stjórnvöld telja nauðsynlegt að bregðast við EES-dómunum og afnema frystiskyldu á hráum matvælum:

Matvælaalöggjöf Evrópu tekur ekki mið af heilbrigðismálum

– Hún snýst meira um frjálsa för og hrein viðskipti milli landa, segir Katrín Jakobsdóttir

Að undanfögnu hafa drög að frumvarpi til laga um breytingar á lögum um dýrasjúkdóma og matvæli vakið hörð viðbrögð meðal sérfræðinga í sýkla- og veirufræðum sem og hjá bændum. Var þetta einnig til umræðu á ársfundi Bændasamtakanna sem haldinn var í Hveragerði föstudaginn 15. mars, m.a. í ræðu Katrínar Jakobsdóttur forsætisráðherra sem telur matvælaalöggjöf Evrópusambandsins um margt gallaða.

Í útskýringum með frumvarpsdrögunum segir m.a. að á síðustu tveimur árum hafa bæði EFTA-dómstóllinn og Hæstiréttur Íslands staðfest að íslensk stjórnvöld hafi með þessu brotið gegn skuldbindingum sínum samkvæmt EES-samningnum. Þá hafi skaðabótaskylda íslenska ríkisins vegna þessa verið staðfest. Með hliðsjón af því er lagt til með frumvarpi þessu að núverandi leyfisveitingarkerfi verði afnumið.

Stjórnvöld sett í erfða stöðu

Í viðtali við Bændablaðið fyrir fundinn í Hveragerði sagði Katrín að dómurinn setti stjórnvöld auðvitað í mjög erfða stöðu.

„Ég held að það séu allir sammála um það að mikilvægt sé að hleypra ekki EES-samningnum í uppnám. Um leið hefur umræðan breyst að mínu mati mjög mikið og fólk er að átta sig betur á því að matvælaalöggjöf Evrópu tekur ekki mið af heilbrigðismálum eins og ég kys að kalla það. Það er að segja hvað varðar matvælaöryggi og fæðuöryggi eins og við viljum sjá það á tuttugustu og fyrstu öldinni.“

Ráðherra leggur áherslu á að reisa nýjar varnir

„Það sem ráðherrann [Kristján Þór Júlíusson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra] hefur verið að leggja áherslu á er að það verði reistar nýjar kamfýlóbakter- og salmonelluvarnir. Sömuleiðis hefur hann lagt af stað í verkefni með heilbrigðisráðherra hvað varðar sýklalyfjaögnæmi. Ég veit að ráðherrann mun eiga fundi með Evrópusambandinu um þau mál.“

Það sem ég held að staðan kalli á er að við þurfum að bregðast við dómnum. Við þurfum hins vegar líka að fara í þá vinnu sem þarf til að tryggja þá einstöku stöðu sem við erum með gagnvart búfjárjúkdómum.“

Smitað svínakjöt flutt til landsins og vottað sem ósmitað af ESB

Í síðustu viku birti Matvælastofnun (MAST) frétt um vöktun á sýklalyfjaögnæmi í kjöti og dýrum á árinu 2018. Náði skimunin til 900 bakteríustofna. Þar kemur fram að sýklalyfjaögnæmi sé til staðar í íslensku búfé en minna en í flestum Evrópulöndum og í sumum tilfellum ekkert.

Ekkert salmonelluögnæmi fannst t.d. í alifuglum. Þá fannst ekki MÓSA (methicillin ónæmir Staphylococcus aureus) í svínunum hér á landi, en sú baktería hefur breiðst ört út í Evrópu. Hins vegar fundust reyndust tveir salmonellustofnar sem voru ónæmir fyrir sýklalyfjum í svínakjöti á markaði hérlendis. Voru báðir stofnarnir fjölonæmir.

Kjötið var frá Spáni og því hafði fylgt salmonelluvottorð



Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra á ársfundi Bændasamtaka Íslands. Þar sagði hún að það þyrfti að fara í þá vinnu að tryggja þá einstöku stöðu sem við erum með gagnvart búfjárjúkdómum. Mynd / HKr.

við innflutning. Kjötið var innkallað, en bar vöruleið Lúxus grísakötiletur.

Getum gert kröfu um að fá einungis ósýkta vöru

Getum við ekki gert þá kröfu varðandi innflutning landbúnaðarafurða að þær séu framleiddar við sambærilegar kröfur og skylt er að gera hér á landi?


„Það er t.d. hægt að gera ákveðna kröfu um að varan sé ekki sýkt. Það hlýtur að vera eitthvað sem stenst EES-samninginn. Þá er bara verið að krefjast sambærilegra heilbrigðiskrafna. Hér á landi er auðvitað mjög mikið eftirlit með því,“ segir Katrín.

„Mín skoðun er sú að þegar við horfum á þessa matvælaalöggjöf Evrópusambandsins þá hafi hún ekki tekið mið af þessum breytingum. Hún snýst svo mikið um frjálsa för og hrein viðskipti milli landa og tekur ekki mið af þessum nýju sjónarmiðum sem eru samt ekkert ný fyrir þeim sem hafa verið á kafi í þessum hlutum árum saman. Þau eru hins vegar að koma meira upp á yfirborðið í almennri umræðu meðal neytenda. Það er kannski það jákvæða við þetta mál sem mér finnst að öðru leyti ekki gott. Þessi dómur er auðvitað alveg skelfilegur, en þær jákvæðu afleiðingar sem hann hefur haft er að það sé ákveðin vitundarvakning að verða um þessi mál.“

Þarna höfum við möguleika á að koma okkar sjónarmiðum að og ég veit að nálgun landbúnaðarráðherra, sem hefur komið fram á þeim fundum sem hann hefur haldið, er að reyna að verja heilbrigðisstöðu íslensks búfjár. Sömuleiðis að fara í aðgerðir gegn sýklalyfjaögnæmi.

Ég held að við séum þar á miklum tímamótum og því mjög mikilvægt að vel takist til.

Við sjáum bara þegar við horfum til íbúa landsins hvað getur gerst ef ekki er varlega farið. Við höfum verið að kljást hér við mislinga sem sýnir að það má svo lítið út af bregða til að við getum misst niður okkar stöðu. Það getur gerst mjög hratt,“ sagði Katrín Jakobsdóttir. /HKr.



Fé á Auðkúluheiði.

Mynd / HKr.

Norðlenska:

Ræða uppþætur á sauðfjárnlegg á næsta stjórnarfund

Stjórn Norðlenska hafa borist áskoranir frá félögum sauðfjárnlegu á starfssvæði félagsins varðandi greiðslur uppþóta á sauðfjárnlegg haustsins 2018.

Ágúst Torfi Hauksson, framkvæmdastjóri Norðlenska, segir að verðskrá félagsins síðastliðin tvö ár hafi verið til skoðunar í því samhengi, en félagið greiddi uppþætur vegna innleggs ársins 2017 tvívegis á árinu 2018.

„Norðlenska hefur hugsað sér að greiða uppþætur á innlegg með sama hætti og gert var á árinu 2018, þar sem greidd var uppþót vegna kjöts sem þegar hafði verið selt á ásættanlegri framlegg en ekki þess sem enn var í birgðum,“ segir hann. „Í kjölfar fyrirnefndra áskorana mun stjórn því ræða á næsta fundi sínum hvort félagið muni beita sömu aðferðarfræði áfram eða endurskoða hana.“

/MPP

Sameining Norðlenska, Kjarnafæðis og SAH afurða:

Áhugasamir fjárfestar óskuðu eftir lengri fresti

„Sameiningarviðræður Norðlenska, Kjarnafæðis og SAH afurða hafa gengið ágætlega, en einhverjar tafir hafa þó orðið enda málið ekki einfalt viðureignar,“ segir Ágúst Torfi Hauksson, framkvæmdastjóri Norðlenska.

Hann segir að áhugasamir fjárfestar hafi óskað eftir lengri tímafrestum til að skila inn óskuldbindandi tilboðum í hlut í sameinuðu fyrirtæki.

„Tilboð hafa nú borist en það á eftir að fara betur yfir þau og eins að ræða við tilboðsgjafa,“ segir Ágúst Torfi.

Boðað hafði verið til hluthafafundar í Búsæld, félagi sem á Norðlenska, nú á laugardag 30. mars í Mývatnssveit, en vegna tafa sem orðið hafa hefur honum verið frestað. Ágúst Torfi segir að nýtt fundarboð verði sent út þegar ljóst sé hvenær þeirri vinnu sem þarf að ljúka fyrir hluthafafund verði lokið. /MPP



Ágúst Torfi Hauksson, framkvæmdastjóri Norðlenska.

Mynd / MPP

SAMSUNG

QuickDrive™

BYLTING Í ÞVOTTATÍMA

Ný tækni, þvær betur á helmingi styttri tíma.



ecobubble™
TECHNOLOGY

Þvottavél/Þurrkari
Q DRIVE.

8 KG. Þvotti og 5 KG. Þurrkun
1400 SN. Eco Bubble.
Sambyggð þvottavél og þurrkari.
Þvær og þurrkar á 3 tímum
og öllu stýrt frá símanum.

Verð 159.900,-



ecobubble™
TECHNOLOGY

Þvottavél
Q DRIVE.

8 KG. 1400 SN.
Eco Bubble. „Add wash“
Orkunýting A+++
10 ára ábyrgð á mótör.
Hægt að stilla allt í símanum.

Verð 139.900,-



A+++

Þurrkari
Q DRIVE.

Barkalaus. 8 KG. 1400 SN.
Orkunýting A+++.
„Air wash“
81 mín. þurrktími í hraðþurrkun.
Hægt að stilla allt í símanum.

Verð 139.900,-



ecobubble™
TECHNOLOGY


Þvottavél
Q DRIVE.

9 KG. 1400 SN.
Eco Bubble. „Add wash“
Styttir þvottatíma um nær helming.
Ný og bætt hugsun í ullarþvotti.
Hægt að stilla allt í símanum.

Verð 119.900,-


SAMSUNG Q-Rator í símanum

Með Q-Rator tækninni stjórnarðu þvottaforskriftunum með appi í símanum.



Ný tækni, Quick-Drive þar sem tromlubakið snýst á móti tromlunúningnum og eykur vatnsflæðið til muna. (Þessi vél þvær með báðum höndum.)

Með Eco Bubble tækninni blandast þvottaefni og vatn saman undir loftþrýstingi og myndar froðu sem smýgur hraðar inn í þvottinn og skilar sama þvottaárangri á lægra hitastigi.



Opunartímar:
Virka daga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-15



ormsson

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

Skoðaðu úrvalið okkar á

ORMSSON.IS



*SENDUM UM LAND ALLT



ORMSSON

Greiðslukjör
Vaxtalaust
í allt að 12 mánuði

ORMSSON
KEFLAVÍK
SÍMI 421 1535

ORMSSON
PRISTUR-ÍSAFIRÐI
SÍMI 456 4751

KS
SAUÐÁRKRÓKI
SÍMI 455 4500

SR BYGG
SIGLUFIRÐI
SÍMI 467 1559

ORMSSON
AKUREYRI
SÍMI 461 5000

PENNINN
HÚSAVÍK
SÍMI 464 1515

ORMSSON
VÍK - EGISSTÓÐUM
SÍMI 471 2038

ORMSSON
PAN-NEKAUPSSTAÐ
SÍMI 477 1900

ORMSSON
ÁRVIRKINN-SELFOSSI
SÍMI 480 1160

GEISLI
VESTMANNAEYJUM
SÍMI 481 3333

TÆKNIBORG
BORGARNESI
SÍMI 422 2211

OMNIS
AKRANESI
SÍMI 433 0300

can-am



**TÆKI SEM ÞÚ
GETUR TREYST Á**



**OUTLANDER
450L 6X6**

VERÐ ÁN VSK
1.605.000.KR

VERÐ MEÐ VSK
1.990.000.KR

**OUTLANDER
650 FB 6X6**
VERÐ ÁN VSK
2.250.000.KR

VERÐ MEÐ VSK
2.790.000.KR



ELLINGSEN

FÍSKISLÓÐ 1 REYKJAVÍK / TRYGGVABRAUT 1-3 AKUREYRI / 500 0500 / SÍÐAN 1916 / WWW.ELLINGSEN.IS

BRP@ELLINGSEN.IS



**POWER
STRETCH**



Rani



BAL'ENSIL



MIKIÐ ÚRVAL AF RÚLLUPLASTI

PANTIÐ TÍMANLEGA!

150 kr. afsláttur á hverja plastrúllu ef pantað er fyrir 1. maí og 150 kr. aukaafsláttur ef greitt er fyrir 15. maí.
500 kr. afsláttur af neti ef pantað er fyrir 1. maí og 500 kr. aukaafsláttur ef greitt er fyrir 15. maí.

Allt plast sem pantað er fyrir 1. maí er keyrt heim að dyrum eða í heimasveit.

TamaNet™ 4500m

EDGE to EDGE™

Edge to Edge 4500 m
- lengstu netrúllur í heimi
- í einni rúllu eru yfir 500 heyrúllur



Tama
Langstærsti
netframleiðandi
í heimi



PLAST

Frábært verð á rúlluplasti

| | |
|---------------------------------|--------------------|
| Power Stretch 75 cm svart | 9.640 kr. án vsk. |
| Power Stretch 75 cm hvítt | 9.760 kr. án vsk. |
| Rani 50 cm hvítt/ljósgrænt | 8.350 kr. án vsk. |
| Rani 75 cm svart | 9.750 kr. án vsk. |
| Rani 75 cm hvítt/ljósgrænt | 9.930 kr. án vsk. |
| Bal'ensil 75 cm hvítt/ljósgrænt | 10.890 kr. án vsk. |

TAMA HÁGÆÐA RÚLLUNET

| | |
|------------------|--|
| Tama 1,23x3600 m | 31.700 kr. án vsk. (metraverð 8,8 kr.) |
| Tama 1,23x4500 m | 36.900 kr. án vsk. (metraverð 8,2 kr.) |

Búvís

Akureyri · Sími 465 1332
www.buvís.is

Greiðslukjör til haustsins.



ISUZU D-MAX

STERKUR PALLBÍLL VERÐUR STERKARI

Sparneytnari, hagkvæmari og hljóðlátari ISUZU D-MAX

Isuzu D-Max BASIC dísil, beinskíptur. Verð: **5.090.000 kr.** (Verð án vsk: 4.100.483 kr.)

Isuzu D-Max PRO dísil, sjálfskíptur. Verð: **5.990.000 kr.** (Verð án vsk: 4.830.645 kr.)

164 hestöfl – 3.500 kg dráttargeta. Eyðsla frá 7,0 l/100km*

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L


HÚSASMÍÐJAN

rationel
VINDUER OG DØRE, DER HOLDER



Gluggar og hurðir

Tökum við pöntunum fyrir vorið núna!



RATIONEL gluggar og hurðir
Danskir hágæðagluggar og hurðir sem endast!

Allir gluggar Rationel eru vottaðir og slagveðursprófaðir og henta því einstaklega vel fyrir íslenskar aðstæður.

Gott og vandað gæðahandverk á mjög góðu verði.

Fáðu tilboð hjá sérfræðingum okkar í Fagmannaverslun Húsasmíðjunnar

Í Kjalarvogi 12-14 eða hafðu samband í síma 525 3000 eða tölvupósti gluggar@husa.is

ÍSKRAFT



Nánari upplýsingar á iskraft.is og ráðgjöf veitir sérfræðingur okkar Sigurður Gunnar Ragnarsson, siggig@iskraft.is og í síma 535-1209.

EO HLEÐSLUSTÖÐVAR

fyrir heimili, húsfélög og fyrirtæki, hagstætt verð, gæði og falleg hönnun

EO hleðslustöðvarnar eru frábær lausn fyrir rafbílaeigendur.

Þessar hleðslustöðvar eru breskar og sameina gæði og hagstætt verð í fallegri hönnun sem vakið hefur verðskuldaða athygli í Evrópu.



Einfalt og þægilegt í uppsetningu

EO Mini – Hleðslustöð fyrir heimili og fyrirtæki
verð frá 98.900 kr með/vsk

EO Basic hleðslustöð
verð frá 119.900 kr með/vsk

Ískraft
Smíðjuvegur 5 / 200 Kópavogur
www.iskraft.is / Sími 535 1200

FRÉTTIR



Flaggað var við Litla-Hraun á 90 ára afmælisdaginn, 8. mars 2019.

Myndir / Magnús Hlynur Hreiðarsson.

Litla-Hraun 90 ára:

„Betrunarhús og letigarður“

Fangelsið á Litla-Hrauni á Eyrarbakka hóf starfsemi 8. mars 1929. Tímamótunum var fagnað í Húsinu á Eyrarbakka 8. mars síðastliðinn þar sem opnuð var sögusýning frá starfseminni í þessi 90 ár.

Nú eru rúmlega 90 ár frá því að lagt var fram lagafrumvarp á Alþingi, með orðalagi þess tíma: „Landstjórnin heimilar að verja af ríkisfje alt að 100 þúsund krónur til að kaupa land og láta reisa betrunarhús og letigarð, þar sem skilyrði þykja góð, til að fangar og slæpingar, sem ekki vilja vinna fyrir sjer eða sínum, geti stundað holla og gagnlega vinnu.“ Úr varð að setja upp letigarðinn í því húsi sem fyrr átti að verða sjúkrahús Sunnlendinga.

Sýningin verður opin til 9. júní í sumar. Fyrsta árið voru 20 fangar á Litla-Hrauni og þrjár fangaverðir. Í dag eru fangaverðirnir 57 og



Halldór Valur Pálsson, forstöðumaður Litla-Hrauns og Sogns (t.v.) og séra Hreinn Hákonarson fangaprestur, sem hefur unnið þrekvirkni í því að safna saman munum og gögnum um fangelsið.

fangarnir 87, 20% þeirra eru útlendingar. Í dag sitja flestir inni vegna fíkniefna, eða fjórðungur, um 20% vegna auðgunarbrota, 15% vegna kynferðisbrota og jafn margir vegna ofbeldisbrota og vegna annarra brota. /MHH



Lýður Pálsson, forstöðumaður Bygðasafns Árnesinga, og Linda Ásdísardóttir safnvörður munu taka vel á móti gestum sem heimsækja Húsið á Eyrarbakka til að skoða sögusýninguna um fangelsið á Litla Hrauni. Sýningin verður opin til 9. júní í sumar.

ALHLIÐA VÉLAVERKSTÆÐI

- Allar almennar vélaviðgerðir
- Almenn renni- og fræsivinna
- Rennum og slípum sveifarása
- Málmprautum slitfleti, t.d. á tjakkstöngum
- Gerum við loftkælingu bíla
- Almenn suðuvinna
- Plönnum hedd
- Tjakkaviðgerðir

Hafðu samband í síma 587 1300 og við sérsníðum lausn sem hentar þér!

KAPP ehf

VÉLA-KÆLI & RENNIVERKSTÆÐI

Miðhraun 2 | 210 Garðabær | Sími 587 1300 | kapp@kapp.is | www.kapp.is



Höfuðstöðvar Vilko eru í gömlu mjólkurstöðinni á Blönduósi.

Starfsemi Vilko á Blöndósi vex hröðum skrefum:

Veltu- og starfsmannafjöldi tvöfaldast á tveimur árum

„Þetta styrkir reksturinn verulega, fyrirtækið hefur stækkað um helming frá því við komum okkur fyrir í gömlu mjólkurstöðinni í byrjun árs 2017 og þar til nú,“ segir Gunnar Tryggvi Halldórsson, gæðastjóri Vilko á Blönduósi. Félagið keypti síðasta sumar rekstur, vélar og tæki fyrirtækisins Ásbyrgi-Flóra á Akureyri og flutti á Blönduós. Við það jókst starfsmannafjöldinn upp í 15 manns, en var áður um 7.

Gunnar segir að nú sé svo komið að húsnæðið í gömlu mjólkurstöðinni á Blönduósi sé sprungið, en það þótti fyrir tveimur árum vera rúmt og til framtíðar.

„Það þótti gott stökk hjá okkur að fara úr 650 fermetrum í 1.500 fermetra, en nú er samt svo komið að farið er að þrengja aðeins að okkur, það vantar tilfinnanlega meira pláss, m.a. lagerpláss. Við erum því farin að skoða þann möguleika að byggja við og munum örugglega gera það, þótt nákvæmar dagsetningar liggi enn sem komið er ekki fyrir,“ segir hann.

Fjölbreytt starfsemi

Starfsemi Vilko er að sögn Gunnars mjög fjölbreytt. Vilko-vörumerkjafnan er vel þekkt meðal landsmanna, en Vilko-vörur hafa verið hér á markaði í um það bil hálfa öld. Sífellt bætast við vörur, en fyrirtæðarmestar eru súpur af ýmsu tagi, vöfflur, pönnukökur og stórelhúsvörur svo dæmi séu tekin. Annað vörumerki er Prima, sem eru mest seldu kryddin hér á landi og öll framleidd á Blönduósi. Sama gildir um þau og Vilko-vörurnar, sífellt bætist í úrvalið og hafa neytendur tekið vel í auknið úrval. Þriðja stöðin í rekstri Vilko er svonefnd hylkjadeild, en henni hefur vaxið fiskur um hrygg á liðnum árum. Í hylkjunardeild er m.a. hylkjað Kollagen, Liðir og fleira fyrir Protis á Sauðárkróki sem og stór vörulína fyrir Íslensk fjallagrös.

Flóra eykur umsvifin

Enn bætist við umsvifin á liðnu hausti þegar Vilko réðist í að kaupa vörumerki sem var í rekstri á Akureyri, hið gamalgróna og vel þekkt vörumerki Flóru, sem áður hafði sameinast heildsölu Ásbyrgi. Vélar og tæki Flóru voru flutt á Blönduós síðastliðið sumar og sett upp í bælistöðvum Vilko. Framleiðsla á Flóru-vörum hefur nú staðið yfir í nokkra mánuði og segir Gunnar að vel gangi.

„Við seljum í nokkrum mæli í stórum einingum, það er vinsælt hjá þeim sem stunda heimavinnslu af ýmsu tagi að panta hjá okkur krydd, farsblöndur og annað í stórum pakkningum og við verðum



Frá vinnslunni í Vilko.



Vörumerki Flóra hefur verið á markaði frá árinu 1935 og þekkjá Íslendingar það vel.

að sjálfsögðu við slíkum óskum,“ segir Gunnar.

„Reksturinn hjá okkur er nú mjög fjölbreyttur, undir honum fleiri stöðir en áður. Sala á okkar vörum hefur gengið vel og við erum bjartsýn.“

Próteinbætt matvæli

Vilko fékk á dögum styrk úr Uppbyggingarsjóði Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra til að vinna að þróunarverkefni í samvinnu við Heilbrigðisstofnun Norðurlands og Mjólkursamlag KS á Sauðárkróki. Í verkefninu er notað mysuprótein sem framleitt er á Sauðárkróki, en tilgangurinn er að þróa próteinbætt matvæli í því skyni

að nýta þau á heilbrigðisstofnunum, sjúkrahúsum og dvalarheimilum.

„Þetta er mjög spennandi verkefni og við væntum þess að niðurstaðan verði jákvæð, upphafið lofar góðu,“ segir Gunnar.

Mikil uppbygging hefur verið á Blönduósi undanfarnin misseri, sem m.a. má rekja til þess að þar stendur yfir bygging gagnavers sem setur verulega svip sinn á atvinnulífið. Á sama tíma og mikil atvinna er í héraðinu vantar húsnæði, þannig að nokkur spenna myndast.

„Þetta er auðvitað ekki besti tíminn til að stækka, en sem betur fer hefur okkur tekist nokkuð vel að fullmanna okkar fyrirtæki,“ segir Gunnar Tryggvi Halldórsson. /MPP

Samráðshópur um endurskoðun búvörusamninga:

Ekki búið að taka afstöðu til afnáms mjólkurkvótakerfis

Samráðshópur um endurskoðun búvörusamninga hefur lagt skilabréf fyrir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um endurskoðun á samningi um starfsskilyrði nautgriparæktar. Samkvæmt erindisbréfi var hópnun ætlað að taka afstöðu til þess hvort afnema skuli kvótakerfi í mjólkurframleiðslu frá og með 1. janúar 2021.

Samráðshópur um endurskoðun búvörusamninga hefur haldið tólf fundi um málefni nautgripa og mjólkurframleiðslu. Hópurinn hefur fundað með fulltrúum frá Landssambandi kúabænda, Mjólkursamsölu, Örnú, BioBú ehf. og umhverfis- og auðlindaráðuneyti auk þess að kynna sér starfsemi annarra úrvinnsluáðila á mjólkurvörumarkaði.

Fram kemur að framleiðendum í nautgriparækt hefur farið ört fækkandi á síðustu áratugum. Árið 1978 voru þeir um 2.500 talsins og árið 2018 voru þeir 565. Þú eru almennt stærra núna og framleiða meira. Árið 2018 var meðalinnvigtun 269.750 lítrar en um 45.000 lítrar árið 1978. Heildargreiðslumark árið 2018 var 145 milljón lítrar og innvigtun mjólkur 152,4 milljón lítrar. Sala á fitugrunni var 144,8 milljón lítrar, sem var aukning um 0,5%, og sala á próteingrunni var 129,5 milljón lítrar, lækun um 2,2% frá árinu 2017.

Afstaða til kvótakerfisins liggur ekki fyrir

Samkvæmt erindisbréfi er hópnun ætlað að taka afstöðu til þess hvort afnema skuli kvótakerfi í mjólkurframleiðslu frá og með 1. janúar 2021. Niðurstaða í atkvæðagreiðslu um framtíð kvótakerfisins í mjólkurframleiðslu í febrúar leiddi í ljós yfirgnæfandi vilja kúabænda til að halda í kvótakerfið. Voru 89,41% því hlyntir. Samkvæmt heimildum Bændablaðsins hefur samráðshópurinn ekki tekið afstöðu til þeirrar niðurstöðu. Hópurinn segir hins vegar í skilabréfi sínu:

„Framleiðslustýring, opinber verðlagning og skráning á framleiðendaverði hafa stuðlað að jafnri stöðu mjólkurframleiðenda um land allt og tilsvarendi byggðafestu. Á sama tíma hefur búum fækkað verulega. Hópurinn telur að horfa verði á þessa þætti í samhengi. Verði einum þeirra raskað hefur hann áhrif á hina. Verði sem dæmi framleiðslustýring afnumin er örðugt að sjá hvernig föst verðlagning gangi til lengri tíma. Afnáam framleiðslustýringar gæti því haft áhrif á verð til bænda.“

Síðan segir um framhaldið ef haldið verði í kvótakerfið:

„Verði framleiðslustýringu viðhaldið þarf að endurskoða hvernig viðskiptum með greiðslumark skuli háttað og væri æskilegt að takmarka undanþáguheimildir. Í þeim efnum þarf að líta til mikilvægis nýliðunar í stéttinni. Langvarandi lokun á tilfærslu greiðslumarks er til þess fallið að skapa erfiðleika og mögulega hamla framþróun, sem meðal annars getur komið fram við sameiningu búa, búskaparlok vegna aldurs eða veikinda. Núverandi réttahafar eru líklegir til að halda að sér höndum þar sem þeir eru ekki sáttir við núverandi verðlagningu auk þess sem óvissa ríkir um framtíð kerfisins.“

Áhersla verði lögð á aukna framleiðni

Varðandi landbúnaðinn í heild telur hópurinn rétt að leggja áherslu á rannsóknir og þróun í landbúnaði sem miða að því að auka framleiðni og framleiðsluverðmæti í greininni. Hvatt verði til samstarfs starfandi

rannsóknastofnana og háskóla. Áhersla skal lögð á samstarf stjórnvalda og landbúnaðarins um rannsóknir og aðgerðir í loftslags- og umhverfismálum. Frekar verður fjallað um þessa þætti í skilum hópsins í umfjöllun um landbúnaðarstefnu og rannsóknir landbúnaðarins.

Frestir verði endurskoðaðir

Hópurinn leggur til að frestir við innleiðingu á nýjum aðbúnaðarreglum verði endurskoðaðir, þannig að framleiðendur

hafi eðlilegan tíma til að vinna að bætum aðbúnaði, án þess að slegið sé af kröfum varðandi velferð dýra. Reglurnar kalla á aukinn kostnað og fjárfestingar. Hröð innleiðing á breyttum aðbúnaði er verulega íþyngjandi fyrir framleiðendur. Mörg ágæt fjós eru í rekstri þar sem ábúendur eiga fá ár eftir af sínum búskap.

Fjárfestingur til að mæta auknum kröfum

„Mikil umbreyting hefur orðið í

aðbúnaði kúa. Almennt má segja að sá aðbúnaður sé góður. Bættur aðbúnaður, framfarir í fóðrun og ræktun kúastofnsins hafa aukið afurðir og þar með framleiðslu. Þá hafa breytingar undanfarinna ára skapað betri vinnuástandur bænda og létt þeim erfið. Mikilvægt er að fjárfestingarstuðningi sé úthlutað til að mæta þeim kröfum sem gerðar eru um bætta aðbúnað og að fjármunir séu nýttir í þau verkefni sem nauðsynlegt er að ráðast í.

Hópurinn leggur eindregið til

að við endurskoðun samnings um starfsskilyrði nautgriparæktarinnar verði mögulegt að gera tímabundna uppbyggingarsamninga til að hvetja til fjölbreyttari búskaparháttanna og framleiðslu. Horft verði til stofnstyrkja til að auðvelda uppbyggingu og fjárfestingu á því sviði. Þá er rétt að kanna möguleika til að ráðast í átaksverkefni í framleiðslu nautakjöts, svo sem kálfakjötsframleiðslu og framleiðslu á nautakjöti með hjarðeldi.“ segir m.a. í bréfi samráðshópsins. /HKr.



Bústólpi
FÓÐUR OG ÁBURÐUR

Kraftblanda

Inniheldur Effekt Midi Island steinefnablöndu.

Kraftblanda-30

30% fiskimjöl
Óerfðabreytt hráefni
Lífrænt selen

Kraftblanda-15

15% fiskimjöl
Óerfðabreytt hráefni
Lífrænt selen



embla

2019

NORRÆNU
MATARVERÐLAUNIN

Þekkir þú einhvern sem skarar fram úr í matvælageiranum?

Embluverðlaunin voru fyrst veitt í Kaupmannahöfn árið 2017. Þau eru norræn matarverðlaun sem er ætlað að hampa norrænni matarmenningu. Embluverðlaunin eru veitt á tveggja ára fresti en opnað var fyrir tilnefningar 1. mars.

Þann 1. júní verða verðlaunin afhent í Hörpu í Reykjavík í tengslum við norrænt kokkaping.

Á vefsíðunni emblafoodawards.com er tekið við tilnefningum í sjö flokka sem eru:



Hráefnisframleiðandi
Norðurlanda 2019



Norðurlandaverðlaun fyrir
mat fyrir marga 2019



Matvælafrumkvöðull
Norðurlanda 2019



Mataráfangastaður
Norðurlanda 2019



Matvælaíðnaðarmaður
Norðurlanda 2019



Norðurlandaverðlaun
fyrir mat fyrir börn og
ungmenni 2019



Matarblaðamaður
Norðurlanda 2019

Skráningarfrestur er til og með
31. mars 2019.

Það eru bændasamtök á Norðurlöndunum í samvinnu við Norrænu ráðherranefndina sem veita verðlaunin.



BONDALAG
FØROYA



Nordic Council
of Ministers

Allir geta tilnefnt í flokkana sjö með einföldum hætti á vefsíðunni
www.emblafoodawards.com

VORTILBOÐ

110
100x57 frá sökkli



130 cm sökkull
GRÁR - 298 þúsund
með lugt og vasa 368 þúsund

INNIFALIÐ :
FRÍR FLUTNINGUR
GRAFSKRIFT
UPPSETNING Á N-LANDI OG
HÖFUÐBORGARSVÆÐI

101
100x57 frá sökkli



150 cm sökkull
GRÁR - 298 þúsund
með lugt og vasa 368 þúsund

113
41x60 cm frá sökkli



66 cm sökkull
GRÁR - 149 þúsund

103
76x55 cm frá sökkli



120 cm sökkull
GRÁR - 245 þúsund
með lugt og vasa 325 þúsund

103M
68x47 cm frá sökkli



80 cm sökkull
GRÁR - 198 þúsund

**STEINSMÍÐJA
AKUREYRAR**

s: 466 2800 / 899 9370 sala@minnismarki.is minnismarki.is

ergo 

Heypyrla?

Við hjá Ergo erum engir sérfræðingar í heyverkun en við fjármögnum hins vegar heyþylur.

Við fjármögnum flest milli himins og jarðar.

.....
Kynntu þér möguleikana á ergo.is

TRYGGÐU FÓÐURGÆÐIN

Hágæða rúlluplast frá Trioplast;

Triowrap, Trioplus og TrioBaleCompressor

Litir í boði: Hvítt, grænt, svart, blátt og bleikt

VORTILBOÐ

15%

afsláttur af
rúlluplasti og neti
til 15. maí



Bústólpi

HJARTAÐ Í
ÍSLENSKUM LANDBÚNAÐI

Bústólpi ehf - fóður og áburður • Oddeyartanga • 600 Akureyri
bustolpi@bustolpi.is • Sími 460 3350 • www.bustolpi.is



Sýklalyf hafa verið notuð í stórum stíl sem vaxtarhvati og sem fyrirbyggjandi ráðstöfun í dýraeldi. Það er m.a. gefið í fóður og drykkjarvatn dýra á verksmiðjubúum. Þannig er hægt að halda dýrunum lífandi þrátt fyrir þrængslu nógu lengi til að þau komist í sláturhús og verði grunnurinn að „ódyru“ kjöti á borð neytenda. Fólkið sem veikist síðan af völdum ofurbaktería geldur svo í auknum mæli fyrir þann ódyra mat með lífi sínu, náttúran mengast og grunnvatn spillist.

(WHO) gaf út leiðbeiningar haustið 2017 sem hvetja bændur til að stöðva venjubundna notkun sýklalyfja í dýrum sem eru ekki veik.

WHO stofnunin, sem er hluti af stofnanakerfi Sameinuðu þjóðanna, er áhyggjufull yfir að ofnotkun sé að skapa ofursýkla (superbugs) – sem eru banvænar bakteríur sem eru ónæmar fyrir sýklalyfjum sem notuð eru til að meðhöndla sýkingar í mönnum.

WHO segir að mót efni gegn sýklalyfjum sé „eitt af stærstu ógnum við heilsu manna á heimsvísu, matvælaöryggi og alla þróun í dag. Það leiði til lengri sjúkráhusavistar, hærri lækningakostnaðar og fleiri dauðsfalla af sýkingum eins og lungnabólgu, berklum og salmonellu-eitrun.

Stofnunin hvetur bændur til að hætta að fæða heilbrigð dýr á fyrirbyggjandi og vaxtarhvetjandi hátt með lækisfræðilega mikilvægum sýklalyfjum. Þeir eigi aðeins að nota slík lyf til að meðhöndla sjúk dýr, ekki til að auka vöxt eða koma fyrirfram í veg fyrir mögulegar sýkingar. WHO segir einnig að bændur ættu aldrei að nota sýklalyf sem mest þörf er á til að meðhöndla fólk fyrir dýr.

Milljónir sýkjast árlega af ofursýklum

Í Bandaríkjunum leiðir ofnotkun sýklalyfja í matvælum til aukinnar myndunar ofursýkla sem veldur að minnsta kosti tveim milljónum sýkinga á ári sem erfitt er að meðhöndla og miklum fjölda dauðsfalla samkvæmt gögnum Centers for Disease Control and Prevention. Um það bil ein af hverjum fimm sýkingum af þessum toga stafar af bakteríum í mat og dýrum.

Börn eru næmari fyrir þessum sýkingum en fullorðnir. Börn 5 ára og yngri eru 9 prósent af íbúum heims og verða fyrir um 40 prósent af fæðubornum sjúkdómum.

Þrátt fyrir sannanir um sýkingar sem stafa af völdum ofnotkunar sýklalyfja hafa bandarísk yfirvöld ekki gefið út haldberar reglur eða skipanir um sýklalyfjanotkun í matvælaframleiðslu í matvælum. Þess í stað eru einungis gefin út tilmæli sem bændum er í sjálfs vald sett hvort þeir fari eftir eða ekki.

Leiðbeiningarnar leyfa áfram að notuð séu sýklalyf reglulega, m.a. í fóður hjá heilbrigðum dýrum.

Kalifornía gerir auknar kröfur til verslana um upplýsingagjöf

Kalifornía hefur verið leiðandi af ríkjum Bandaríkjanna í þessum málum. Árið 2015 samþykkti ríkið löggjöf um að banna notkun

lyfjafræðilega mikilvægra sýklalyfja á heilbrigðum dýrum sem alin eru upp í Kaliforníu. Þau má einungis nota ef dýralæknar hafa mælt fyrir um það. Í október 2017 gaf San Francisco-borg út reglur sem krefja stórar matvöruverslanir til að tilkynna hvernig sýklalyfjanotkun sé háttáð við framleiðslu á öllum vörum sem þar eru á boðstólum, þ.m.t. við framleiðslu á vörum frá öðrum ríkjum. Kjöt og önnur matvara verður samt ekki merkt sérstaklega í verslunum með tilliti til sýklalyfjameðferðar dýra eða grænmetis, heldur mun borgin gera slík gögn opinber á heimasíðu sinni.

Þetta hefur leitt til aukinnar meðvitundar neytenda um málið. Eru því æ fleiri matvælafyrirtæki farin að taka upp þá stefnu til að draga úr sýklalyfjameðferð við matvælaframleiðslu. Viðmiðunarreglur WHO gætu því ekki aðeins ýtt við bændum til að endurbæta starfshætti þeirra. Heldur einnig orðið til að hvetja fleiri fyrirtæki til að móta stefnu sem hjálpað getur fólki að verja sig gegn sýklalyfjaónæmum bakteríum.

Magnús Leópolddsson lögg. fasteignasali

FASTEIGNAMIDSTÖÐIN



Hlíðasmára 17, 201 Kópavogur - Sími 550 3000



Til sölu er garðyrkjustöðin Gróður ehf. Hrunamannahreppi.

Garðyrkjustöðin er um 4100 fermetrar undir gleri og öll lýst sem gerir kleift að rækta þar allan ársins hring. Einnig 200 fermetra þökkunarhús, innangengt úr gróðurhúsunum. Nýleg samvalsvog og kæliur eru í þökkunarhúsinu auk kaffistofu og starfsmannaáðstöðu. Að auki eru 5 plastgróðurhús sem samtals eru á milli 5-600 fm. í góðu ásigkomulagi. Í dag eru ræktaðar þrjár tegundir af tómötum í húsunum en þar hafa einnig verið ræktaðar paprikur og gúrkur. Ný MF dráttarvél og 12 tonna vagn auk tækja til útiræktunar fylgja stöðinni.



Frekari upplýsingar og myndir má nálgast á kynningarsíðunni

www.grodur.com



fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is - www.fasteignamidstodin.is
 María Magnúsdóttir hdl. lögg. fasteignasali - Sjöfn Ólafsdóttir lögg. fasteignasali

Bændablaðið
 á bbl.is og líka á [Facebook](https://www.facebook.com/bbl.is)

DEUTZ-FAHR Agrottron C-SHIFT

Klassísku og sívinsælu Agrottron dráttarvélar frá DEUTZ-FAHR eru af mörgum taldar einhverjar sterkustu og endingarbestu dráttarvélar sem völ er á í dag.

C-SHIFT útgáfan er þar engin undantekning. Hún er búin rafskiptingu á öllum gírurum. Engin eiginleg gírstöng og aldrei þarf að kúpla til þess að skipta um gír. Einstaklega mjúkar gírskiptingar. Þetta eru liprar og öflugar dráttarvélar sem henta vel við hvers kyns bústörf.

Fyrir þá sem staðfesta kaup á C-shift dráttarvél fram til loka apríl mánaðar bjóðum við sem kaupauka Sauter framlyftu og framaflyrtak.

Ríflegur kaupauki að andvirði 890.000 kr. án vsk.

- sívinsæl og klassísk dráttarvél

REYKJAVÍK: Krókháls 16 Sími 568-1500
 AKUREYRI: Baldursnes 8 Sími 568-1555
 Vefsíða og netverslun: www.thor.is

DEUTZ-FAHR Agrottron 6130.4 C-Shift 130 hö

DEUTZ-FAHR Agrottron 6150.4 C-Shift 150 hö

Geislar sólarinnar virkjaðir til eldunar

Bandaríski frumkvöðullinn Patrick Sherwin á og rekur fyrirtækið GoSun á kringum vörur sem hann hefur hannað og þróað sem nota eingöngu geisla frá sólu til ýmist að kæla niður matvæli nú og eða elda á sérstöku sólargrilli. Patrick, sem er sérfræðingur í sólarorku, byrjaði vörupróun í bílskúrnum heima hjá sér því hann hafði það markmið að hanna vörur þar sem fólk gæti eldað matinn sinn á umhverfisvænan hátt.

Fyrirtækið óx hratt og í dag hefur Patrick meðal annars fengið til liðs við sig unga hönnuði, verkfræðinga og hugmyndasmiði sem trúá á hugmyndafræði hans. Patrick segir að í dag eldi um þrjú milljarðar manna með óhreinum orkugjöfum eins og eldivið, mykju eða kolum og afleiðingar af því sé hátt hlutfall af öndunarfærastjóðum hjá fólki. Þar að auki leiði skortur til dæmis á eldivið oft til þess að fjölskyldur í sumum heimshlutum þurfa að eyða mörgum klukkustundum í að verða sér úti um og flytja hann á sínar heimaslóðir í vistkerfum sem séu nú þegar í hættu. Þurfi þessir sömu íbúar hins vegar að kaupa eldiviðinn þá er það ansi hátt hlutfall af heildarinnkomu fjölskyldunnar.

Margir kostir sólargrillsins

„Ég var búinn að eiga í basli með að taka í sundur vatnshitaretaki sem hitað er af sólinni þegar ég uppgötvaði að sennilega gæti ég upphitað hádegismatinn minn með vakúmrörinu sem lá við hliðina á mér. Þegar maturinn kom



Bandaríski frumkvöðullinn Patrick Sherwin, sem á og rekur fyrirtækið GoSun, ferðaðist um Bandaríkin í 40 daga í mars þar sem hann neytti eingöngu matar sem eldaður var með sólargeislum.



Spegill beinir sólarljósinu að sívalningi sem hitar matinn sem í honum er.



Á hverjum degi elda um 40 prósent jarðarbúa við opinn eld og ganga þar með á skóga heimsins en með GoSun-grillinu þarf einungis geisla sólar til að elda matinn.



heitur og grillaður út úr rörinu þá varð það opinberun fyrir mér,” segir Patrick, sem hafði í mörg ár unnið í þróunarlöndum við að aðstoða fólk að fá orku til sín á sem ódýrasta og einfaldasta hátt. Einnig starfaði hann sem sjálfboðaliði til að koma í veg fyrir orkufátækt á Haítí og í Suður-Ameríku.

Hugmynd Patrick's er að með sólargrillinu geti fólk eldað matinn

sinn án nokkurs jarðefnaeldsneytis, kola eða eldiviðar og að enginn skaðlegur reykur myndist við eldun með sólargrillinu en Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin áætla að um 4 milljónir manna deyi á hverju ári vegna öndunarfærastjóðna sem eru afleiðing af eldun með föstu eldsneyti. Sé grillið notað daglega getur það sparað um tvö tonn af losun gróðurhúsalofttegunda á ári hverju á hverja fjölskyldu. /ehg

Hyundai leggur aukna áherslu á vetnisknúin efnarafal:

Nýr Nexo vetnis-sportjeppi kemst 600 km á einni fyllingu

– Skilar engri kolefnismengun og aðeins vatni við efnahvörf á vetni

Meðan flestir bílaframleiðendur virðast leggja höfuðáherslu á að bjóða upp á rafbíl með endurhladanlegum lithiumion rafhlöðum sem valkost við bensín- og dísilbíl, þá leggur Hyundai nú aukna áherslu á vetnisknúna rafbíl. Hefur þýski bílaframleiðandinn Audi einnig tekið upp samvinnu við Hyundai um vetnisbílavæðinguna.

Nýr vetnisknúinn Hyundai Nexo sportjeppi er sagður komast 611 km eða 380 mílur á einni 6,3 kg samanþjappaðri vetnishleðslu. Í raun er um rafbíl að ræða sem fær raforkuna frá efnarafal í stað þess að nota rafgeyma. Við það vinnst tvennt. Annars vegar þarf ekki að bíða í langan tíma eftir að bíllinn hlaði inn á sig rafmagni því

það er framleitt með vetni sem er fljótlegt að dæla á tanka bílsins. Þá er auðveldara að útbúa bílinn til langrar keyrslu en rafmagnsbíl sem þarf stærri og mun þyngri rafhlöður til að komast langt.

Bíll sem drykkjufélagi

Engin mengun fylgir bruna á

vetni, því það breytist einfaldlega í vatn eins og það sem vetnið var upphaflega unnið úr. Einn dyggur lesandi Bændablaðsins sagðist binda miklar vonir við þróun vetnisbílanna og hlakkaði til að geta nýtt sér slík farartæki í framtíðinni. Þá gæti hann loks eignast bíl sem hann gæti drukkið með. Ekki sakaði að auðvelt væri að framleiða vetni hvar sem er, með afgangsráforku, vindmyllum, jarðgufu eða vatnsfallsorku.

Mikil drægni

Til að geyma vetnið í Nexo jeppanum eru þrjú tankar. Drægni hans er rúmlega 600 km sem er mun meiri en forvera hans Hyundai Tucson sem hefur m.a. verið á markaði í Suður-Kaliforníu. Þá er drægnin líka aðeins meiri en á Honda Clarity vetnisbílnum sem kemst 366 mílur, eða um 589 km á hleðslunni, og Toyota Mirai, sem kemst 312 mílur, eða 502 km á einni tankfyllingu. Tesla hefur heldur ekki tekist að slá Nexo út, en Tesla Model S 100D vetnisbílinn kemst „ekki nema“ 335 mílur, eða 539 km á tankhleðslunni.

Betri nýting á eldsneyti

Hyundai hefur tekist að ná talsvert betri nýtingu með nýjum efnarafal sem umbreytir vetninu í raforku. Hefur nýtingarstuðullinn á vetnisorkunni hækkað úr 55% í



Hyundai bindur miklar vonir við nýja Nexo-vetnis-sportjeppann. Mynd / Hyundai

60% sem samt vart er þó hægt að hrópa hurrá fyrir.

Hyundai hefur unnið að smíði vetnisorkukerfis síðan 1998, en fyrsta prufugerðin af slíkum bíl kom á götuna í Tucson bíl árið 2000. Nýja útgáfan af efnarafalnum er mun öflugri en fyrirrennarin, auk þess að vera minni, léttari og með betri orkunýtni. Þá getur hann unnið á mun víðara hitaári sem talið er gefa honum betri endingu. Þá er hægt að kaldstarta nýja vetnisbílnum í frosti allt niður í -22 gráðum, en kuldi hefur einmitt verið einn helsti Akkílesarhæll vetnisbíla en samt ekki eins mikill og rafhlöðuknúinna rafbíla.

Snerpan þolanleg

Efnarafallinn gefur 100 kílóvött en vetnisbílinn er þó ekki eins snarpur og hreinn rafbíl eins og Kona sportjeppinn sem kemst þó ekki „nema“ 415 km á einni raffyllingu. Þannig er Nexo vetnisjeppinn 9,2 sekúndur að komast úr 0 í 60 mílna hraða (96,6 km) á meðan Hyundai Kona rafbílinn er 7,6 sekúndur að ná sama hraða. /HKr

ÓMISSANDI Í SAUÐBURÐINN

Icevet
Dýraheilsa

LAMMBOOST OG FLORYBOOST eru fæðubótarefni sem verka styrkjandi og efla ónæmiskerfi unglamba. 100% náttúrulegar vörur sem löngu hafa sannað sig. Auðvelt í notkun, þarf ekki að blanda og kemur með íslenskum leiðbeiningum.



FLORYBOOST

Floryboost stuðlar að jafnvægi þarmaflórunnar og saltbúskap líkamans þegar meltingartruflanir gera vart við sig.

Verndar þarmana – Viðarkol og leir sem draga í sig eitrefni

Kemur jafnvægi á saltbúskap líkamans – Natríumklóríð, magnesíumklóríð, kalíumklóríð og fosfót

Eykur orku – Dextrósi

Styrkir erta slímhúð – Nauðsynlegar olíur unnar m.a. úr rósmarín, cajeput, tímóteí og thymol



LAMMBOOST

Lambboost er fæðubótarefni sem er auðugt af broddmjólk og næringarefnum og er sérstaklega hannað með þarfir lítilla og léttra lamba í huga.

Heilbrigð þarmaflóra – Mjólkursýrugerlar

Eflir ónæmiskerfið – Broddur

Órvandi – Jurtakraftur (kóla, gúarana)

Eykur líkamlegan styrk – Flókin samsetning vítamína og járn

Eykur orku – Nauðsynlegar fitusýrur, glúkósi, þriglyseríðar

Nánari upplýsingar hjá dýralæknum og umboðsaðila www.dyraheilsa.is





HVAMMSHÓLAR

ROTÞRÆR ÁN SITURLAGNA
SITURTANKUR Í STAÐ SITURLAGNA
SKOLPHREINSISTÖÐVAR

FYRIR:
HÓTEL
HEILSÁRSHÚS
SUMARHÚS

GRÆNT ALLA LEIÐ

SIGURÐUR VIGGÓ HALLDÓRSSON PÍPULAGNINGAMEISTARI ☎ +354 660 4085 ✉ SIGGI@HVAMMSHOLAR.IS



plettac
distribution

FRÁBÆR ÞJÓNUSTA - GÓÐ VERÐ
SALA OG LEIGA

Plettac vinnupallar
- Protekt fallvarnarbúnaður
Láttu öryggi og lausnir ráða ferðinni

VINNUPALLAR EHF
s. 618 8418 • vinnupallarehf@gmail.com

Bílskúrs- og iðnaðarhurðir



- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli

- Iðnaðarhurðir
- Iðnaðarhurðir með gönguhurð
- Bílskúrshurðir
- Hurðir í trékarma
- Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

VH HURÐIR

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is

Bændablaðið
Kemur næst út **11. apríl**

Skipulagsstofnun

Mat á umhverfisáhrifum
Athugun Skipulagsstofnunar

Allt að 6 MW virkjun í Þverá, Vopnafirði

Mannvit verkfræðistofa f.h. Þverárdals ehf., hefur tilkynnt til athugunar Skipulagsstofnunar frummatsskýrslu um 6 MW virkjun í Þverá, Vopnafirði.

Kynning á frummatsskýrslu: Tillaga að ofangreindri framkvæmd og skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hennar liggur frammi til kynningar frá 25. mars — 7. maí á eftirtöldum stöðum: Á bæjarskrifstofu Vopnafjarðarhrepps, í Þjóðarbókhúðunni og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan er aðgengileg á vef Skipulagsstofnunar www.skipulag.is.

Athugasemdafrestur: Allir geta kynnt sér frummatsskýrsluna og lagt fram athugasemdir. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en 7. maí 2019 til Skipulagsstofnunar, Borgartúni 7b, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á skipulag@skipulag.is.

Skipulagsstofnun

Husqvarna – Steinsagir, kjarnaborvélar, gólf- og vegsagir



HUSQVARNA FS 400 LV
Sögunardýpt 16,5 sm

HUSQVARNA K 770
Sögunardýpt 12,5 sm

HUSQVARNA K 3600 MK II
Sögunardýpt 27 sm

HUSQVARNA K 2500
Sögunardýpt 14,5 sm

HUSQVARNA DM 230

HUSQVARNA
Steinsagarblöð og kjarnaborar

MHG VERSLUN

ALLT FYRIR ATVINNUMANNINN

MHG Verslun ehf | Víkurharf 8 | 203 Kópavogi | Sími 544-4656 | www.mhg.is

Hrímnis hestakerrur

Hannaðar á Íslandi fyrir einstaka aksturseiginleika



www.hrimnir.shop
runar@hrimnir.shop
861-4000 / 897-9353

FÁANLEGAR FYRIR 3 TIL 6 HESTA

HRÍMNIR

Hótelrúmföt og handklæði fyrir ferðapjónustuna



Allt lín fyrir:

Hótelið • Gistiheimilið • Bændagistinguna
Airbnb • Veitingasalinn • Heilsulindina
Þvottahúsið • Sérverslunina

Starfsmannafatnaður
fyrir hótél og veitingahús

Eigum allt fyrir:

- Þjóninn
- Þernuna
- Kokkinn
- Víkapiltinn
- Gestamóttökuna
- Hótelstjórnandann

86
ára

EDDA
HEILDVERSLUN

Höfðabakka 9, 110 Reykjavík | sími 561 9200 | eddaehf@eddaehf.is | www.eddaehf.is

PÁSKATILBOÐ



20% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM
INNRETTINGUM
TIL PÁSKA

Friform

Friform ehf.
Askalind 3,
201 Kópavogur.
562-1500
Friform.is

Selen ásamt E-, A- og D-vítamín
á fljótandi formi, hentar vel fyrir ær
og gimbrar fyrir sauðburð



- Mjög hátt hlutfall af vítamínunum og seleni
- Tilvalið að gefa fyrir burð
- Hefur eflandi áhrif á ónæmiskerfið
- Getur minnkað líkur á dauðfæddum lömbum
- Auðvelt að gefa um munn

Flaskan kostar 5.490kr
og dugur í 125 ær!



Egilsþoli 1
310 Borgarnesi
Verslun opin 8-18 virka daga
10-14 laugardaga, sími: 430-5500

Sjá nánar:
www.kb.is



MouseShield músakítti

Lokar sprungum, rifum og götum
til að hindra umferð nagdýra
og skordýra



Söluastaðir


Bústólpi
Fóðurblandan
Kaupfélag Borgfirðinga
Kaupfélag Vestur-Húnavetninga
Verslunin Eyri
Vélaval

STREYMI
heildverslun

Streymi heildverslun ehf.
Goðanesi 4
603 Akureyri

S 588 2544
N streymi@streymi.is
V www.streymi.is

Lely Center Ísland



6,500 - 9,500
11,000 - 13,500 lítra

HAUGSUGU- DÆLUR

HAUGSUGUHLUTIR
VARAHLUTIR



Reykjavík: Krókháls 5F - Sími 414 0000 - www.vbl.is
Akureyri: Óðinsnes 2 - Sími 464 8600

ÍSTEKA

SELDU HRYSSUR TIL LÍFS

Hrossabændur
óska eftir hryssum

Mega vera þriggja til fimmtán vetra

Enn hækkað verð!

Greiðum nú **35.000 kr. án vsk.** fyrir hryssuna.

Sækjum frítt á Suður-, Vestur- og Norðurland.

Upplýsingar: hryssa@isteka.com eða í síma **581 4138**.

Geymið auglýsinguna!

Hryssur eru greiddar eftir reikningi og eftir umskráningu
í WorldFeng.

Ráðstefna haldin í tengslum við ársfund Bændasamtaka Íslands á Hótel Örk í Hveragerði:

Sérstaða íslensks landbúnaðar og ógnirnar við hann

Ársfundur Bændasamtaka Íslands var haldinn föstudaginn 15. mars á Hótel Örk í Hveragerði. Fyrir hádegi voru hefðbundin aðalfundarstörf ársfundarins, en ráðstefnuhald eftir hádegi. Um kvöldið var svo bændahátíð. Fyrir kaffi var fjallað um sérstöðu íslensks landbúnaðar og þær ógnir sem stöðja að honum.

Guðrún Sigríður Tryggvadóttir, formaður Bændasamtaka Íslands, setti ráðstefnuna, sem haldin var undir yfirskriftinni Hver er sérstaða íslensks landbúnaðar? Í setningarræðunni gerði Guðrún frumvarp sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra meðal annars að umræðuefni, en það heimilar innflutning á hráu og ófrystu kjöti, hráum eggjum, ógerilsneyddri mjólk og mjólkurafurðum. Sagði hún afar mikilvægt að Ísland varðveiti sérstöðu sína varðandi eigin matvælaframleiðslu og nýti sóknarfærin sem þessi staða gefi til að bæta hag bændna.

Guðrún sagði að bændur telji að sér stafi ógn af innflutningi eins og frumvarp ráðherra gerir ráð fyrir og engin skynsamleg rök mæli með því að fórn þeirri frábæru stöðu sem Ísland byggir við í dag, hvað varðar hreinleika íslenskra landbúnaðarafurða. Hún sagði að sjónarmiðin sem virðast ráða för snúi að viðskiptahagsmunum og viðskiptafrelsi. Umræðan undanfarna daga sýni að almenningi standi ekki á sama um íslenskan landbúnað. Nýleg skoðanakönnun sýni til að mynda að 58 prósent aðspurðra vilja halda áfram í það fyrirkomulag sem verið hefur með innflutning á hráu kjöti.

Matvælalöggjöf ESB ekki tekið nauðsynlegum breytingum

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra ávarpaði ráðstefnugesti eftir setningarræðu Guðrúnar. Hún ræddi svoltið um nýja matvælastefnu sem er í burðarliðnum, loftslagsmálin og vandamál tengd matvælasöun og vék svo talinu aðeins að innflutningsfrumvarpi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Sagði hún að óhjákvæmilegt hafi verið að breyta lögum hér á landi í samræmi við dóm EFTA-dómstólsins, um það meðal annars að óheimilt væri að setja skilyrði um að innflutt hrátt kjöt væri fryst. Það væri þó hennar skoðun að matvælalöggjöf Evrópusambandsins hefði ekki tekið nauðsynlegum breytingum. Katrín sagði að löggjöfin grundvallast fyrst og fremst á viðskiptahagsmunum, meðal annars þess að hægt væri að fletja vörur og þjónustu frjálst yfir landamæri innan Evrópska efnahagssvæðisins. Hún hefði hins vegar ekki tekið nauðsynlegum breytingum; að hún taki tillit til dýraheilbrigðis,



Guðrún Sigríður Tryggvadóttir, formaður Bændasamtaka Íslands, setur ráðstefnuna Hver er sérstaða íslensks landbúnaðar? Mynd / smh



Katrín Jakobsdóttir telur að matvælalöggjöf Evrópusambandsins hafi ekki tekið nauðsynlegum breytingum. Mynd / smh

sýklalyfjaónæmis, matvælaöryggis og fæðuöryggis.

Íslensk stjórnvöld hafi komið þessum sjónarmiðum á framfæri við embættismenn Evrópusambandsins; að óásættanlegt væri að ekki sé tekið tillit til þessara þátta gagnvart Íslandi.

Viðbragð íslenskra stjórnvalda við dómmum væri meðal annars að setja í gang aðgerðaráttun um sýklalyfjaónæmi, auk þess sem varnir verði reistar gagnvart kampýlóbakter og salmonellu.

Einstök staða íslensks landbúnaðar

Það var vel við hæfi að Karl G. Kristinsson, prófessor í sýklafræði við Landspítalann, fylgdi í kjölfar forsætisráðherra með sitt erindi þar sem hann ræddi um einstaka stöðu íslensks landbúnaðar hvað varðar smitsjúkdóma og sýklalyfjaónæmi. Karl sagði að sérstaða Íslands fælist í landfræðilegri stöðu og þeirri staðreynd að íslenskir bústofnar

hafi nánast verið einangraðir í nær þúsund ár. Því finnst mun færri smitsjúkdómar í íslensku búfé en annars staðar. Þessi góða staða geri hins vegar stofnana viðkvæma fyrir smíu erlendis frá.

Afar lág smittöni súnusjúkdóma hér

Kostir hinnar góðu stöðu séu hins vegar þeir að færri innlagnir fólks eru á sjúkrahús vegna svokallaðra súnusjúkdóma, sem smitast náttúrulega á milli manna og dýra, auk þess sem hér sé lágt hlutfall sýklalyfjaónæmra baktería í dýrum og mönnum. Margir súnusjúkdómanna fyrirfinnst einfaldlega ekki hér á landi en nýgengi smita, þeirra fáu slíkra sjúkdóma sem hér finnast (kampýlóbakter og salmonella til dæmis), sé lágt miðað við annars staðar í Evrópu. Nýjasta skýrsla Evrópusambandsins um stöðu mála – sem er frá 2017 – sýni þetta. Frystiskýlda á innflutta hráa kjúklinga með kampýlóbactersmit sem komið var á í maí 2000 hafi haft mikið um það að segja að svo lágt nýgengi þessara smita sé hér á landi – og raunar sé tíðnin lægst hér á landi í Evrópu. Hið sama gildi um salmonellusmit.

Karl ræddi einnig um aðsteðjandi hættur frá öðrum dýrasjúkdómum sem breiðast út um Evrópu; afrísk svinapest, gin- og klaufaveiki og mæðuveiki geti borist með ýmsum leiðum eins og til dæmis landbúnaðaráhöldum, -tækjum og -verkfærum, ekki síður en með matvælum.

Sýklalyfjaónæmi mesta ógnin við lýðheilsu

Næst talaði Karl um sýklalyfjaónæmi. Hann sagði að Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) hefði gefið það út í maí 2015 að sýklalyfjaónæmi væri mesta



Karl G. Kristinsson ræddi um þær ógnir sem felast í auknum innflutningi á landbúnaðarvörum gagnvart íslenskum landbúnaði og lýðheilsu á Íslandi. Mynd / HKr.

ógnin við lýðheilsu í heiminum. Vandamálið snúist ekki einungis um að ekki verði til sýklalyf til að vinna á alvarlegum sýkingum heldur líka til forvarna; til dæmis í skurðaðgerðum og í krabbameinsmeðferðum.


Orsökinn fyrir þessari þróun segir Karl óhóflega sýklalyfjanotkun; bæði til lækninga á sýkingum í fólki en einnig í landbúnaði þar sem búfé er gefið sýklalyf með föðri; sem forvörn og til vaxtarörvunar. Sýklalyfjaónæmi geti borist með matvælum til Íslands frá löndum þar sem umhverfi sé mengað og mikil sýklalyfjanotkun er í landbúnaði. Skortur sé á rannsóknum á þessum málum en líklegt sé að áhættan sé mest tengd innflutningi á salati og öðru fersku grænmeti, kjúklingum og öðrum alifuglum og svínakjöti. Aukinn innflutningur á landbúnaðarvörum muni auka líkur á því að nær alónæmar bakteríur nái hér fötfestu og að nýir búfjárjúkdómar berist til landsins.

Karl sagði að lokum að vekja þyrfti bændur, dýraeigendur og allan almenning til umhugsunar um hvort og hvernig við vildum varðveita sérstöðu okkar.

Útskýra þarf hugtök og upplýsa um rétt

Eiríkur Már Guðleifsson, viðskiptastjóri á auglýsingastofunni Hvíta húsinu, var næstur á mælendaskrá ráðstefnunnar. Yfirskrift hans erindis var Hvernig tölum við um lýðheilsu og matvælaframleiðslu? Hann sagði að Bændasamtökin og samstarfsaðilar hafi leitað eftir samstarfi við Hvíta húsið um hvernig kynna mætti almenningi á fræðandi hátt, möguleg áhrif af frumvarpi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra sem felur meðal annars í sér afnám frystiskýldu á hráu kjöti sem flutt er til landsins.

Eiríkur sagði þetta vera flókin mál og það skipti máli hvernig þau



Eiríkur Már Guðleifsson, viðskiptastjóri á auglýsingastofunni Hvíta húsinu, fjallaði um hvernig talað væri um lýðheilsu og matvælaframleiðslu í samfélaginu. Mynd / HKr.

sé sett fram til að fólk einfaldlega skilji þau. Útskýra þurfi hugtök og heiti umræðunnar auk þess sem upplýsa þurfi neytendum um rétt þeirra til upplýsinga um merkingar búvára, framleiðslu þeirra og uppruna. Gefa þurfi neytendum valdið.

Verkefnið snúist þó ekki síst um að tala um sérstöðu Íslands og hvernig við höfum skapað okkur þá stöðu.

Eiríkur sagði að við skoðun komi í ljós að 67 prósent neytenda vilji vita um allt sem sé í matnum þeirra. Þá athugi 84 prósent neytenda hvaðan vörur eru upprunnar, annaðhvort alltaf eða oftast og 68 prósent neytenda fannst uppruni vara skipta mjög eða nokkuð miklu máli þegar ákvörðun er tekin um kaup á henni. Af þessu megi sjá að neytendum hugsi um þessi mál nú þegar og því sé mikilvægt að umræðan sé fræðandi og talað sé um stöðuna eins og hún er í raun og veru. Nýleg könnun hafi leitt í ljós að 57 prósent landsmanna vilji viðhalda frystiskýldunni, en einungis 18 prósent aflétta henni. Eiríkur benti á að með því að taka þessa afstöðu kynni fólk að vera um leið að taka afstöðu um önnur skyld mál; frystiskýldan kynni þannig að tákna matvælaöryggi, vera tákn um stífar reglur um innflutning matvæla og að setja eigi lýðheilsu og matvælaöryggi ofar viðskiptahagsmunum.

Mikilvægt væri að ná til þess fólks sem hafi annaðhvort ekki myndað sér skoðun um málið eða fólks sem ekki hefur kynnt sér málið sérstaklega vel.

/smh
Sjá frekari umfjallanir um ráðstefnuna á blaðsíðu 28.



Ráðstefnugestir á Hótel Örk.



Myndir / smh

Auglýsingasíminn er:
563 0300

Eldri blöð má finna hér á PDF:



Bændablaðið

HÁGÆÐA VATTERAÐUR JAKKI ELKA

- Blátt fóður
- Tveir hliðarvasar með rennilásum
- Vindhlíf á bak við rennilás
- Stroff á ermum
- Innri vasi með rennilás
- Innri vasi með smellu fyrir litla spjaldtölvu
- Flís á innanverðum kraga
- Teygja í mitti

Efni: 100% pólýamíð
Litir: Svartur
Stærðir: XS-3XL

Tilboð!
Gildir meðan birgðir endast

106000 - Vatteraður jakki **kr. 6.900,-**

2 líta jakki
Burðapoki fyrir jakka

KH VINNUFÖT

KH Vinnuföt • Nethyl 2a • 110 Reykjavík • Sími: 577 1000 • info@khvinnufot.is • www.khvinnufot.is

ChitoClear

Íslenskt hugvít, hráefni & framleiðsla

Íslenskt sárasprey fyrir öll dýr, stór og smá

Fæst hjá dýralæknum og í hesta- og búvöruverslunum um allt land

- Mjög græðandi og bakteríudrepandi
- Hefur reynst vel við hnjóskum á hrossum
- Myndar filmu og verndar sár
- Dregur úr blæðingu

primex
www.primex.is
s. 460 6900

NTSKÖPUNARVERLAUN ÍSLANDS

Ert þú ferðafær?

Toyota Land Cruiser 150 sameinar betur en flestir bílar eiginleika rúmgóðs fjölskyldubíls og dugandi fjallabíls. Með AT33 lausninni getur Arctic Trucks gert bílinn þinn að öflugum ferðabíl sem opnar þér nýja möguleika til ferðalaga og veitir þér tækifæri til að njóta íslenskrar náttúru á þægilegri máta. Ekki skemmir fyrir að bíllinn verður bæði glæsilegri og kraftalegri útlits!

Arctic Trucks býður einnig stærri lausnir fyrir Land Cruiser 150, svo sem AT35, AT38 og AT44. Nánar á www.arctictrucks.is.

ARCTIC TRUCKS ÍSLAND EHF. SÍMI: 540 4900
KLETTHÁLSI 3 NETFANG: info@arctictrucks.is
110 REYKJAVÍK www.arctictrucks.is

GAS LYKKJUBYSSA

Hentar einkar vel fyrir girðingavinnu og aðrar framkvæmdir

Frekari upplýsingar má sjá á S-J.IS

SKÚLASON & JÓNSSON
SKÚTUVÖGI 6 · 104 REYKJAVÍK · SÍMI 568 6544

Vegna aukinnar eftirspurnar óskum við eftir bújörðum á söluskrá

Vinsamlega hafið samband við Björgvin Guðjónsson, búfræðing og löggiltan fasteignasala í síma 510-3500 og 615-1020 eða á netfangið bjorgvin@eignatorg.is

Eignatorg
Skiptaholt 50b, 105 Reykjavík

Lely Center Ísland

VARAHLUTIR Í DRÁTTARVÉLAR

Case IH

Steyr

Zetor

Deutz Fahr

Útvegum varahluti í gömlu vélarnar

IMT

New Holland

Fiat

John Deere

Reykjavík Krókháls 5f – Sími 414 0000 // Akureyri Óðinsnes 2 – Sími 464 8600 – vbl.is



Myndir / HKR.

vinsælasta þrjónagarnið sé ódýrast í verslunum.

Gríðarlegu magni hliðarafurða hent

Hulda segir að í nóvember síðastliðnum hafi Icelandic lamb veitt þeim viðurkenningu fyrir framúrskarandi verkefni á sviði ullarvinnslu og handverks, en mánuði síðar hafi sú deild innan Icelandic lamb verið lögð niður – sem væri slæmt fyrir þessa grein. Hulda sagði að hliðarafurðir geti vel skilað sínu inn í sauðfjárbúskapinn og nefndi starfseminu í kringum Uppsuna sem dæmi um það – hún ætti að geta veitt innblástur til betri verka. Icelandic lamb hafi skilað öflugum starfi til að efla kjötsölu í landinu; kynningarstarf til útlendinga hafi skilað heilmiklu og neysla innanlands hafi staðið í stað. Það væri góður árangur samanborið við útlönd, þar sem kindakjötsneysla hafi víðast hvar dregist saman. Icelandic lamb hafi líka skilað góðu starfi varðandi handverk og ull og þess vegna harmi hún að sá hluti verkefnisins hafi verið lagður niður. Á þeim tímum þar sem allt snýst um umhverfisvernd og það að minnka sóun, sé hér á Íslandi stunduð kjötframleiðsla þar sem gríðarlegu magni hliðarafurða sé sóað. Markaðir fyrir innmat

og gærur hafi þrengst og lokast með þeim afleiðingum að beinum, gærum og innmat sé hent. Það sé heilmikil þyngd í þessu sem þarf að fara með á haugana með tilheyrandi kostnaði fyrir afurðastöðvarnar sem legðist síðan ofan á sláturkostnað bænda.

Milliliðalaus viðskipti framleiðenda og neytenda

Oddný Anna Björnsdóttir, verktafi hjá Matarauði Íslands, var síðust á mælendaskrá ráðstefnunnar og kynnti fyrirbærið REKO sem rekið er í gegnum Facebook-síður. REKO er sænsk skammtstöfun og stendur fyrir sjálfbæra og heiðarlega viðskiptahætti en hugmyndafræðin er finnsk og er notuð á Norðurlöndunum, Ítalíu og í Suður-Afríku. Bændur, heimavinnsluaðilar og smáframleiðendur tengjast neytendum og veitingamönnum í gegnum tiltekna Facebook-síður, sem eru flokkaðar svæðisbundið.

Í aðalatriðum virkar REKO þannig, samkvæmt Oddnýju, að framleiðendur stofna hóp á Facebook og bjóða neytendum og veitingamönnum í hópinn. Stjórnendur hvers hóps búa til viðburð fyrir hverja afhendingu á vörum og þeir framleiðendur sem vilja taka þátt í þeim viðburði setja inn færslu í viðburðinn þar sem þeir tiltaka hvaða vörur þeir hafi að bjóða og hvað þær kosti. Síðan bjóða þeir á viðburðinn og honum er deilt á milli fólks til auglýsa hann upp.

Kaupendur panta svo með því að skrifa athugasemdir undir vídeigandi færslu inni í viðburðinum. Framleiðendurnir senda þeim sem panta hjá þeim greiðsluupplýsingar og hvað pöntunin kostar og kaupendur greiða rafrænt fyrir pöntunina fyrir afhendinguna.

Á afhendingardeginum mæta framleiðendur með vörurnar á



Oddný Anna Björnsdóttir, útskýrði fyrirbærið REKO.

afhendingarstaðinn á tilgreindum tíma og afhenda kaupendum.

REKO-hópar eru nú reknir í tengslum við sjö landsvæði; Reykjavík/höfuðborgarsvæðið, Vesturland, sunnanverða Vestfirði, norðanverða Vestfirði, Norðurland, Austurland og Suðurland og hafa afhendingar átt sér stað í öllum þessum hópum nema á norðanverðum Vestfjörðum.

Hagkvæm og skilvirk viðskipti

Að sögn Oddnýjar eru markmið REKO að gera viðskipti með matvæli úr héraði, sem ekki eru í almennri dreifingu í matvöruverslunum, hagkvæm og skilvirk – og efla nærsamfélagsneyslu. Markmiðin eru einnig að gera matarhandverki og heimavinnslu hærra undir höfði, stuðla að aukinni nýsköpun á sviði matvæla um land allt, auka framlegð í gegnum milliliðalaus viðskipti, draga úr matarsóun með leiðum til að selja útlitsgallaðar vörur, gefa neytendum tækifæri til að þekkja sinn bónda og sinn mat og styrkja tengslanet bænda, heimavinnsluaðila og smáframleiðenda. /smh

Föndurlist
Vaxandi

Myndlistavörur
Föndur - Netverslun
Námskeið

Föndurlist - Strandgötu 75, 220 Hafnarfirði
s. 553 1800 - www.fondurlist.is

Lely Center Ísland HAUGHRAERUR

Reykjavík: Krókháls 5F - Sími 414 0000 - www.vbl.is
Akureyri: Óðinsnes 2 - Sími 464 8600

EYJALIND Varahlutir í VOLVO

- Vinnuvélar
- Vörubílar
- Rútur

Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Vantar þig veggi?

Stiltu þeim upp eftir eigin höfði með vegggleðslusteinum

Vegggleðslusteinar frá BM Vallá eru sterkir og stöðugir og bjóða upp á fjölbreytta notkun. Þeir eru fljótlegir í uppsetningu, hægt er að raða þeim upp að vild og þú losnar við uppslátt og steypu.

Steinarnir henta vel einir og sér, eða með öðrum byggingarefnum, til dæmis í skjólveggi, skilrúm ýmiskonar eða geymslu fyrir vélar, hey, jarðveg og margt fleira.



Hafðu samband!
Sölumenn okkar aðstoða með ánægju
í síma 412 5050 eða á sala@bmvalla.is



BM·VALLÁ
bmvalla.is

Teiknisamkeppni 4. bekkinga vegna Alþjóðlega skólamjólkurdagsins:

Tólf grunnskólanemar frá tíu skólum hlutu verðlaun

– myndefnið tengdist mjólk, hreyfingu og heilbrigði

Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra tók á dögnum þátt í vali á verðlaunamyndum í teiknisamkeppni 4. bekkinga sem haldin er í tengslum við Alþjóðlega skólamjólkurdaginn ár hvert. Keppnin hefur notið mikilla vinsælda síðustu ár, bæði meðal grunnskólanema og skólastjórnenda, og úrslitanna alltaf beðið með mikilli eftirvæntingu.

Að mati Lilju skipta keppnir á borð við þessa miklu máli fyrir skólastarfið, þær hvetja nemendur í að leggja sig fram, brjóta upp hefðbundið skólastarf og efla liðsandann.

Líkt og undanfarin ár var þátttakan í keppninni einstaklega góð en rúmlega 1.400 myndir bárust frá 70 skólum alls staðar að af landinu.

Tólf myndir frá tíu skólum voru valdar úr þessum mikla fjölda og hafa skólastjórnendur í viðkomandi skólum fengið gleðifréttirnar.

Verðlaunahöfum eru veitt viðurkenningarskjöl fyrir teikningar sínar og til viðbótar er hver mynd verðlaunuð með 40.000 kr. peningagjöf frá Mjólkursamsölunni, sem rennur óskipt í bekkjarsjóð viðkomandi.

Nemendur viðkomandi bekkjar eða árgangs geta svo nýtt þá upphæð í að gera sér glaðan dag og efla liðsheild í samvinnu og samráði við umsjónarkennara.


„Myndefni keppinnar er alltaf frjálst en má gjarnan tengjast mjólk, hreyfingu og heilbrigði og er virkilega gaman að sjá hvernig nemendur útfæra hugmyndir sínar á ólíkan hátt. Vinsælast er að teikna kýr í öllum mögulegum útfærslum, en jafnframt sjáum við margar teikningar með mjólkurfernum og flutningabílum,“ segir Gréta Björg Jakobsdóttir, markaðsfulltrúi MS og einn af fulltrúum í dómnefnd keppinnar.

Verðlaunahafar í teiknisamkeppni 4. bekkinga skólaárið 2018–2019 eru:

Árni Ragnar Oddsson, Gerðaskóli, Garði
Bjartey Ósk Sæþórsdóttir, Grunnskóli Vestmannaeyja, Hamarsskóli
Bæring Breiðfjörð Magnússon, Grunnskólinn Stykkishólmi
Hannibal Máni Kristínarson Guðmundsson, Árbæjarskóli, Reykjavík
Hrund Helgadóttir, Myllubakkaskóli, Reykjanesbæ
Ingibjörg Magnúsdóttir, Lækjarskóli, Hafnarfirði
Keara Ísabel Bayawa, Fellaskóli, Reykjavík
Laufey Rökkvadóttir, Snælandsskóli, Kópavogi
Milana Navickaite, Fellaskóli, Reykjavík
Sigrún Eva Arnarsdóttir, Breiðholtsskóli, Reykjavík



Mynd: Árni Ragnar Oddsson, Gerðaskóli Garði.



Mynd: Bjartey Ósk Sæþórsdóttir, Grunnskóli Vestmannaeyja.



Mynd: Milana Navickaite, Fellaskóli, Reykjavík.

Thelma Kristín Kristinsdóttir, Gerðaskóli, Garði
Tristan Ásgeir Símonarson, Varmárskóli, Mosfellsbæ

Dómnefndin þakkar nemendum 4. bekkjar kærlega fyrir þátttökuna og óskar vinningshöfum og skólunum þeirra innilega til hamingju.




Dómnefnd skipuð fulltrúum MS og mennta- og menningarmálaráðherra með tíu af tólf verðlaunamyndum í ár. Frá vinstri, Steinunn Þórhallsdóttir, Ásgerður Höskuldsdóttir, Lilja Alfreðsdóttir og Gréta Björg Jakobsdóttir.



Mynd: Keara Ísabel Bayawa, Fellaskóli, Reykjavík.



Mynd: Ingibjörg Magnúsdóttir, Lækjarskóli, Hafnarfirði.



Mynd: Bæring Breiðfjörð, Grunnskólanum Stykkishólmi.



Mynd: Laufey Rökkvadóttir, Snælandsskóli, Kópavogi.



Mynd: Hrund Helgadóttir, Myllubakkaskóli, Reykjanesbæ.



Mynd: Tristan Ásgeir Símonarson, Varmárskóli, Mosfellsbæ.



Mynd: Sigrún Eva Arnarsdóttir, Breiðholtsskóli, Reykjavík.



Mynd: Hannibal Máni Kristínarson Guðmundsson, Árbæjarskóli, Rvk.



Mynd: Thelma Kristín Kristinsdóttir, Gerðaskóli, Garði.

Bændablaðið

Dreift í 32 þúsund eintökum á yfir 420 dreifingarstaði og öll lögbýli á Íslandi

Kemur næst út

11. apríl



Fulltrúar kvenfélaganna þriggja ásamt fulltrúum sjúkraflutningamanna þegar gjafabréfið var afhent formlega. Önnur dúkkan, sem hefur þann eiginleika að geta talað, liggur í börinni. Mynd / Magnús Hlynur Hreiðarsson.

Kvenfélögin í Flóahreppi:

Gáfu tvær milljónir króna til sjúkraflutninga HSU

Fulltrúar kvenfélaganna í Hraungerðishreppi, Villingaholts-hreppi og Gaulverjabæjarhreppi, sem er allt félag í Flóahreppi, komu færandi hendi í Björgunarmiðstöðina á Selfossi á dögnum. Þar voru sjúkraflutningamönnum

Heilbrigðisstofnunar Suðurlands færðar gjafir að andvirði tvær milljónir króna. Peningarnir söfnuðust á basar kvenfélaganna í haust. Tvær kennsludúkkur í skyndihjálpu voru keyptar, auk barkaspeglismyndavéla

í þrjá sjúkrahúsa. Sjúkraflutningamennirnir áttu ekki orð yfir þessari veglegu peningagjöf og þökkðu vel fyrir sig á sama tíma og kvenfélagskonurnar fengu að sjá gjafirnar sem keyptar voru fyrir peningana. /MHH



Greinakurlari

15hp bensínmotor fyrir allt að 100mm greinar.

Bensínhjólborur

B&S 7.5 hp motor með drifi á öllum.

Einnig fyrirleggjandi járn girðingastaurar og 6 strengja net á góðu verði.

Vír og lykklur ehf
s. 772-3200
viroglykkjur.is



Mótorar og varahlutir á lager
Hröð og góð þjónusta
Dreifingaraðili BRIGGS & STRATTON
á ÍSLANDI

MHG Verslun ehf | Víkurhvarf 8 | 203 Kópavogi
Sími 544-4656 | www.mhg.is

PIONER PLASTBÁTAR

Pioner eru heilsteypdir, norskir plastbátar, sterkir, léttir og liprir sem þurfa lítið viðhald og endast lengi. Þeir fást í nokkrum stærðum og litum en allir Pioneer bátar eru með tvöfaldan byrðing, þola hitabreytingar vel og henta vel fyrir íslenskar aðstæður, jafnt í ferskvatni og sjó.

Í Pioneer bátana fást aukahlutir eins og handrið að framan og púðar í sæti. Það fer eftir gerð hvaða aukahluti er hægt að fá.

ISO-vottað með tilliti til gæða og umhverfis.



Starfsmaður á héraðssetrið á Sauðárkróki

Landgræðslan

Landgræðslan óskar eftir að ráða héraðsfulltrúa með aðalstarfssvæði á Norðurlandi vestra. Starfsstöð er á héraðssetri Landgræðslunnar á Sauðárkróki. Héraðsfulltrúinn vinnur að jarðvegs- og gróðurvernd og uppbyggingu vistkerfa m.a. með því að stuðla að sjálfbærri nýtingu þeirra. Starfsmaðurinn þarf að vera tilbúinn til að taka þátt í þróun starfsins og breytingum sem kunna að verða á starfinu og vinnustaðnum.

Landgræðslan er þekkingar- og þjónustustofnun. Markmið hennar eru verndun gróðurs og jarðvegs og bætt landgæði. Stofnunin starfar samkvæmt lögum um landgræðslu nr. 155/2018.

Starfs- og ábyrgðarsvið

- Öflun og skráning upplýsinga, ráðgjöf og eftirlit með verkefnum í Bændur græða landið, Landbótasjóði Landgræðslunnar og öðrum landgræðsluverkefnum
- Áætlanagerð og umsjón landgræðsluverkefna á starfssvæðinu
- Vinna við verkefni um endurheimt votlendis
- Vöktun á ástandi gróðurs og jarðvegs og fylgjast með að lögum um landgræðslu sé framfylgt
- Aðstoð við gerð beitar- og uppgæðsluáætlana fyrir einstakar bújarðir og stærri svæði
- Skráning landgræðsluáðgerða og eftirlit með árangri þeirra
- Fræðsla og ráðgjöf til sveitarstjórna, landnotenda, skóla og almennings

Menntun og hæfni

- Krafist er BSc-prófs í náttúruvísindum, t.d. landnýtingu, beitarfræðum eða umhverfisfræðum
- Almenn þekking eða reynsla af landbúnaði og gott landlæsi er kostur
- Skipulagshæfni, sjálfstæði, sveigjanleiki og góð samstarfshæfni
- Góð kunnátta í notkun tölvu og upplýsingatækni
- Gott vald á íslensku, talaðri og ritaðri
- Þekking og reynsla af landgræðslustarfi er kostur
- Þekking og reynsla af notkun landupplýsingakerfa er kostur

Um er að ræða 100% stöðu. Megin starfssvæðið er Norðurland vestra og starfinu geta fylgt talsverð ferðalög. Starfið hentar bæði konum og körlum. Æskilegt er að starfsmaður geti hafið störf 1. júní. Laun eru skv. kjarasamningi ríkisins og Félags íslenskra náttúrufræðinga (FÍN). Nánari upplýsingar um starfið veita, Árni Bragason landgræðslustjóri arni.bragason@land.is, Gústav M. Ásbjörnsson sviðsstjóri gustav@land.is, Bjarni Maronsson héraðsfulltrúi bjarni@land.is og Sigurbjörg B. Ólafsdóttir starfsmannastjóri sigurbjorg@land.is.

Umsókn skal fylla út rafrænt á vef Starfators eða vef Landgræðslunnar, land.is. Ferilskrá og afrit af prófskráteini skal fylgja. Öllum umsóknum verður svarað þegar ráðning liggur fyrir.

Umsóknarfrestur er til og með 3. apríl 2019.

Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300
Næsta blað kemur út **11. apríl**

GÓLF Í GRIPAHÚS



50 ÁRA
REYNSLA

Swaansbeton hefur í meira en hálfa öld verið leiðandi fyrirtæki í þróun, hönnun og framleiðslu gólfa í gripahús.

Gólfín frá Swaansbeton eru framleidd í nútímalegum verksmiðjum í Heeze og Weert í Hollandi undir ströngu gæðaeftirliti og í samræmi við reglugerðir. Hönnun gólfanna tekur mið af miklu burðarþoli, stömu en slitsterku yfirborði og auðveldri losun mykju og hlands.

Hafðu samband:
bondi@byko.is

NAUTGRIPIR,
SVÍN OG SAUÐFÉ



byko.is

BYKO
GERUM PETTA SAMAN

Viðgerðarmaður á vélaverkstæði



Hefur þú brennandi áhuga á vélum og vilt vinna í lifandi og skemmtilegu umhverfi? Vélfang leitar að öflugum og ábyrgum viðgerðamanni í fullt starf á vélaverkstæði okkar.

Hæfniskröfur:

- Reynsla af vélaviðgerðum nauðsynleg.
- Menntun við hæfi kostur.
- Rík þjónustulund, jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Gott með að vinna í teymi.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem allra fyrst. Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.

Nánari upplýsingar veitir Eyjólfur í síma 8400 820
Umsóknir sendist á eyjolfur@velfang.is



Gylfafiöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • velfang.is
Frotagötu 2a • 603 Akureyri • velfang@velfang.is



Vélfang ehf. er sölu- og þjónustuaðili á sviði vinnu- og landbúnaðarvéla.
Vélfang ehf. var valið Framúrskarandi fyrirtæki 2015, 2016 og 2017
Hjá Vélfangi starfar hópur fólks sem hefur það að markmiði að veita viðskiptavinum sínum framúrskarandi þjónustu.



Grásleppa! Grásleppa!

Kaupum grásleppu

Hafið samband í síma
866-7970 fyrir frekari
upplýsingar.

Sverrir Björnsson ehf
Siglufirði





Big Brutus er nú safngripur á Big Brutus-safninu í Kansas.

Myndir / Kansas Sampler Foundation ofl.

Stærsta rafknúna beltagrafan sem smíðuð hefur verið:

Fimm þúsund tonna grafan Stóri Brútus

– Skóflaði upp um 52 rúmkílómetrum af jarðvegi á ári samfelt í 11 ár

Rafknúna vinnuvélar eru síður en svo nýjar af nálinni og stærsta rafknúna grafan sem nokkru sinni hefur verið smíðuð er af gerðinni Bucyrus-Erie 1850B og hefur viðurnefnið Big Brutus.


Hún er vissulega stærsta rafknúna beltagrafa heimsins þó til séu stærri námuvinsluvélar. Vélin var hönnuð og smíðuð af Bucyrus-Erie fyrir Pittsburg & Midway (P&M) kolanámuvirkjakerfið 1850B. Var þetta þá og er enn stærsta rafknúna grafan sem smíðuð hefur verið og þótti á sínum tíma mikið verkfræðilegt afrek. Big Brutus var sett saman nærri Hallowell í Cherokee-sýslu og kostaði á sínum tíma um 6,5 milljónir dollara.

Það þurfti 150 lestarvagna til að flytja alla íhluti Big Brutus á samsetningarstaðinn. Þá tók það 52 menn 11 mánuði að setja vélna saman, eða frá því í júní 1962 til maí 1963.

Skóflaði upp um 52 rúmkílómetrum af jarðvegi á ári

Þessi vél var smíðuð til að annast mokstur í West Mineral kolanámunni í suðausturhluta Kansas í Bandaríkjunum sem lokað var 1974. Þar var grafan stöðugt í mokstri 24 tíma á sólarhring sjö daga vikunnar í 11 ár frá 1963 til 1974. Hún var þó ekki að moka kolum heldur að moka grjóti, mold og öðrum jarðvegi ofan af kolalögum. Mokaði hún meðal annars á járnbrautarvagna og dugði hver skóflufylli til að fylla þrjá lestarvagna.

Það voru engin smáafköst sem þessi vél afrekaði í mokstri því hún fjarlægði um 20 metra þykkjan jarðveg af um 2,59 ferkílómetrum (einni fermílu) á hverju ári. Eða sem svarar 51,8 rúmkílómetrum af jarðvegi á ári.



Þrjú menn þurftu til að stjórna gröfunni og að sjálfsögðu þurftu einhverjir þeirra að vera menntaðir rafvirkjar.

Vegur 4.970 tonn og tekur allt að 150 tonn í skófluna

Big Brutus er sannarlega engin smásmíði og vegur nettó 4.200 tonn og er með 770 tonna ballest og vegur því samtals 4.970 tonn. Hún er og 48,8 metrar á hæð, 18 metrar á breidd og 24,2 metrar á lengd. Bóman er 46,5 metrar á lengd. Skóflan tekur 68,8 rúmmetra eða mest 150 tonn í einu.

Líður áfram á 0,35 km hraða á klukkustund

Big Brutus er á Caterpillar-beltum og dygði svo sem ekki



í neinn kappakstur, en gæti mögulega reynt sig við skjaldböku. Hámarkshraðinn á þessu flykki er um 0,35 km á klukkustund, eða 5,8 metrar á mínútu.

Samtals 7.000 hestafla rafmótorar

Tveir 3.500 hestafla rafmótorar skiludu að jafnaði 7.500 hestöflum eða mest 15.000 hestöflum í toppálagi. Það hefði hvorki verið hægt að nota blýgeyma né nútíma lithium-ion rafgeyma til að geyma orkuna fyrir þennan risa. Því var Big Brutus alltaf tengdur við rafmagnskapal sem vélin dró á eftir sér. Síðasta mánuðinn sem vélin var í vinnu árið 1974 hljóðaði rafmagnsreikningurinn upp á 27.000 dollara, sem samsvarar um 3,2 milljónum króna á núverandi gengi.

Til að drýgja orkuna og spara pening var aflíð í niðursveiflu og slökun á skóflu virkjað til að framleiða raforku. Það er líkt og gert er við virkjun á bremsuorku í nútíma rafbílum.

5,5 tonn af málningu

Vélinni er vandlega haldið við. Í eina umferð af málningu á gripinn fara um 5,5 tonn af appelsínugulri og svartri málningu.

Er nú stolt Big Brutus-safnsins

Big Brutus mokaði sig út úr sínum síðasta jarðvegspytti í West Mineral námunni í apríl 1974.

Stendur grafan enn á sama stað og ánaftaði P&M Big Brutus-safninu gripinn árið 1984, en safnið var opnað 1985. Þótti námuvirkjakerfinu þá of kostnaðarsamt að rífa vélna til að fjarlægja hana af staðnum. Er safnið nú tileinkað námuvinnslu á svæðinu. Það er staðsett rúmlega 11 km norður af Columbus. Ef einhver vill hafa samband við safnið er hægt að senda netpóst á bigbrutus@columbus-ks.com. /HKr.



Umpottunin sjálf tekur stutta stund þegar mold, pottar og plöntur eru á staðnum.

Umpottun á pottaplöntum

Vorverkin hjá ræktendum eru af fjölbreyttum toga og þegar ekki er hægt að athafna sig utanhúss vegna skafrennings og blindhríðar er um að gera að huga að pottaplöntum innanhúss.

Veturinn er dálítið erfiður tími fyrir margar tegundir pottaplantna, myrkríð hrekkir þær sumar og þær verða stundum rytjulegar útlits en um leið og sól hækkar á lofti glaðnar yfir plöntunum og þær fara að undirbúa vaxtarsprett sumarsins. Þá er líka tímabært hjá húsráðanda að gera úttekt á stöðu plantnanna, meðal annars hvort þær hafi rötarráðrúm til vaxtar á þessu ári.

Flestar pottaplöntur þola að standa nokkur ár í sama potti en þó getur verið gott ráð að bæta smá lagi af nýrri og næringarríkri mold ofan á í pottinum. Með tímanum brotnar lífræna efnið í moldinni niður og rúmmál þess minnkar og moldarviðbótin bætir þeim upp þessa rýmun. Best er að nota mold sem er sérstaklega ætluð pottaplöntum, hún er blönduð áburði sem hentar plöntunum. Eftir sem áður er þó nauðsynlegt að vökva plönturnar reglulega með daufrí áburðarblöndu á vaxtartímanum.

Potturinn þrengir að

Ef potturinn er orðinn of lítill fyrir plöntuna þarf að umpotta henni og koma henni í stærri pott eða minnka plöntuna og setja hluta hennar aftur í gamla pottinn, allt eftir því hvað maður hefur mikið pláss fyrir ræktunina. Við umpottun er gott að hafa það í huga að velja ekki allt of stóran pott fyrir plöntuna, litlar plöntur í mjög stórum pottum sýna oft vanþrif, það er eins og þær þurfi að fylla aðeins út í pottinn með rötakerfinu áður en þær fara af stað með yfirvöxtinn og þá er verra að potturinn sé allt of stór. Moldin á að vera hæfilega næringarrík, laus við illgresi og meindýr og hæfilega gróf að byggingu. Ekki er gott að moldin sé allt of fnt unnin, þá þjappast hún of mikið saman í pottinum þegar líður á ræktunartímann. Ef

Plöntu skipt

Ef ætlunin er að skipta plöntunni og setja hluta hennar aftur í sama pott þá er pottahnausnum skipt í tvo eða fleiri hluta með því að aðskilja mismunandi hvirfingar plöntunnar og rekja rötakerfi þeirra í sundur eða jafnvel með því að skera hnausinn í sundur, ef það á við. Einum plöntuhluta er þá pottað í pottinn aftur eins og lýst var hér að ofan og hinir plöntuhlutarnir ýmist settir í aðra potta eða í jarðgerð.

Að pottun lokinni er nauðsynlegt að vökva plöntuna vel næstu daga og eftir 1–2 vikur ætti plantan að vera komin af stað með nýjan vöxt. Þá er líka tímabært að fara að vökva inniblómni með.

Guðrífur Helgadóttir
gardyrkjufraeðingur



Kverneland
-því hvert korn telur



Ryðfrir dreifibúnaður

Kverneland Exacta áburðardreifarar
Tveggja skífu. 700 – 1400 lítra
Sjálfstæð vökvaopnun á hvorri skífu
Vökvastýrður jaðardreifibúnaður
Íslenskar leiðbeiningar

VÉLFANG

Auðstilltur og nákvæmur

Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • www.velfang.is • velfang@velfang.is



Stóri-Bakki, Fljótsdalshéraði

Hrossarækt og blómstrandi ferðapjónusta á 24,7 hektara jörð. 380,0 m² hesthús, byggt 2010 (fyrir a.m.k. 26 hesta). 122,3 m² íbúðarhús í fínu ástandi á einni hæð með fjórum svefnherbergjum og þrjú gestahús/sumarhús. Jörðin er öll afgirt með nýlegri girðingu og vel útbúin með beitarrólfum.

TILBOÐ ÓSKAST.

Nánari upplýsingar veitir
Sigurður Magnússon
fasteignasali hjá INNI fasteignasölu
s. 580 7905
sigurdur@inni.is

INNI
FASTEIGNASALA

Sandblástur - Glerblástur - Sodablástur

Blástur og málun

Gerum gamalt eins og nýtt

Sérhæfum okkur í yfirborðshreinsun t.d. bílaboddý, báta, vinnuvélar, hús, húsgögn, pottofna, felgur og margt fleira. Vönduð vinnubrögð.



EYKT

DUSTLESS BLASTING
dlb.is

Rauðhelli 16. 221 Hfj. Sími 696-5756

CFMOTO ÁRGERÐ 2019

30 ára afmælis-útgáfa



CFORCE 600
Verð 1.649.000,-
Án vsk. 1.389.839,-

CFORCE 1000
2.190.000,-
1.766.129,- án vsk.

CFORCE 520
1.349.000,-
1.087.903,- án vsk.

NITRO Urðarhvarfi 4 / 203 Kópavogi Sími 557 4848 / www.nitro.is

HESJA Glerárgötu 36 / 600 Akureyri Sími 415-6415 / hesja.is

AB Lyngás 13 / 700 Egilsstaðir Sími 471-2299 / ab.is

Lely Center Ísland **STÍUGRINDUR**



1,23m og 1,84m

Reykjavík: Krókháls 5F – Sími 414 0000 – www.vbl.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

Vinnufatnaður **Hífilausnir** **Kranar og taliur** **Snjókeðjur** **Pökkunarlausnir** **Fallvarnarbúnaður**

BULLDUG **pewag** **STAHL Crane Systems** **TRYGG** **CYKLOP** **KRATOS SAFETY**



Höfum á lager mikið úrval af alskyns vinnufatnaði, hífi- og festingabúnaði, krönum og taliúm, snjókeðjum, pökkunarlausnum og fallvarnarbúnaði. Í vörulistanum á www.isfell.is er að finna ítarlegar upplýsingar um allar vörur.

Hafðu samband og kynntu þér vöruúrvalið og þjónustuna!

ÍSFELL

Ísfell ehf, Óseyrarbraut 28
220 Hafnarfjörður, Sími 5200 500
www.isfell.is, isfell@isfell.is

HELSTU NYTJAJURTIR HEIMSINS



Samkvæmt upplýsingum á vef Hagstofu Íslands voru flutt inn rétt tæp 72 tonn af ferskum ætipistlum árið 2018.

Ætipistlar og pistilhjörtu

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is



Ætipistlar og grænmetið sem úr þeim er unnið, pistilhjörtu, eru upprunnir frá löndunum við Miðjarðarhaf. Æti hluti blómsins, sem flokkast sem grænmeti, er í raun óþroskað blóm og blómbotn sem kallast hjarta og nýtt áður en plantan blómgast.

Samkvæmt reiknikústum Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna var heimsframleiðsla á pistilhjörtum árið 2016 tæp 1,5 milljón tonn. Ítalía er stærsti framleiðandinn með tæplega 366 þúsund tonna ársframleiðslu. Egyptaland er í öðru sæti með framleiðslu á um 236 þúsund tonnum og Spánn í því þriðja með tæp 185 þúsund tonn. Þar á eftir er Perú með rúm 108 þúsund tonn og Argentína með rétt rúma 107 tonna ársframleiðslu. Í kjölfarið fylgja svo Alsír, Kína, Marokkó, Bandaríki Norður-Ameríku, Frakkland, Tyrkland og Túnis með ársframleiðslu sem er frá rúnum 97 þúsund tonnum og niður í um 26 þúsund tonn.

Ítalir eru sú þjóð sem sagt er að borði mest af pistilhjörtum en neysla hjartanna hefur verið að aukast um allan heim undanfarna áratugi.

Samkvæmt upplýsingum á vef Hagstofu Íslands voru flutt inn rétt tæp 72 tonn af ferskum ætipistlum árið 2018. Mestur er innflutningurinn



Ætipistill sem búið er að fjarlægja hjartað úr.



Marilyn Monroe var kosinn pistilhjartadrottning Kaliforníuríkis árið 1949 og var það í fyrsta sinn sem sú merka fegurðarsamkeppni fór fram.

frá Hollandi, rúm 53 tonn, og næstmestur frá Bretlandseyjum, 6,6 tonn, og síðan Frakklandi, 6,4 tonn. Þessar tölur segja samt ekkert um uppruna ætipistlanna þar sem þeir eru hvorki ræktaðir í Hollandi né Danmörku og ræktun þeirra er takmörkuð í Frakklandi.

EKKI fundust tölur um innflutningsmagn á niðursoðnum ætipistlum né ætipistlum í olíu.

Ættkvíslin *Cynara* og tegundin *cardunculus*

Tegundir innan ættkvíslarinnar *Cynara* eru ellefu. Þær eru allar fjölarar og líkjast þistlum, *Cirsium* sp., í útliti en tilheyra annari ættkvísl plantna sem á íslensku hafa verið kallaðir ætipistlar.

Ættkvíslin *Cynara* er upprunnin í löndunum í kringum og við botn Miðjarðarhafsins, norðanverðri Afríku og á Kanaríeyjum.

Sú tegund sem við þekkjum sem ætipistil er ræktunarafrígeið sem ekki þekktist í náttúrunni og kallast á latínu *C. cardunculus* og stundum er bætt aftan við heitið var. *scolymus* til að tengja plöntuna við villta forfeður sína. Óþroskað blóm plöntunnar, blómbotinn og efsti hluti stöngulsins eru hin einu sönnu pistilhjörtu.

Ætipistlar eru stórar og fyrirferðarmiklar plöntur með margsgreinda forðarót og ná allt að tveggja metra hæð en eru yfirleitt um 1, 5 metrar að hæð. Blöðin gagnstæð, stór og gróskumikil, milli 50 og 90 sentimetrar að lengd og 8

til 30 að breidd, silfurgræn og með djúpum flípum. Blómin mörg saman og mynda þetta kórfa sem er 8 til 15 sentimetrar að þvermáli, litablá á löngu og breiðum og hærðum stöngli. Blómhlifin samsett úr mörgum þykkum, oddhvössum og þríhyrningslaga reifablöðum.

Æti hluti blómsins, sem flokkast sem grænmeti, er í raun óþroskað blóm og blómbotn sem kallast hjarta og nýtt áður en plantan blómgast. Eftir blómgun tréar blómbotinn hratt og verður óætur.

Líkt og með aðrar plöntur sem lengi hafa verið í ræktun er til fjöldi ólíkra afbrigða og yrkja af ætipistlum sem eru mismunandi að stærð, lit og bragði. Af þeim 140 yrkjum sem til eru á skrá eru um 40 þeirra talsvert mikið í ræktun.

Ólíkum yrkjum er annaðhvort fjölgað með skiptingu eða fræjum. Af yrkjum sem gefa af sér stór græn pistilhjörtu og fjölgað er með skiptingu má nefna 'Vert de Laon', 'Camus de Bretagne' og 'Castel' sem koma frá Frakklandi og 'Green Globe', sem er mest ræktaður í Bandaríkjunum Norður-Ameríku og Suður-Afríku. Yrkin 'Verde Palermo' frá Ítalíu, 'Blanca de Tudela' frá Spáni, 'Argentina' og 'Española' koma frá Síle, 'Blanc d'Oran' Alsíe en 'Sakiz', 'Bayrampasha' frá Tyrklandi eru öll miðlungsstór og græn. Frá Ítalíu koma líka stór og purpuralit afbrigðin 'Romanesco' og 'C3'. Purpurarauð og miðlungsstór pistilhjörtu er 'Violet de Provence' frá Frakklandi, 'Brindisino', 'Catanesè', 'Niscemesè' sem mest eru ræktað á

Göngum til liðs við gróðurinn

Með straumum vinds og sjávar nam melgresisfræ land og tók að vaxa hér rétt eftir síðustu ísöld eða þegar jöklar hófu að hopa. Því má segja að melgresi sé ein af landnámsplöntum íslensku flórunnar.

Fyrr á tímum var melgresi nýtt frá rót til fræja. Nytjahlutir voru ofnir úr löngu rôtarkerfinu, stráin voru nýtt til einangrunar og fullþroska korn nýtt í matseld. Því má halda því fram að melgresi og nýting þess sé hluti af íslenskum menningararfi sem vert væri að halda til haga og jafnvel endurvekja. Nú til dags er melgresi nánast eingöngu nýtt til landgræðslu en það vex og dafnar á sandauðnum og er mikilvæg brú á milli svartra sanda og samfelldrar gróðurþekju.

Ísland er að stórum hluta þakið svörtum sandi þar sem lífill sem enginn gróður vex, en þegar við mannfólkið settumst að hér á þessari eyju úti í ballarhafi var Ísland þakið gróðri. Með ágangi okkar manna hafa vistkerfin hrundið vegna ósjálfbærrar landnýtingar, hamfara svo sem eldvirkni og veðurfars eða samblands allra þessara þátta og gróðurþekjan hefur því snarminkað. Nú þegar höfum við glatað heilu landsvæðnum en til þess að ekki fari verr þurfum við að grípa inn í af enn meiri krafti svo að landið okkar og jarðvegur spænist ekki upp á komandi árum.

Til þess að vindurinn feyki ekki sandinum/jarðveginum út í buskann þarf hann bindingu og þar kemur gróðurinn til skjalanna, hann bindur jarðveg. Gróður er afar takmarkaður á sandauðnum landsins og þær eru því vindinum auðveld bráð. Aðgerðir til að hefta sandfok og binda jarðveg eru því afar brýnar. Jarðvegur er okkur lífverum hér á jörðinni einstaklega mikilvægur. Hann sér okkur fyrir næringu og veitir okkur skjól. Jarðvegur geymir sögu og býður okkur upp á útivist, affreyningu og miðlar vatni. Jarðvegur vinnur fyrir okkur það mikilvæga verk að varðveita næringarefni og



binda niður kolefni sem finnst í andrúmsloftinu. Þegar sandur eða önnur jarðefni takast á loft og fjúka getur mikil eyðilegging átt sér stað. Sandurinn eyðir grónu landi í kring og smátt og smátt kæfir hann gróðurinn og sandauðnirnar stækka. Það er því nokkuð ljóst að við þurfum að bretta upp ermar og koma í veg fyrir fekari skaða en þann sem þegar er orðinn. Þó að sandauðnirnar færi okkur sérstæða náttúrufrægð og víðáttumikla auðn sem heillar marga þá eru þær okkur frekar til ama en hitt. Þær takmarka meðal annars fjölbreytt dýra- og gróðurlíf, eyða öðrum gróðri og minnka loftgæðin.

Kjöraðstæður fyrir vöxt og viðgang melgresis er sandur. Þegar

melgresi sest þar að lifir það þar um nokkurt skeið þar til aðrar plöntur nema þar land og þegar fram í sækir vikur melgresið fyrir öðrum gróðri. Gróðurinn bindur jarðvegin og smátt og smátt byggist upp jarðvegur þar til gróðurþekja hylur landið. Það hefur í för með sér að jarðvegur hefst síður á loft, mengar síður og eyðir ekki öðrum gróðri. Dýralíf dafnar bæði ofan jarðar og neðan. Fuglalíf verður fjölbreyttara og ýmiss konar skordýr og örverur setjast þar að. Landgræðslan hefur nýtt melgresi til uppgræðslu í meira en hundrað ár með góðum árangri. Hún hefur samt ekki undan.

Nú er kominn tími til að við endurgjöldum móður jörð og bætum fyrir áganginn með því að

komast í sneringu við okkar eigið land. Hvað með að safnast saman á sandinum með fræ í skjóðu sem skjóta rötum með hækandi sól? Göngum til liðs við gróðurinn og hjálpum jarðveginum að græða sín sár sjálfur með hjálp melgresis.

Hugum að sjálfbærri framtíð með það að leiðarljósi að endurheimta jörð og jarðveg.

*Signý Jónsdóttir,
nemandi við vöruhönnunardeild
Listaháskóla Íslands*

BÍLSKÚRSHURÐIR



ÍSLENSK
FRAMLEIÐSLA

- ✓ ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA, SMÍÐI OG SAMSETNING
- ✓ ALLAR HURÐIR SMÍÐAÐAR SAMKVÆMT MÁLI
- ✓ HANNAÐAR FYRIR ÍSLENSKT VEÐURFAR
- ✓ MARGAR ÚTFÆRSLUR OG LITAMÖGULEIKAR
- ✓ STUTTUR AFGREIÐSLUTÍMI



IS
HURÐIR

IS Hurðir ehf. | Reykjalundi, 270 Mosfellsbæ
564 0013 / 865 1237 | logi@ishurdir.is | www.ishurdir.is

Lely Center Ísland

RÚÐUR Í
DRÁTTARVÉLAR
FRÁBÆR VERÐ



John Deere Ford
Zetor Fiat
Case IH New Holland
McCormick Deutz-Fahr
Steyr Massey Ferguson
Claas

Reykjavík: Krókháls 5F – Sími 414 0000 – www.vbl.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

VÍKURVAGNAR EHF.

MIKIÐ ÚRVAL KERRUVARAHLUTA



RAFMAGNSBÚNAÐUR
BREMSUR
BEISLI
DEKK
LJÓS
LED LJÓS



STYRKUR, ÞJÓNUSTA OG ÁREIDANLEIKI

Víkurvagnar ehf. – Hyrjarhöfði 8. – 110 Reykjavík
Sími 577-1090 – www.vikurvagnar.is – sala@vikurvagnar.is

NBÍ

Dýralæknir óskast til starfa

Nautastöð Bændasamtaka Íslands óskar eftir að ráða dýralækni til starfa. Mögulegt er að um hlutastarf verði að ræða.

Starfið felst m.a. í eftirfarandi þáttum:

1. gæðaeftirliti á stöðinni.
2. rannsóknum og skimun á sæði.
3. alhliða frjósemisleiðbeiningum fyrir frjótækna og bændur.
4. námskeiðum fyrir nýja frjótækna.
5. umsjón með heilbrigði og velferð nauta á stöðinni.
6. öðrum verkefnum sem honum eru falin.

Æskilegt er að viðkomandi hafi:

- sérmenntun í frjósemi jörturdyra.
- reynslu í kúasæðingum.
- reynslu af starfi við sæðingastöð.
- reynslu af frjósemisleiðbeiningum til bænda.

Gert er ráð fyrir að viðkomandi hefji störf sem fyrst. Umsókn, ásamt fylgiskjólum, skal skila til Sveinbjörns Eyjólfssonar á Nautastöð BÍ fyrir 15. apríl nk. Nánari upplýsingar um starfið gefur Sveinbjörn Eyjólfsson í gegnum netfangið bull@emax.is

Þar sem kommúnisminn er enn við völd og ríkið er yfir og allt um kring

Kúba er mörgum enn þá býsna fjarlægt land og vitneskja þeirra sem ekki hafa heimsótt það mikið til bundin við myndir, s.s. Castró, vindla, romm og mögulega gamla bíla. Sjálfsagt var svo um flest okkar sem slógumst í för með ferðaskrifstofunni 2Go Iceland Travel/Kúbuferðum undir styrkri stjórn eigendanna og fararstjórnanna Guðna Kristinssonar frá Skarði í Landsveit og heimamannsins Carlosar Suarez nú í byrjun mars.

Kúba er eyja ögn stærri en Ísland og hana byggja um 11 milljónir manna. Við fyrstu sýn er sem tíminn hafið staðið í stað sl. 40–50 ár. Gamli bílar og hestvagnar hlið við hlið á vegum sem eru mis vel haldnir. Hús hrörleg, vélvæðing gamaldags, vöruframboð takmarkað, tölvur fágætar og internetið aðeins aðgengilegt á fáeinum torgum og þá skamma stund í senn. Landið sjálft býr yfir hlunnindum, s.s. nikkell og olíu og ágætum aðstæðum til landbúnaðar, enda sykur og tóbak þar veigamiklir þættir. Samt þarf að flytja mikið inn af matvælum og þar sem viðskiptahöft hafa verið við Bandaríkin hafa Kanada, Suður-Ameríkurlíki og Kína verið helstu viðskiptalönd.

Kommúnisminn enn við völd

Kommúnisminn er enn við völd og ríkið er yfir og allt um kring, á landið, mest af húsnæði og skaffar flestum atvinnu, en sér um leið þægnum sínum fyrir ókeypis menntun og velferðarþjónustu. Öll fyrirtæki eru því í meirihlutaeigu ríkisins og gildir það einnig með erlenda fjárfesta, ríkið á alltaf 51%.

Einn af hápunktum ferðarinnar var heimsókn í Viniales þjóðgarðinn sem er á heimsminjaskrá UNESCO. Þar í hömrum girtum sigdalnum heimsóttum við Adrian, ungan bónda á býlinu Finca Macondo, sem ræktar tóbak og framleiðir sína eigin vindla ásamt því að taka á móti ferðamönnum, en ferðarþjónusta fer stigvaxandi á Kúbu, þó með miklum afskiptum stjórnvalda. Þetta er dæmigert fjölskyldubýli þar sem tóbak er ræktað á 2,5 hekturum. Á uppskerutímanum starfa um 20 manns á bænum og 5 við leiðsögn. Um lífræna framleiðslu er að ræða, byggða á gömlum hefðum í ferlinu öllu.

Það sem greinir vindlaframleiðsluna að er nýting plöntunnar. Adrian nýtir hana alla nema stílki blaðanna, sem innihalda mikið nikótín, og handvefur hvern vindil sem er tímafremt. Til dæmis þarf að velta þeim í 5 mínútur til að jafna lögunina áður en þeir eru límdir aftur með hunangi, pakka þeim inn í bréf yfir nótt til varðveislu



Tvönn þingeyisk bændahjón voru í hópnum, þau Þórey og Bjarni á Hvoli og nágarnnar þeirra, Sigrún og Árni í Brúnahlið. Bjarna og Árna sem höfðu gripið með sér málgagn bænda, fannst víðeigandi að afhenda kollega sínum eintak af Bændablaðinu ásamt orðabók sem Adrian fær í næstu ferð.



Guðni fararstjóri messar yfir hópnum í Trinidat, bæ sem er á heimsminjaskrá UNESCO.

raka og þess háttar. Fyrir alla þessa vinnu fær bóndinn aðeins að halda eftir 10% framleiðslunnar fyrir sig til framfærslu þar sem ríkið krefur hann um 90%.

Andstæður og nægjusemi

Fyrstu orðin sem koma upp í hugann eftir nokkurra daga dvöl eru því andstæður og nægjusemi. Með 3.000 króna meðallaun á mánuði

er nokkuð ljóst að slíkt gengur ekki upp í huga okkar allsnægtarfolksins. Því er erfitt að skilja hvernig endar ná saman og í rauninni ógerlegt.

Flestir reyna að drýgja tekjurnar með einhvers konar aukavinnu eða braski og sennilega má kalla hagkerfið margfalt. Sé

spurt er svarið yfirleitt: „... svona er Kúba“.

Mannlífið er stórkostlegt,



Á byltingartorginu.



Á hverjum virkum morgni var götunni framan við hótelið í Havana lokað og fullorðinn maður leiddi eldri borgarana í Chi gong. Íslendingar slógust í hópin. Síðan breyttist hún í leikvöll skól barnanna.



Lífandi tónlist, einkenni kúbverskrar götumyndar.

fjölbreytt og fjörgt. Gleði skein úr hverju andliti og ekki beinlínis hægt að tala um augljósa fátækt þrátt fyrir takmarkað aðgengi að ýmsu. Og tónlistin ... – Hvarvetna á veitingastöðum á götum og torgum seiðandi salsa, söngur og framúrskarandi vel leikið á hljóðfæri sem sum hver eru komin vel til ára sinna. Gamla ameríska bíla í ótrúlega góðu ástandi bar alls staðar fyrir augu, en takturinn í gangverkinu truflaði nokkuð glögga bílaáhugamenn þar sem búið var að skipta því út fyrir díselrokka og tapa þar með sjarmanum.

Ferðin var í alla staði stórkostlegt ævintýri. Vel upp byggð, vel skipulögð og ákaflega fræðandi. Gist var mestmegnis í heimagistingum sem gaf mikla nánd við heimafólk og lífsmáta þess. Ferðafélagarnir komu víðs vegar að af landinu, samstilltur hópur sem naut lands og þjóðar. Þeir félagar Guðni og Carlos skipuleggja nokkrar ferðir á ári til Kúbu og nú eru þeir með í kortunum bændaferð þar sem búhátum á Kúbu verða gerð enn betri skil.

Við kveðjum með virkum Kúbu og þjóð Carlos, Guðna og hina. Snúum til baka röndótt, rjóð með reynsluna í digrum sjóð. Og hefur orðið býsna vel til vina.

Gunnar Rögnvaldsson
Löngumýri



Sorphirðing í Casildas.



Afinn Eduardo plægir tóbaksakurinn fyrir næstu sáningu.

LESENDABÁS

Ísland ljóstengt

Á vettvangi bænda hafði á árunum frá 2011 aukist mjög áhugi á uppbyggingu öflugra fjarskipta í sveitum. Bændasamtökin hafa lengi látið sig fjarskipti varða, enda þau mikilvæg fyrir líf og atvinnulíf sveitanna. Margar lausnir hafa þar verið ræddar og markvisst var fylgst með framgangi þeirra mála í nágrannalöndum okkar. M.a. hafði vakið athygli frumkvæði bænda í lagningu ljósleiðara um sveitir og framgangur þess.

Hér á landi var merkilegt frumkvæði bænda og íbúa í Örfasveit, sem lögðu þar framtíðar ljósleiðarakerfi. Fleiri sveitarfélög höfðu fylgt í kjölfarið og nýtt samleið með hitaveituframkvæmdum, og lagt annaðhvort rör fyrir ljósleiðara og eða þráð og byggt þannig upp ljósleiðarakerfi fyrir íbúa sinna.

Hugmynd að átaki í lagningu ljósleiðara kynnt 2012

Snemma árs 2012 átti ég fund með Páli Jónssyni og Evu Magnúsdóttur hjá Mílu um framtíðarskipulag fjarskipta í sveitum. Míla, sem allir þekkja, hélt á grunnkerfi fjarskipta í sveitum. Undir lok ársins 2012 kynntu Páll og Eva hugmynd að átaki í lagningu ljósleiðara. Páll og Eva lögðu í raun fyrst grunn að þeirri hugsun að mögulegt væri fjárhagslega að kljúfa þann kostnað – en þá með aðkomu hins opinbera.

Þann fund sátu nokkrir alþingismenn sem hóað var í með stuttum fyrirvara. Lausn þeirra opnaði augu okkar margra fyrir því tækifæri sem gæti verið í átaki um lagningu ljósleiðara um sveitir. Míla kynnti síðan ráðherra fjarskiptahugmyndir sínar.

Nú háttaði þannig til að sá sem þetta ritar var á þeim tímamótum að hverfa frá formennsku fyrir samtök bænda og í framboði til Alþingis. Var raunar kjörinn alþingismaður vorið 2013.

Það var þessi hugmynd Mílu og nálgun sem var grunnur að þeirri baráttu sem ég hóf strax sumarið 2013, fyrir aðkomu stjórnvalda að því að leggja málinu lið.

Starfshópur lét vinna kostnaðargreiningu

Innanríkisráðherra, Hanna Birna Kristjánsdóttir, tók strax frumkvæði í málinu og skipaði starfshóp um fjarskipti. Í þeim hópi var ég skipaður formaður og félagi minn Páll Jóhann Pálsson þingmaður var einnig skipaður í hópinn, ásamt fulltrúum m.a. úr atvinnulífni.

Starfshópur minn lét vinna vandaða kostnaðargreiningu á lagningu ljósleiðara um sveitir landsins. Niðurstaða þeirrar könnunar var grunnur að þeim tillögum sem hópurinn skilaði af sér og lagði til átak í fjarskiptum. Niðurstaða var að kostnaður við að ná 99,9% útbreiðslu á a.m.k. 100 mbs tengingum væri um 6 milljarðar.

Aukinn og vaxandi þrýstingur sveitarfélaga um endurbætur á fjarskiptum

Á sama tíma starfaði ég í fjárlaganefnd Alþingis. Á þeim vettvangi kom vel fram aukinn og vaxandi þrýstingur sveitarfélaga um aðkomu stjórnvalda að endurbótum á fjarskiptum. Fyrir fjárlagagerðina 2014 og aftur 2015 var málið eitt af aðalmálum sveitarfélaganna að vinna að úrbótum í fjarskiptum.

Hringtenging um Vestfirði

Við fjárlagagerðina 2015 gerði



Haraldur Benediktsson.

meirihluti fjárlaganefndar breytingartillögu um fjármagn til að tryggja að hringtengingu ljósleiðara um Vestfirði og Snæfellsnes voru tryggðir. Var það fyrst fjármagnnið sem veitt var til átaksins. Tillagan okkar til breytinga á fjárlagafrumvarpinu hlaut stuðning allra flokka á Alþingi.

Ólöf Nordal hafði þá tekið við ráðuneyti fjarskipta. Hún var ekki síður en Hanna Birna áfram um að leita leiða til úrbóta. Ólöf Nordal skipaði okkur Pál Jóhann ásamt núverandi iðnaðaráðherra í verkefnishóp um að vinna að útfærslum á tillögum fyrir starfshóps. Ætlun Ólafar var mjög skýr – að vinna að framgangi þess að tryggja að sú ætlun næði fram að ganga.

500 milljónir í átakið við fjárlagagerð 2016

Við fjárlagagerðina 2016 tók meirihluti fjárlaganefndar, undir forustu Vigdísar Hauksdóttur og Guðlaugs Þór Þórðarsonar aftur til óspilltra mála. Breytingartillaga við fjárlagafrumvarp – um að veita 500 milljónum til átaks í lagningu ljósleiðara. Aftur var það samþykkt á Alþingi.

Með þá fjármuni hafði verkefnishópurinn í fyrsta sinn tækifæri til að hrinda af stað þessu mikilvæga og merkilega átaki Ísland ljóstengt.

Hugmyndin að fá sem flestar tengingar fyrir sem minnst fjármagn

Aftur tókum við Páll Jóhann, ásamt starfsmönnum ráðuneytis Ólafar Nordal, til við að útfæra átakið. Það verður ekki rakið hér hvernig að því var staðið – en megin hugmyndin var sú að fá sem flestar tengingar fyrir sem minnst fjármagn. Sveitarfélögin og kraftur heimamanna var því virkjaður. Að vinna að þessum grunninnvið samfélagsins.

Virðjun heimamanna var lykillinn að farsæld verkefnisins

Það er lykillinn að farsæld og framgangi Ísland ljóstengt að hafa leitað til heimamanna um að takast á við verkefnið. Það hefur tryggt þann árangur sem nú er að koma í ljós.

100 milljónir til viðbótar 2016

Vatnaskil verða aftur við ný lög um opinber fjármál. Fjármálaáætlun í raun tryggði til lengri tíma að hægt væri að ljúka átakinu. Jón Gunnarsson, ráðherra byggða- og samgöngumála, lagði til 100 milljónir til viðbótar árið 2016 til



Hringtenging Vestfjarða og Snæfellsness voru fyrstu málin sem fengu fjárveitingu í atakinu.

að efla enn frekar stöðu veikari byggðarlaga. Sú ákvörðun Jóns var mjög mikilvæg og tryggði í raun að hægt var að ljúka því.

Bæði fjármálaáætlun ríkisstjórnar Bjarna Benediktssonar og Katrínar Jakobsdóttur hafa síðan staðfest mikilvægi átaksins.

Skipaður formaður Fjarskiptasjóðs 2016

Ólöf Nordal skipar mig formann stjórnar Fjarskiptasjóðs frá 1. janúar 2016 til að tryggja framgang verksins. Það hefur bæði verið flókið og krefjandi að láta slíkt ganga upp.

Frá haustdögum 2018 hefur verið unnið að útfærslu á breyttri nálgun við að tryggja að endalok átaksins verði. Góð mynd var komin á það verk um áramót, þegar núverandi samgönguráðherra ákvað að skipa mig ekki formann Fjarskiptasjóðs áfram. En til leiks var kallaður Páll Jóhann Pálsson, sem allan tímann hefur fylgt þessu átaki með mér. Ég hef setið með Páli í stjórn

fjarskiptasjóðs frá áramótum ásamt Margréti Gauju Magnúsdóttur.

Það var aldrei í mínum huga kostur að hverfa frá þessu verki – án þess að sjá fyrir endann á þessu mikilvæga verki – sem ég hef barist svo lengi fyrir.

Núna hefur Fjarskiptasjóður birt tilboð til sveitarfélaga, á grundvelli fjármálaáætlunar til 2021.

Átakið hefur skilað Íslandi í fremstu röð

Þegar horft er til baka, og eftir að hafa fylgt þessu mikla innviðaátaki frá frumbersku þess – er ekki úr vegi að líta til baka og meta árangur. Átakið hefur m.a. skilað Íslandi í fremstu röð allra þjóða í fjarskiptum. Þegar staða mála er greind í nágrannalöndum okkar sést að okkur hefur tekist hið ómögulega. Að fámennri þjóð í stóru landi hefur tekist að byggja upp grunnkerfi framtíðar fjarskipta. Þessum áfanga hefðum við ekki

náð nema vegna framsýni ráðherranna Hönnu Birnu, Ólafar Nordal og Jóns Gunnarssonar. Eða meirihluta fjárlaganefndar árin 2013–2016. Þetta fólk gerði þetta mögulegt, ásamt góðum stuðningi allra flokka á Alþingi.

Aðferðafræðinni mætti beita við aðra innviðauppbyggingu

Okkur getur greint á um leiðir og aðferð. Ég segi hins vegar hiklaust að sú aðferð sem okkur lánaðist að vinna með og mótuð var af góðu fólki og ráðgjöfum í samgönguráðuneytinu er til efturbreytni. Þeirri hugsun og aðferð má vel beita til framfara og sóknar við aðra innviði – eins og rafmagn og tengivegi.

Ég skal vel viðurkenna að margar vinnustundir, ferðalög og margir fundir hafa skilað þessu verki áfram. Árangurinn er miklu meiri og betri en ég þorði að vona.

Haraldur Benediktsson
alþingismaður

ACCUTRIGGER ACCUSTOCK
ACCUTRIGGER ACCUSTOCK

Savage Mark II FV-SR 22 CAL
þungt fluttað hlaup

kr. 59,900

Model: 93R17GVXP
Cal: 17HMR og þungt hlaup og
Bushnell sjónauki 3-9x40

kr. 75,900

MarkII FVXP
Cal: 22 LR Bushnell sjónauki 3-9x40

kr. 68,900


Savage Axis II XP
Cal: 223,243 og 308 Bushnell sjónauki
3-9x40 stillanlegur gikkur og skefti

kr. 93,900

110 APEX PREDATOR XP
Cal 223, 243, 308, 6,5 creedmoore sjónauki 4-12x44mm Vortex®
þungt fluttað snittað hlaup,

kr. 149,900

Sérverslun veiðimannsins - Laugavegi 178 - sími: 551 - 6770 - www.vesturröst.is



UTAN ÚR HEIMI

Aukin matvælaframleiðsla á heimsvísu næstu árin

Framleiðsla á landbúnaðarvörum og fiski mun aukast um 16 prósent frá árunum 2018 til 2027 samkvæmt áætlunum Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu og Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna. Sé rýnt í skýrslu sem norska landbúnaðarráðuneytið sendi frá sér á dögnum um matvælaframleiðslu í heiminum má sjá að Kínverjar, sem eru vaxandi markaður, eru öflugir á mörgum sviðum þegar kemur að landbúnaði.

Kínverjar eru stærstu framleiðendur af fersku grænmeti í heiminum þar sem tómatar og kálframleiðsla eru mikilvægustu vörurnar. Þriðja stærsta útflutningsþjóð á grænmeti er Holland en fjórði stærsti framleiðandi á fersku grænmeti í heiminum er Tyrkland. Stærstu mjólkurframleiðendur í heiminum eru Indverjar en þeir nota langmest hluta sjálfir og aðeins brotabrot af framleiðslunni er flutt út til nálæggra landa. Á Nýja-Sjálandi er allt annað upp á teningnum þar sem 95 prósent af mjólkurframleiðslunni er flutt úr landi. Indland, Evrópusambandið og Bandaríkin framleiddu yfir helmingi heildarframleiðslu mjólkur árið 2017, eða rúmlega 820 milljónir tonna. Þrátt fyrir það var það Nýja-Sjáland sem átti hlutdeild í nærri 30 prósentu útflutningi á mjólkurvörum það sama ár.

Nautakjötsframleiðsla í Brasilíu

Kínverjar framleiddu yfir 54 milljónir tonna af svínakjöti árið 2017, eða um 46 prósent af öllu svínakjöti sem framleitt er í heiminum. Samt sem áður voru þeir á sama tíma stærsti innflytjandi svínakjöts í heiminum. Á síðasta ári

braust út afríkónsk svínapest í Kína sem varð til þess að á ákveðnum svæðum í landinu var öllum svinum slátrað og fargað en það virðist ekki enn sem komið er hafa áhrif á neyslu eða innflutning þar í landi.


Framleiðsla á nautgripakjöti jókst milli ára 2017 og 2018. Það gerðist einnig í Brasilíu og aukningin þar var fjórfalt meiri en til dæmis öll framleiðsla Norðmanna árið 2018. Brasilíumenn hafa undanfarin ár haft ákveðnar áskoranir með framleiðslu hjá sér, árið 2017 var hulunni svipt af spillingar- og mataröryggishneyksli sem tengdist kjötiðnaði þar í landi. Í framhaldinu komu mörg lönd á innflutningshöftum frá landinu og sum þeirra gilda enn þá. Útflutningsmarkaður Brasilíumanna heldur áfram að aukast þegar kemur að nautgripakjöti og þannig eru Kína, Egyptaland og Chile orðnir stórir kaupendur.

Kínverjar sterkir í svína- og lambakjöti

Kínverjar eru ekki eingöngu stórir í framleiðslu á svínakjöti því árið 2017 framleiddu þeir rúm 30 prósent af öllu lambakjöti í heiminum. Á sama tíma fluttu þeir inn um 30 prósent af heildarinnflutningi lambakjöts í heiminum. Stærstu útflutningsaðilarnir eru Ástralir og Nýja-Sjáland sem eru með tæp 90 prósent af heimsmarkaðnum.

Síðustu 50 ár hefur framleiðsla á alifuglakjöti aukist til muna en upp úr 1960 framleiddi hver heimshluti á bilinu núll til fjórar milljónir tonna af alifuglakjöti. Í dag framleidda löndin í Asíu um 40 milljónir tonna á ári og Suður- og Mið-Ameríka framleidda yfir 25 milljónir tonna. Vöxturinn í Bandaríkjunum árið 2017 var yfir ein milljón tonn af alifuglakjöti.

/Bondebladet-ehg



Rauð svæði eru þar sem flest dýr í útrýmingarhættu er enn að finna.

Heimur á helvegi: Tólf hundruð dýrategundir nánast útdauðar

Samkvæmt kortlagningu vísindamanna við Háskólann í Queensland í Ástralíu eru rúmlega 1.200 dýrategundir í heiminum svo gott sem útdauðar, ef þannig má að orði komast. Á það jafnt við um fugla, froska og spendýr. Yfir 90% þessara dýra eru í hættu vegna rasks á kjörlandi þeirra.

Kortlagningin náði alls til 5.457 dýra sem á einn eða annan hátt eru talin í hættu vegna mannglegra athafna á kjörlandi dýranna. Meðal þátta sem taldir eru valda mestri hættu fyrir dýrin er aukin landnotkun vegna landbúnaðar og útþenslu borga,

samgöngumannvirki, námugröftur, skógareyðing, ljósmengun, og mengun.

Niðurstaða kortlagningarinnar sýndi að 1.237 dýrategundir eru í svo alvarlegri hættu að nánast er annað útilokað en að þær muni deyja út á næstu árum verði ekkert að gert til að vernda kjörlandi þeirra og það strax. Allra verst er ástandið sagt vera hjá 395 tegundum. Spendýr eru sögð vera 52% þeirra dýra sem eru í mestri hættu.

Lönd þar sem ástandið er verst og flest dýr eru sögð vera í hættu eru Brasilía, Malasía, Indónesía, Indland, Míanmar og Taíland. /VH

Á FAGLEGUM NÓTUM



Kvægkongres 2019. Bóndin og stjórnarformaður Landssamband Kúabænda í Danmörku, Christian Lund.

Myndir / Landbrugsavísen

Kvægkongres 2019



Snorri Sigurðsson
snsig@arlafoods.com

Hið árlega og þekktu Kvægkongres var haldið á dögnum í Herning í Danmörku og venju samkvæmt var um blandaða ráðstefnu að ræða, þ.e. bæði aðalfund þarlendra kúabænda og svo fagþing dönsku nautgriparættarinnar.

Það er alltaf jafn áhugavert að fylgjast með því sem er að gerast í Danmörku á sviði mjólkurframleiðslu og nautgriparættar, enda leiða danskir kúabændur aðra evrópska kúabændur þegar horft er til ýmissa atriða sem líta að búskapnum s.s. varðandi bústærð, afurðasemi kúa, lágt sótspor (kolefnisfótspor) framleiðslunnar og svo mætti lengi telja.

Setja sér skýr markmið

Rétt eins og Landssamband Kúabænda hefur gert hér á landi þá hafa danskir kúabændur markað sér skýra stefnu sem er bæði ætluð til skemmri og lengri tíma. Þetta kom m.a. fram í máli stjórnarformannsins og kúabóndans Christian Lund og framkvæmdastjóra sambandsins, hennar Idu Storm. Þau fóru yfir markmið samtakanna en sum þeirra eru skammtíamarkmið þ.e. eiga að vera komin til framkvæmda innan tveggja ára, en önnur eru markmið sem tekur lengri tíma að ná.

Stefna á 12 tonn eftir kúna

Til skemmri tíma litið hefur stefnan verið sett á að meðalafurðir danskra kúa verði enn meiri en nú, en Holstein kýr í hefðbundinni mjólkurframleiðslu skila í dag um 11.400 kílóum af mjólk á ári. Markmiðið er að ná 12 tonna meðalnyt innan fárra ára en aðalhvatin er að því að auka nytina er lægra sótspor framleiðslunnar en því hærri sem meðalnytin er, því lægra er fótsporið á hvert framleitt kíló mjólkur. Sömu rök gilda um nautakjötsframleiðslu en þar er stefnan sett á enn meiri daglegan vöxt gripa en nú er. Af öðrum markmiðum sem kalla má



Landssamband Kúabænda í Danmörku hefur sett það sem markmið að draga úr notkun á sykklalyfjum í bæði mjólkur- og kjötfremleiðslu.

skammtíamarkmið er að berjast fyrir aukinni þátttöku ungs fólks í landbúnaði með því að gera kúabúskap áhugaverðari fyrir yngri kynslóðina.

Ætla að draga úr sykklalyfjanotkun

Sambandið hefur sett það sem markmið að draga úr notkun á sykklalyfjum í bæði mjólkur- og kjötfremleiðslu. Reyndar hefur sykklalyfjanotkun í mjólkurframleiðslu dregist saman um rúm 12% á síðustu tveimur árum í kjölfar átaks þar að lútandi í Danmörku en á sama tíma hefur sykklalyfjanotkun í nautakjötsframleiðslu aukist. Nú ætla þarlendir kúabændur að setja

enda eru engir bændur í heiminum í dag jafn afkastamiklir og hinir dönsku kúabændur, þegar horft er til framleiðslu á mjólk á hverja vinnustund.

Uppgjör ráðgjafamiðstöðvarinnar SEGES sýnir hins vegar að því meiri sem afköstin eru, því betri er efnahagur búanna og því eru bændurnir hvattir til þess að gera sitt til þess að auka meðalafurðir kúnna enn frekar og skoða allar færar leiðir til þess að draga úr vinnuþörf á búunum.

Hann nefndi sem dæmi að með því að auka afköstin um 2% á hefðbundnum kúabúum í mjólkurframleiðslu þá myndu bændurnir ná betri afkomu en ef t.d. allur eignaskattur á land í Danmörku og skattar og gjöld á plöntuvarnarefni yrðu afnumin. Staðan væri þó þannig að margir bændur horfðu hins vegar mikið á skattana og kostnaðinn við plöntuvarnarefni, en spáðu etv. ekki

nógu mikið í því hvernig þeir standa að framleiðslunni á búum sínum. Áhugaverð nálgun hjá formanninum. Hann tók þó skýrt fram að samtökin ætla áfram að berjast fyrir því að fella niður eignaskattinn á land og losa um álögur á plöntuvarnarefni, enda væri Danmörk með hærri álögur hvað þetta snertir en flest lönd í Evrópu.

„Of mikið listrænt frelsi“

Christian benti á að í dag væri

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

staðan þannig í Danmörku að kúabændur hefðu allt of mikið „listrænt frelsi“ eins og hann orðaði það og útskýrði með því að t.d. væri fóðrun geldkúa ótrúlega breytileg á milli kúabúa, sem og hvernig staðið væri að uppeldi á kálfum og fleira mætti nefna. Fyrir lögju upplýsingar og rannsóknir sem sýna nokkuð ítarlega hvernig best sé að standa að þessu til að ná hámarks árangri en fyrst bændur geti leyft sér að gera þetta með afar ólíkum hætti segi það eingöngu að það sé töluvert svigrúm til að bæta reksturinn og afkomuna.

Umhverfsvænni framleiðsla

Dönsku samtökin hafa ákveðið að stefna á mun umhverfsvænni framleiðslu en nú er og raunar að leggja sérstaka áherslu á umhverfismál og með því að verða leiðandi í Evrópu á þessu sviði. Þetta endurspeglar m.a. í áherslum afurðafyrirtækjanna Danish Crown, sem er í slátrun og vinnslu, og Arla Foods Amba, sem er í mjólkurframleiðslu. Bæði þessi félög, sem eru í eigu bænda, hafa ákveðið að í síðasta lagi árið 2050 verði ekkert sósport af starfsemi félaganna hvort heldur sem er við framframleiðslu, vinnslu eða sölu. Afar metnaðarfullt skref sem mun krefjast bæði mikillar vinnu við rannsóknir, þróun, kynbætur og meira mætti taka til.

Athygli vekur að þessi ákvörðun er tekin af búgreininni sjálfri og afurðafélögum bænda en ekki af stjórnvöldum eða opinberum aðilum. Sýnir á margan hátt metnaðinn sem að baki býr. Nú þegar státa Danir af því að vera með umhverfsvænstu mjólkurframleiðslu og næst umhverfsvænstu nautakjötsframleiðslu Evrópu svo e.t.v. verður þeirra vinna heldur minni en annarra þjóða sem e.t.v. ákveða að taka sömu ákvörðun.

Of mikið um slys

Í yfirliti þeirra Christian og Idu kom einnig fram að þar í landi hafa menn áhyggjur af of tíðum alvarlegum slysum í landbúnaði, en á liðnum árum má rekja 42% alvarlegra slysa í landbúnaði til meðhöndlunar á nautgripum og ekki nema 19% slysa megi rekja til vinnu við vélar og 13% vegna falls með einhverjum hætti.

Danskir kúabændur voru því á fundinum hvattir til þess að setja forvarnir á dagskrána enda þykir víst að koma megi í veg fyrir mörg hinna alvarlegu slysa með fræðslu einni saman.

Engin aflífun ungfálfa eftir 2021!

Ein af áhugaverðari markmiðssetningum hinna dönsku samtaka nautgripabænda er að frá og með áramótunum 2022 verði enginn kálfur aflífaður nema vegna dýravelferðar. Þetta kann að hljóma einkennilegt markmið en tilfellið er að meðal kúabænda með Jersey kýr er það í dag frekar algengt að nautkálfar eru aflífaðir í stað þess að setja þá á til kjóttframleiðslu vegna slakrar vaxtargetu. Notkun á Jersey er nokkuð algeng í Danmörku og skýrir það þetta markmið. Þess má geta í þessu sambandi að svokölluð ungfálflátrun er næsta óþekkt fyrirbæri í Danmörku.

Hagnaður en þurrkurinn hafði áhrif

Í erindi sínu komu þau Ida og Christian að sjálfsögðu inn á rekstrartölur úr danskri nautgripaækt en nú liggur fyrir uppgjör síðasta árs og kom fram að þurrkasumarið mikla síðasta sumar hafi veruleg áhrif á rekstur margra kúabúa vegna minni og lélegri



Ida Storm, framkvæmdastjóri Landssambands kúabænda í Danmörku.

uppskeru. Utan Danmerkur er oft talað um erfiða stöðu þarlandra kúabúa og að mörg dönsk kúabú séu afar skuldbær og það er rétt. Hins vegar er ekki oft talað um rekstur búanna en tilfellið er að þrátt fyrir skuldbærni margra búna þá hefur rekstur þeirra að jafnaði gengið afar vel og það þrátt fyrir lágt afurðastöðvaverð á köflum. Skýringin felst fyrst og fremst í miklum meðalafurðum kúnna og bústerðinni en dönsku kúabúin eru að jafnaði með um 210 árskýr núna.

Samkvæmt rekstraruppgjöri frá 148 kúabúum í Danmörku vegna ársins 2018, sem þau Christian og Ida greindu frá, dróst meðalhagnaður búanna saman á

milli ára en árið 2017 var hann 1,5 milljónir danskra króna eða um 27 milljónir íslenskra króna. Í fyrra var hagnaðurinn mun minni, eða um 14 milljónir íslenskra króna. Þess ber að geta að danska uppgjörið tekur ekki tillit til launa eigenda þannig að þeirra laun eru hluti af framangreindum hagnaði.

Að loknum aðalfundi samtakanna var fagþingið sjálft sett en alls var flutt 71 erindi í nú mismunandi málstofum á þessu tveggja daga fagþingi. Erindin náðu yfir afar fjölbreytt efni og voru mörg þeirra einkar fróðleg. Í næstu tveimur Bændablaðum verður gerð nánari grein fyrir mörgum af þeim erindum sem flutt voru á því fagþingi.



Knowledge grows

Ætlar þú að rækta bygg í sumar?

Byggækt getur verið vandasöm og krefst þess að hugað sé að öllum áhrifapáttum. Mikilvægt er að vanda vel til jarðvinnslu og tryggja hæfilega sáðdýpt. Val á hæfilegum áburðarskammti er líklega mikilvægasta ákvörðunin í byggækt. Bygg gerir miklar kröfur til sýrustigs jarðvegs. Æskilegt er að sýrustig sé á bilinu pH 5,3-6,8, en kjörsýrustig byggs er pH 6,0-6,3.

Köfnunarefni

Of hár skammtur af köfnunarefni eykur blaðvöxt, seinkar þroska og gerir kornið viðkvæmt fyrir því að fara í legu sem getur gert þreskingu vandasama og leitt til uppskerutaps. Of lítill skammtur af köfnunarefni getur hins vegar dregið verulega úr uppskeru.

Æskilegt áburðarmagn:

Mjög frjósamt land: 20-40 kg N/ha

Móllendi: 60-80 kg N/ha

Í rýru landi: 100-120 kg N/ha

Fosfór

Fosfór er það næringarefni sem, næst á eftir köfnunarefni, hefur afgerandi áhrif á vöxt og þroska plantna. Aðgengi að fosfór er háð fjölmörgum ytri þáttum eins og aðgengi að öðrum næringarefnum, sýru- og rakastigi jarðvegs og hita. Byggplöntur taka upp fosfór snemma á vaxtarskeiðinu. Þess vegna gefur það oft góða raun að fella niður fosfóráburð með bygginu, þannig að ekki þurfi að treysta á aðgengi fosfórs úr forða jarðvegs við upphaf vaxtarskeiðsins.

Æskilegt áburðarmagn: 20-30 kg P/ha



Brennisteinn

Ekki má vanmeta þörf plantna fyrir brennistein. Hann er mikilvægt byggingarefni í próteini og getur skortur takmarkað vöxt og þroska plantna, þó svo nægilegt magn sé af öðrum næringarefnum.

Æskilegt áburðarmagn: 10-15 kg K/ha

Kalí

Upptaka á kalí fer fram snemma á vaxtarferlinum. Það getur flust til innan plöntunnar, frá eldri til yngri plöntuhluta. Kalí er sérstaklega mikilvægt með tilliti til vatnsbúskap plöntunnar.

Æskilegt áburðarmagn: 40-60 kg K/ha

Mikilvægt er að tryggja byggplöntum hæfilegt aðgengi að næringarefnum á réttum tímum vaxtarskeiðsins. Taka verður tillit til frjósemi jarðvegs og stilla af áburðargjöf í samræmi við væntingar um uppskeru. Fyrir hvert tonn af uppskeru eru fjarlægð um 20 kg N, 4 kg P og 13 kg K (1).

Heimild: (1) Hermannsson J. 2017. Upplýsingar um kornækt (pá íslensku) (eng. A Farmer's Handbook for Cereal Cultivation in the Northern Periphery and Arctic region), Northern Periphery and Arctic Programme (NPA) CAV Diary Number 304-8673-2014.

Sláturfélag Suðurlands svf. | Sími 575 6000 | yara@yara.is | www.yara.is



HROSS & HESTAMENNSKA



Frá fundi Félags hrossabænda á Hellu.

Félag hrossabænda:

Umræður um málefni hrossaræktar og hrossabúskapar á átta fundum

Sveinn Steinarsson, formaður Félags hrossabænda og Þorvaldur Kristjánsson hrossaræktarráðunautur fóru í fundaférfund um landið nú nýverið en alls voru haldnir átta fundir; þrjú á Norðurlandi, í Borgarnesi, Reykjavík, Höfn í Hornafirði og Egilsstöðum en síðasti fundurinn var haldinn á Hellu.

Á fundunum var farið yfir það helsta í málefnum hrossaræktar og hrossabúskapar. Fundirnir voru sérlega mikilvægir þar sem kynnt voru drög að nýjum ræktunarmarkmiðum, dómskala og vægisstuðlum eiginleika í kynbótadómum. Hugmyndir að breytingum voru kynntar núna og mun þetta ár nýttast til að beturbæta tillögurnar, taka við göðum tillögum að breytingum og er stefnan að geta unnið eftir nýjum dómskala og breyttri



Frá fundinum á Sauðárkróki.

framkvæmd dóma vorði 2020. Góð fundarsókn var á flestum fundunum og umræður góðar og verðmætar. Fagrát mun nú í framhaldinu funda og fjalla um þær umræður sem urðu á fundunum, en þær munu klárlega nýttast þeirri vinnu sem fram undan er við gerð endanlegra tillagna að ræktunarmarkmiðum, dómskala og vægistuðlum eiginleikanna.

Einnig var farið yfir málefni Félags hrossabænda á fundunum en félagið er að vinna að mörgum hagsmunamálum hrossabænda og er sviðið vítt sem er undir. Má þar helst nefna markaðsmál en félagið hefur unnið ótullga að framgangi Horses of Iceland verkefnisins sem er að kynna og móta ímynd íslenska hestsins um heim allan. Þá hillir undir lokakafli sumarexems verkefnisins en næsta skref í því verðmæta verkefni er að flytja bólusett hross út á svæði í Evrópu sem hafa háa tíðni sumarexems og kanna hvort bólufni sem hefur verið í þróun og skilar afar efnilegum niðurstöðum virki við raunadstæður. Hefur Félag hrossabænda ákveðið að útvega hross í þennan fasa verkefnisins og mun leita til sinna félagsmanna á næstunni með þetta í huga. Meira að því síðar.

Það eru því mörg skemmtileg og verðmæt verkefni sem eru á döfinni og ekkert annað hægt en að halda ótraud áfram á þeirri ævintýravegferð sem er ræktun íslenska hestsins.

Þökkum öllum þeim sem komu á fundina,
Sveinn Steinarsson og
Þorvaldur Kristjánsson



Sveinn Steinarsson.



Þorvaldur Kristjánsson.

Minni Inga Tryggvasonar skógarbónda 1921–2018



Skaparans iðja, list og leikur, lætur undrin ske. Af fræjum smáum uxu eikur, yfir skógartré. Hver stofn með greinum stendur keikur, storma og kulda hlé.

Og hver sú gjörð er skógar skreyta skapar lífi mátt. Slíku má ei bylta og breyta á bervangstómið grátt. Enn er skógum lands að leita, líta í sólarátt.

Auðkenni Inga Tryggvasonar var afburðafærnin hrein að samhæfa þætti vits og vonar og viðhorfin sönn og ein. Þótt ævinnar störf væru ýmiss konar ein var hans forláta grein.

Ingvar Gíslason

LESENDABÁS



Hellisheiði.

Mynd / HKr.

Ríkisstjórnarflokkarnir VERÐA AÐ SVARA!

Komin er upp sérkennileg staða á Íslandi varðandi framtíðarskipulag orkubúskaparins. Af hálfu ríkisstjórnar landsins stendur til að keyra í gegnum Alþingi nokkuð sem kallast orkupakki þrjú en hann er þriðja varðan á leið Evrópusambandsins til markaðsvæðingar orkuauðlindarinnar.

Orkupakki eitt var lögleiddur á Íslandi 2003 og orkupakki tvö árið 2007, í bæði skiptin gegn mótmælum og það sem meira er, síðar kom fram eftirsjá hjá ýmsum þeirra sem knúðu þetta í gegn, enda alltaf að koma betur og betur í ljós hvert þetta raunverulega leiðir: Orkan á leið í hendur fjárfesta á markaði.

Varða fjögur hefur þegar verið hlaðin og á sá pakki eftir að koma inn á borð löggjafans fyrr en síðar ef þetta ferðalag verður ekki stöðvað. Í fjórða pakka er gert ráð fyrir að ekki verði lengur horft til þjóðríkisins heldur landafræðinnar, óháð ríkjaskipan, þegar hin nýja miðstýrða orkustofnun deilir niður áhrifsvæðum sínum.

Ekkert annað en markaðsvæðing orkunnar

Þegar hér verður komið sögu mun endanlega vera búið að klippa á naflastrenginn á milli markaðar og lýðræðis. Þegar eru menn komnir vel áleiðis í að sarga í þann streng sem kunnugt er, eins og iðnarráðherra áréttaði á aðalfundi Landsvirkjunar nýlega þegar hún sagði að orkupakkarnir væru að sjálfsgöðu „ekkert annað en makaðspakkar og sá þriðji er það líka“. Það sem hér er átt við er það stefnumarkmið Evrópusambandsins frá því um miðjan tíunda áratuginn að gera orku að markaðsvöru sem heyrði undir samkeppnislög og þar sem lýðræðislegt inngríp væri ekki heimilað. Dæmi um þetta gæti verið niðurgreidd orka til innlendrar garðyrkju, sem þá yrði túlkað sem markaðsmismun og brot á samkeppnislögum.

Og hættið að tala um samfélag!

Þórdís Kolbrún Gyöfadóttir iðn-



Ögmundur Jónasson.

aðarráðherra gekk reyndar lengra í framangreindri ræðu sinni hjá Landsvirkjun. Hún notaði tækifærið til að tala niður til áhugamannahóps sem kennir sig við „Orkuna okkar“. Kvaðst hún túlka þá nafngift svo að hópurinn liti á orkuna sem sameign þjóðarinnar „af sama meiddi og fiskinn í sjónum“. Það væri mikill misskilningur því að „vatnsafl og jarðvarmi og nýtingarréttur af þeirri auðlind“ heyrði undir einkaeignarrétt og væri því ekki í sameign þjóðarinnar.

Þetta er vissulega rétt eins langt og það nær en jafnframt er þetta framtíðarsýn sem ríkisstjórnin verður að gera sér grein fyrir að er ekki í samræmi við almennan vilja í landinu.

Sú krafa hefur ítrekað komið fram, meðal annars frá öðrum baráttuhópi, Seljum ekki Ísland, að íslensk lagaumgjörð verði bætt og löguð til að tryggja þjóðareign á orkunni til frambúðar. Annars verður framtíðarsýn ráðherrans vissulega að veruleika.

Er þá komið að tilefni þessarar greinar

En til hvers er ríkisstjórnin að innleiða þessa orkupakka? Hún

hlýtur að verða að gera okkur grein fyrir því hver ávinningur okkar er af því að undirgangast þessa „markaðspakka“ sem ráðherra kallar réttilega svo.

Athygli vekur að fram til þessa hafa meintir sigar ríkisstjórnarinnar í þessu markaðspakkamáli verið fölgirnir í því að forða okkur – að hennar sögn – frá ýmsu því versta sem fylgt gætu þriðja pakkannum. Í því skyni hafi verið settir fyrirvarar og slegnir varnaglar. Það gerðu Norðmenn líka af sama tilefni en uppgötvuðu síðar að fyrirvararnir og varnaglarinn voru til lítills nýtir, fyrst og fremst til að sýnast, til að þykjast, rétt á meðan verið var að kaupa frið um málið.

Ráðherrar Sjálfstæðisflokks, Framsóknar og VG svári

Sú sönnunarbyrði hlýtur að hvíla á ríkisstjórninni að sannfæra okkur um að þessi vegferð sé okkur yfirleitt til góðs. – Hvað segja ráðherrar Sjálfstæðisflokksins um það? – Hvað segja ráðherrar Framsóknarflokksins um það? – Hvað segja ráðherrar Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs um það?

Það dugur ekki að segja að tekist hafi að forða okkur frá allra verstu fylgikvillum pakkans, þið verðið að hugsa stærra fyrir okkar hönd.

Sönnunarbyrðin hvílir á ykkur

Hvers vegna eruð þið að þessu yfirhöfuð? Þessu verðið þið að svara! Spurningu minni beini ég til ráðherra ríkisstjórnarinnar og alþingismanna. Það er ekkert í EES-samningnum sem knýr ykkur til að gera þetta, **ekkert!**

Þetta er því algjörlega á ykkar ábyrgð. Þess vegna verðið þið að sýna fram á að ákvarðanir ykkar séu til framfara og til góðs. Það er lágmarkskrafa að þið sýnið okkur fram á þetta með rökum!

Það er of ódýrt að segja okkur að þetta hefði getað orðið enn verra!

Ögmundur Jónasson

LESENDABÁS

Fiskeldi – áhætta eða ágóði?

Þau samfélög sem aðhyllast sjálfbærni horfa til þess að athafnir okkar skili auðlindum jarðar til komandi kynslóða í líku ástandi og við njótum nú. Samkvæmt skilgreiningu verður ákveðin athöfn að uppfylla þrjá þætti til að teljast sjálfbær félagslega, umhverfislega og efnahagslega. Ellefta markmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun snýr að sjálfbærni borga og samfélaga. Þar segir m.a. að stutt verði við jákvæð efnahags-, félags- og umhverfisleg tengsl milli þéttbýlis, þéttbýlla svæða í borgarjaðri og dreifbýlissvæða með því að styrkja áætlanir um byggðapróun á landsvísu og innan svæða.



Halla Signý Kristjánsdóttir.

Þegar fjallað er um uppbyggingu fiskeldis hér á landi eigum við að ganga út frá markmiðinu um sjálfbæra nýtingu. Þegar áform um uppbyggingu fiskeldis hér á landi hófust á ný á nýrri öld horfðu Íslendingar strax til þess að fara varlega enda brenndir af óvarfærni fyrri tilrauna. Ákveðið var að loka rúmlega hálfri strandlengjunni fyrir sjókvíald. Áður en eldi hefst svo á þessu afmarkaða svæði þarf að fara í gegnum langt ferli, firðirnir eru burðarþolsmetnir til þess að meta lífræna álagið, framkvæmdirnar fara í ítarlegt umhverfismat og fyrirtækin þurfa að uppfylla ýmiss konar skilyrði til dæmis um búnað, gæðakerfi, vaktanir og fleira. Sem dæmi má nefna að allur lax sem er í eldi á Vestfjörðum er ASC vottaður sem er ein strangasta umhverfsvottun sem til er þegar kemur að fiskeldi og var m.a. þróuð af umhverfisverndarsamtökunum World Wildlife Fund.

Fiskeldi hefur verið stundað í Noregi í að verða fimm áratugi. Norðmenn hafa náð að komast á beinu brautina eftir margvíslegar áskoranir og telja sig hafa náð jafnvægi í sjálfbærni fiskeldis með því að byggja á reynslu og nýta sér tækni og þróun í þessum efnun. Þessa dýrmatu reynslu eigum við Íslendingar að horfa til og nýta okkur.

Unnið að stefnumótun

Atvinnuveganefnd hefur nú til umfjöllunar frumvarp um fiskeldi.

Vonandi tekst í þeirri vinnu að móta nýja og endurbætta stefnu í þessari mikilvægu atvinnugrein til framtíðar en til þess að svo sé unnt verða umhverfið og umhverfismál að vera útgangspunktur.

Allir geta verið sammála um að við eigum að vernda villta laxastofna hér við land. Þeir hafa sjálfstæðan tilveruþétt frá mismunandi hagsmunum veiðiréttarhafa eða fiskeldismanna. Við eigum að passa uppá laxastofninn með markvissum aðgerðum sem minnka líkur á að fiskur geti sloppið úr kvíum og ef upp koma slys séu til markviss viðbrögð og aðgerðir til þess að koma í veg fyrir möguleg umhverfisáhrif. Slíkar aðgerðir getum við kallað mótvægisáðgerðir. Hafrannsóknastofnun hefur reiknað áhættumat sem spár fyrir fjölda laxa sem sleppa úr eldinu við strendur Íslands. Mikilvægt er að hnýta fyrrnefndum mótvægisáðgerðum til að lágmarka og koma í veg fyrir mögulega erfðablöndun við villta fiskinn. Norðmenn hafa náð miklum árangri í að minnka fjölda eldislaxa í ám með því að binda í lög og reglur aðferðir sem hafa gefist vel og hefur skilað sér í að villti laxastofninn er að ná sér á strík þrátt fyrir aukið eldi, vöktun áa og fjarlæging á eldisfiski eru þar lykilatriði. Lög um fiskeldi verður að kveða skýrt á um beitingu mótvægisáðgerða sem forsendu þess að vernda villta laxastofna hér við land.

Í stefnumótunartvinnunni verðum við enn fremur að horfa til allra þátta sem fylgja uppbyggingu greinarinnar

t.d. skipulagningu strandsvæða, tryggja að heilbrigðiskröfur séu strangar, hvernig eftirliti með greininni sé háttáð og tryggja að nærsamfélagið og sveitarfélögin fái réttlátan skerf af uppbyggingunni.

Sjálfbær samfélög

Þegar sjáum við jákvæð áhrif

uppbyggingar fiskeldis á samfélögin fyrir vestan og austan. Þegar við höfum náð uppbyggingarmarkmiðum fiskeldis erum við að horfa til stórrar atvinnugreinar sem á eftir að skila milljörðum í þjóðarþúið.

Með því að halda rétt á spöðunum, með sterkri umgjörð og öflugu eftirliti með fiskeldi

hér við land, getum við viðhaldið heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbærni og byggt upp nýja og stöðuga atvinnugrein til hagsbóta fyrir okkur öll.

Halla Signý Kristjánsdóttir
þingmaður
Framsóknarflokksins.

HEYRNARHLÍFAR & SAMSKIPTATÆKI

Góð samskipti - þá gengur betur!

Við sérhæfum okkur í öryggisbúnaði m.a. heyrnarhlífum og samskiptabúnaði. Hugaðu að heyrninni, hún er mikilvæg! Hafðu samband. Við veitum þér faglega aðstoð.



65 1954-2019
DYNJANDI
allt fyrir öryggið

Skeifunni 3h | Sími: 588 5080 | dynjandi.is

Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300
Næsta blað kemur út 11. apríl

Komdu og prófaðu MultiOne liðlétting á Sauðárkróki og Akureyri

Ívar Atli, sölufulltrúi MultiOne verður í **Kjarnanum á Sauðárkróki** við Hesteyri þann **2. apríl** og í **Kletti á Akureyri** við Hjalteyrargötu þann **3. apríl** til að kynna MultiOne liðléttinga.

Endilega kíktu við og fáðu að prufukeyra þessar frábæru fjölnotavélar sem henta einstaklega vel til að leysa hin ýmsu verkefni.

Fyrir nánari upplýsingar hafðu samband við **Ívar Atla** í síma **825 5720** eða sendu línu á **iab@klettur.is**.

KLETTUR



KLETTUR / SALA OG ÞJÓNUSTA / KLETTAGARÐAR 8-10 / 104 REYKJAVÍK / 590 5100 / klettur.is

VÉLABÁSINN

Framdrifinn nýr Citroën C5

Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is



Brimborg afhjúpaði nýjan Citroën C5 Aircross 23. febrúar síðastliðinn, í kynningu fyrir frumsýninguna var talað um að þetta væri jeppi.

Það að Citroën væri að koma með jeppa vakti forvitni mína á bílnum þar sem að mér er minnisstætt þegar finnski rallíkappinn Ari Vatanen vann sinn fjórða sigur í röð, þá á nýjum framúrsteftnulegum og fjórhjóladrifnum Citroën í Paris-Dakarrallinu 1991.

Alltaf fundist framsætin í Citroën-bílum þægileg, en í þessum eru þau æði

Ég skoðaði bílinn nokkrum dögum eftir frumsýninguna og varð fyrir smá vonbrigðum því að bíllinn var alls ekki fjórhjóladrifinn, ekki í fyrsta sinn sem ég hef lesið eitthvað sem var ekki alveg heilagur sannleikur við lestur á DV.

Ég fékk bílinn til prufuaksturs helgina 16. til 17. mars og tók góðan bíltúr á bílnum. Marga bíla hef ég prófað í gegnum árin og bílarnir misgóðir, eitt af því sem þarf að vera sérstaklega gott er ökumannssætið, í Citroën C5 eru einhver albestu framsæti í bíl sem ég hef prófað um ævina. Að keyra bíl og láta nudda á sér bakið í leiðinni er bara til þess að bíltúrinn verður aðeins lengri. Séu sæti góð í bíl sem bíllinn keyrir ánægður jafnvel þó að bíllinn sé algjört flak.

Síðastliðin 30 ár hefur einn fjölskyldumeðlimur næstum alltaf átt góða Citroën-bíla og í þeim öllum hefur mér fundist framsætin það besta við Citroën.

Nokkrar misdýrar útgáfur af C5

Bíllinn sem var prófaður er sá næstdýrasti, nefnist Shine og kostar 5.630.000, með 180 hestafla bensínvél, sjálfskiptur með átta þrepa sjálfskiptingu.

Uppgefin eyðsla í prufubílum er 5,7 lítrar á hundraðið í blönduðum akstri, en ég var töluvert fyrir ofan það því að ég var ekkert að spara hægri fótinn, enda skemmtileg snerpa og viðbragð í 180 hestafla mótörnum.

Ódýrasti C5 nefnist Live og kostar beinskiptur frá 3.890.000, en miðbílinn nefnist Feel og er á verði frá 4.190.000.

Live kemur á 17 tommu felgum og er með varadekk. Feel kemur á 18 tommu felgum og er líka með varadekk, en Shine-bílarnir eru á 19 tommu felgum og hafa ekkert varadekk. Svoltíð undarlegt að maður borgar mikið og fær minna með dýrasta bílnum.

Nítján tommu felgurnar eru ekki skemmtilegar á malarvegi og á hraðahindrunum sem kallast „hattar“. Hins vegar skemmtilega mjúkur á hefðbundnum hraðahindrunum. Á móti kemur að 19 tommu felgurnar eru æðislegar á góðu malbiki, sérstaklega í beygjum.

Prufuaksturinn

Fyrst var bíllinn prófaður í innanbæjarakstri og var lipur við þröngar aðstæður, snöggur af stað og þægilegur sem „borgarbíll“.

Næst var það hringur í kringum Hafnavatn þar sem er holóttur malarvegur. Hörð 19 tommu dekkinn gefa litla sem enga fjöðrun á holóttum malarveginum og bíllinn jós drullunni full mikið upp á



Citroën C5, flott litasamsetning.


Myndir / HLJ



Svöltill sóði á sjálfan sig á möl.



Tuttugu og þrjú sentimetrar upp í lægsta punkt.



Gerir bíltúrinn enn unaðslegri að vera með baknuð í framsætunum.



Sætið góða með öllum sínum unaðslegu tókum.



Tvískipt bakmyndavélin, sniðugt fyrirkomulag.



Hægt að hlaða vissa síma án snúru á þar til gerðum stað.

ég að vinnubíllinn minn væri með svona sæti.

Hægt er að stilla sjálfskiptinguna á fjóra mismunandi vegu, venjulegan akstur, snjó, sand og drullu. Eina stillingun sem ég fann mun á var snjóstillingin þar sem að bíllinn tók mýkra á í snjónum með þá stillingu.

Blindhornsvarinn í speglunum er með rautt ljós þegar bíll er á blinda horninu sem mér finnst þetta heldur en guli liturinn sem er í flestum öðrum bílum.

Akreinalesarinn les ótrúlega ógreinilegar línur í vegköntunum

afturhlerann. Þá var bíllinn að höggva leiðinlega mikið í dæmigerðum holum á malarveginum. Í þessu tilfelli hefði ég frekar viljað vera á ódýrasta C5 bílnum sem að mínu mati hentar betur á malarvegum þar sem hann er á 17 tommu felgum með dekk með hærri prófil sem gefa betur eftir á malarvegi. Sennilega er það að hluta til vegna harðra

dekkjanna að bíllinn var aðeins laus að aftan á malarveginum, en að öðru leyti virkaði fjöðrunin vel á möl.

Margir góðir punktar og fáir mínusar

Af því góða í bílnum eru framsætin númer 1, einfaldlega slá öllum öðrum framsætum við. Mikið vildi

Helstu mál og upplýsingar

| | |
|-----------------------|----------|
| Lengd | 4.500 mm |
| Hæð | 1.689 mm |
| Breidd | 2.090 mm |
| Hæ undir lægsta punkt | 230 mm |

og ef maður er að nálgast aðra hvora línuna beygir bíllinn sjálfkrafa inn á miðju vegarins. Næstum hægt að láta bíllinn stýra sjálfan með því að sleppa stýrinu, en strax og stýrinu er sleppt kvartar mælaborðið með ljósi og hljóði.

Eftir því sem leið á prufuaksturinn var ég alltaf sáttari og sáttari við bíllinn og eftir 135 km akstur á bílnum var ég orðinn nokkuð sáttur við bíllinn, fyrir utan 19 tommu felgustærðina sem höggva leiðinlega mikið við hverja holu og malbiksskemmd.

Eini mínusinn er að ekkert varadekk er í bílnum, tjakkur eða felgulykill þannig að á dýrustu útgáfunni er maður algjörlega bjargarlaus ef maður heggur í sundur dekk í dæmigerðri malbiksskemmd sem eru svo algengar á þessum tíma árs.

Persónulega hefði dugað mér ódýrasti bíllinn, sex girra beinskiptur, 130 hestöfl, svo lengi sem að framsætin séu þau sömu og í bílnum sem ég prófaði, og kostar ekki nema 3.890.000 og kemur á felgum og dekkjum sem fjáðra betur og varadekki í skottinu. Ég verð að biða eitthvað eftir fjórhjóladrifnum Citroën-jepping, en þó að þessi C5 líkist jepping er hann fólksbíll í mínum skilningi.

ÖRYGGI – HEILSA – UMhverfi

Af hverju fjölga fallslysum þegar allir vita hvernig á að forðast þau slys?

–Vinnueftirlitið gerir sitt besta í forvörnum, en það þarf að meðtaka skilaboðin

Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is



Ef skoðaðar eru tölur um slys í útgefnum skýrslum frá Vinnueftirlitinu síðustu tvö ár hefur fallslysum verið að fjölga í takt við miklar framkvæmdir við nýbyggingar og framkvæmdir.

Alls staðar er verið að byggja og breyta og oftast þegar verið er að byggja er reynt að nýta sem best lóðina sem verið er að byggja á með því að byggja margar hæðir.

Byggingarstaðirnir eru margir og eftirlit með að öryggi sé nægilegt getur reynst erfitt þar sem að eftirlitsmenn eru ekki nægilega margir. Þó hefur það komið fyrir að Vinnueftirlitið hefur stöðvað framkvæmdir við eftirlit á vinnustöðum þar sem ekki var farið eftir reglum um öryggi starfsmanna.

Það virðist vera of algengt að starfsmenn sem vinna við störf í hæð séu of kærulausir og hansi þá vitneskju sem þeir hafa að nota þann búnað og þær forvarnir sem allir vita að getur og mun koma í veg fyrir slys.

Öryggisfulltrúar á vinnustöðum hunsaðir, eru með óþarfa nöldr yfir vinnufélögunum

Á mörgum vinnustöðum eru öryggisfulltrúar sem reyna að hafa öryggið í lagi á vinnustaðnum með því að benda vinnufélögunum á að nota rétt verkfæri og tæki ef verið er að vinna í hæð, öryggisgleraugu sé hætta á augnmeiðslum og hlífa eyrum sé mikill hávaði á vinnustað

með því að nota eyrnatappa eða heyrnarhlífur. Það grátlega við þetta er að fæstir fara neitt eftir þessum varnarorðum öryggisfulltrúans og jafnvel hlæja að honum þegar hann er að benda þeim á að þetta er þeirra öryggi en ekki hans. Þessir sömu menn sem hunsuðu að nota rétt tæki til að fara upp í hæð slasast svo í vinnunni og sá sem þarf að fylla út slysaskýrsluna er öryggisfulltrúinn sem benti þeim á að nota það sem ekki var notað og fyrir vikið varð slys.

Ef vinnustaðir vinna þannig að allir eru öryggisfulltrúar fækka slysum

Með tilkomu skráningar á slysum og mögulegum slysum eins og kennt er í Slysavarnaskóla sjómanna eru hægt og rólega allir á vinnustaðnum orðnir öryggisfulltrúar og þá eru allir að passa upp á hver annan. Með þessu hugarfari vinnst smám

saman meira öryggi á vinnustað og allir sem vinna á vinnustaðnum verða meira meðvitaðir um öryggi og öryggishlífur.

Ekki þrifa upp í hæð heldur passa upp á að hver og einn noti rétta lyftu eða stiga sem veldur hæðinni sem þarf að vinna í. Fyrir nokkru sá ég málara sem var að vinna í stiga í nokkurri hæð, en hann vann hjá stóru málningarfyrirtæki. Ég tók eftir að á stiganum stóð að hann hafði nýlega farið í öryggisskoðun og aðspurður sagði málarninn mér að allir stigar í fyrirtækinu séu skoðaðir reglulega.

Taki allir sig saman og passi upp á næsta mann verður árangurinn fljótt sjáanlegur

Þegar maður bendir á það sem betur mætti fara og öruggara til vinnu fær maður almennt þakkir fyrir og sé mér bent á að ég fari óvarlega og að ég væri ekki með öryggisgleraugu eða annan búnað sem ég ætti að vera

með við þá vinnu sem ég er að vinna þá stundina þakka ég fyrir og reyni að bæta mig. Sjálfur vinn ég mikið einn við ýmsa vinnu sem nefnist vegaaðstoð (skipta um dekk og dæla af röngu eldsneyti úr bílum) og því miður er ekki neinn til að passa upp á vitleysuna í mér. Oft hef ég sloppið við meiddi þar sem að ég reyni eftir bestu getu að passa upp á að vera með þann öryggisbúnað sem í boði er mér til öryggis. Að vinna í vegkanti við hröðustu vegi og þrátt fyrir vel merktan bíl og gul blikkandi ljós hefur mér oft blöskrað umferðarhraðinn það mikið að ég hef þurft að fá lögreglu með blá blikkandi ljós til að hægja á umferðinni og verja mig með lögreglubílum.



Fyrirmyndareftirlit á stiga málans.

Lely Center Ísland DRIFSKÖFT OG DRIFSKAFTAEFNI

Reykjavík: Krókháls 5F – Sími 414 0000 – www.vbl.is
Akureyri: Óðinsnes 2 – Sími 464 8600

Bændablaðið
á bbl.is og líka á Facebook

DANUBE
Getum við orðið að liði?
Við erum með allar lausnir fyrir þvottahús, Hótel, Gistiheimili og Sjúkrastofnanir.
Þvottavélar
Strauvélar
Hótelín, þvottagrindur, taupokar ofl.
icefakta ehf.
Kirkjustétt 2-6, 113 Reykjavík
Símar: 567 4577 / 892 8925
icefakta@icefakta.is / www.icefakta.is

KROSSGÁTA Bændablaðsins

103

| EITURLYF | FÝLA | BARFELI | KÚGUN | MÁLmur | FISKA | HÁLFAPÍ | BELTIS-STAÐUR | DUGNAÐUR |
|------------|------|------------|----------|-------------|------------|---------|---------------|----------|
| TRÉ | | | | | | | | |
| FNyKUR | | | | STEFNA | | | | |
| | | | | MUNNVATN | | | | |
| ELDSNEYTI | | | MEÐ | | | | | |
| | | | HRESSIR | | | | | |
| RÝRNUN | | | | | UTANHÚSS | | | |
| JURT | | | | | LIPURD | | | |
| | | HLJÓDFÆRI | | TRJÁ-TEGUND | | | | SKJÓL |
| | | FRÁ | | GAT | | | | |
| HNETA | | | ÓVILD | DRAGUR | | KK NAFN | KLISJA | |
| | | | | DURBUR | | | | |
| BLÓM | | | SLABB | | STRÆTI | | | |
| | | | PILLU | | PANGAÐ TIL | | | |
| ÁTT | | | | | NÝR | | | |
| | | | | | TUNNUR | | | |
| STÓRT ILÁT | | | TÍMABIL | | VIÐVÖL | | | DUGLEGUR |
| | | | GLEBJAST | | UNDIR-EINS | | | |
| | | UPP-HRÖPUN | | | | REGLA | | |
| | | ÁLITS | | | | LEIKUR | | |
| MATS | | | | | | | | |
| AFSPURN | | | SVELG | | | FLÝTIR | | |
| | | | UPPTÖK | | | SKRAF | | |
| LABB | | | | AUMA | | | TVEIR | ÓNEFNður |
| | | | | TÍMA-EINING | | | | |
| ÁN | | | ILLÆRI | | | | | STÓ |
| Í RÖÐ | | HINDRA | | | | | | FELÐUR |

Lausn á krossgátu í síðasta blaði

102

| FÓTLAMA | BLER | STARTARI | BERIST TIL | SITJANDI | SKJÓN | HÓPÁ | NEGAN VID | GRIND |
|------------------|------|----------|------------|------------|-----------|--------------|---------------|------------|
| BURST | H | Á | R | B | R | Ú | S | KUR |
| SNÍKILL | A | F | Æ | T | A | SPIL | K | ANI |
| | | | | | | HVIBA | | |
| PRJÓNA-VARNINGUR | L | E | S | BRAC-SMÍÐS | S | K | Á | LDS |
| | | | | SÁLDRA | | | | |
| TALJA | T | R | I | S | S | A | FARFA | LIT |
| RÝJA | | | | | | | ATRAFNA-SAMUR | |
| | N | BLUND | SKJÓRA | T | U | Þ | R | A |
| | | | TVEIR EINS | ÁLIT | VAFI | S | V | A |
| | | | | | | | | OF LITID |
| REIÐUR | I | L | L | UR | GRÆTUR | FJÖRLEYSI | L | E |
| | | | | | | ÁMÉLA | | T |
| ÞEÐ-SLÁTTUR | P | Ú | L | S | HELMINGID | HEILDAR-EIGN | H | Á |
| | | | | | | | L | F |
| FYRIR HÖND | P | R | MANNA | K | A | R | L | A |
| | | | FAT | | | SKEL | S | K |
| | | | | | | SKORDYR | | U |
| STAKUR | I | BLÓM | D | A | L | I | A | JAPLA |
| | | ILLÆRI | | | | | | KRAFS |
| FUGL | L | Ó | A | TUNGUMÁL | E | N | S | K |
| | | | | EGGJA | | | | A |
| HINDRUN | T | Á | L | M | I | SÍLL | A | L |
| | | | | | | SÉLINDYR | | U |
| FORLAGA | Ö | R | L | A | G | A | Ó | R |
| | | | | | | | | ÓSLITINN |
| | | | | | | | | TVEIR EINS |
| | N | V | E | L | I | U | N | A |
| | | | | | | | | Þ |
| SNÁBARA | G | Á | R | A | TVIHLJÓÐI | A | U | RÍKI |
| | | | | | | | | I |
| | | | | | | | | M |
| | | | | | | | | P |
| | | | | | | | | A |
| | | | | | | | | N |
| | | | | | | | | A |
| | | | | | | | | M |

Bændablaðið kemur næst út 11. apríl
Smáauglýsingar 56-30-300



HITA KÚTAR
Amerísk gæða framleiðsla

30-450 lítrar

Umboðsmenn um land allt

RAFVÖRUR

DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS



SUEVIA
Vantsdallur
SU10000130

Verð kr. 9.635

Útsöluastaðir:
Landstólpi - Egilsstöðum
Vélavali - Varmahlíð

LANDSTÓLPI
480 5600

STARFSMENN
til fjölbreyttra starfa um lengri eða skemmri tíma

PROVENTUS
Starfsmannajónusta

551 5000
proventus@proventus.is

Ármúla 15, 108 Reykjavík
www.proventus.is



Árgerð 2019
Nýtt útlit

BENSÍNSVESPA
Fyrir 13 ára og eldri.
Engin trygging! Ekkert próf!
Engin skráning!
Fermingartilboð.
Kr. 229.900,-

NITRO
Nitró - Urðarharvari 4 - 557 4848 - nitro.is

Smáauglýsingar

Sími: 563 0300 | Netfang: augl@bondi.is | Veffang: www.bbl.is

Hægt er að skrá auglýsingar og greiða með auðveldum hætti á bbl.is

Verð: Textaauglýsing kr. 2.300 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 5.700 texti + mynd.

Skilafrestur: Fyrir kl. 16.00 á þriðjudegi fyrir útgáfu.



Traktorsdrifnar rafstöðvar (Agro-Watt), www.sogaenergyteam.com - stærðir: 10,8 kW – 72 kW. Stöðvarnar eru með eða án AVR (spennujafnara). AVR tryggir örugga keyrslu á viðkvæmum rafbúnaði t.d. mjólkurþjónum, tölvubúnaði, nýlegum rafsuðum o.fl. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is.



Til sölu Shamal loftþessa 3 fasa, 850L þessa og 500L kútur. Ný olía og hjól undir kút til að auðvelda færslu. Verð 200.000 kr. +vsk. Allar uppl. í síma 893-7616.



Cemtec sænskar skeifur og fjaðrir. Framleitt skv. reglum FEIF. Leitun að betri verðum. Afsláttur ef keypt er í magni. Sendum um land allt. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Ópið frá kl. 13-16.30 - www.brimco.is



Ford Transit árg '11 - Jumbo til sölu. Langur, háþekja, dísel, ek. aðeins 99.000 km. Stór og glæsilegur með mikla möguleika. Verð aðeins 2.650.000 kr. Vel með farinn dekurbíll. Uppl. í síma 868-3144.



Kjallaradætur fyrir klósett. Öflugur hnifur. Mótórar staðsettir fyrir utan votrymi. Inntak fyrir vask, sturtu, baðkar. Margar stærðir sem henta fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Mjög öflugur og vandaður búnaður. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is



Hljóðlátar rafstöðvar fyrir ferðavagna. Eigum á lager japanskar rafstöðvar með Subaru vélum. Hljóðdempun er mjög góð, 56 dB A @ 7 m. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is - www.hak.is



Tveggja pósta bílalyfta, 4,0 tn. og rafm. læsingar. Tilboð 495.000 kr. m.vsk. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Ópið frá kl. 13-16.30 - www.brimco.is



Rafstöðvar með original Honda vélum og Yanmar dísil á lager. Stöðvarnar eru frá Elcos Srl. á Ítalíu, www.elcos.net. Eigum einnig hljóðlátar stöðvar fyrir ferðavagna. Við bjóðum upp á allar gerðir af rafstöðvum. Mjög hagstætt verð. Hákonarson ehf., www.hak.is, s. 892-4163, netfang: hak@hak.is



Glussaknúnar vatnsdætur fyrir tankbíla og vinnuvélar. Sjálfsgandi dætur í mörgum stærðum sem dæla allt að 120 tonnum á klst. Einnig dætur með miklum þrýstingi, allt að 10 bar. Hákonarson ehf, s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Innflutningur & sala á vinnuvélum til Íslands. Við aðstoðum við flutning & kaup á nýjum/notuðum vinnuvélum & tækjum frá Bretlandi til Íslands. Yfir 20 ára reynsla, örugg og snögg þjónusta. www.ice-export.co.uk - Erum líka á facebook undir: Suður England. Net-símar: Haukur 499-0588, Hafþór 499-0719, sudurengland@gmail.com



Lambheldar hlíðgrindur. Breidd 4,27 m, hæð 1,10 m. Möskvastærð 10 x 15 cm. Verð fyrir 1 stk. kr. 24.900 auk vsk. Verð 2-4 stk. kr. 22.900 auk vsk. 5 stk. eða fleiri kr. 19.900 auk vsk. Uppl. í síma 669-1336 og 899-1776, Aurasel ehf.



Liprar og léttar fjárgrindur. Hægt að krækja saman án aukahluta. Breidd 180 cm. Hæð 90 cm. Verð pr. stk. kr. 7.900 án vsk. Ef keyptar eru 10 grindur eða fleiri, verð pr. stk. kr. 6.900 án vsk. Aurasel ehf. Pöntunarsímar 899-1776 og 669-1336.



Búnaður á stórvirkar vinnuvélar. Skóflur með vængjum, allt að 6 m³. Skóflur í mörgum útfærslum fyrir allt að 16 m³. Snjóplógar í mörgum útfærslum. Allur annar frambúnaður fyrir verktaka. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang: hak@hak.is - www.hak.is




Til sölu Benz 1320 1997 kassabíll 250.000 km með 48 kW perkins rafstöð 2003, keyrður 350 tíma. Einnig öflug loftþessa verð 2 milljónir kr. +vsk. Uppl. í síma 899-2195/789-2888.



Stærðingur og sala á vinnuvélum til Íslands. Við aðstoðum við flutning & kaup á nýjum/notuðum vinnuvélum & tækjum frá Bretlandi til Íslands. Yfir 20 ára reynsla, örugg og snögg þjónusta. www.ice-export.co.uk - Erum líka á facebook undir: Suður England. Net-símar: Haukur 499-0588, Hafþór 499-0719, sudurengland@gmail.com



Til sölu iðnaðarsaumavél, beinn saumur og overlook. Margir litir af tvinna fylgja. Tilboð. Uppl. í síma 862-6775.



Liprar og léttar fjárgrindur. Hægt að krækja saman án aukahluta. Breidd 180 cm. Hæð 90 cm. Verð pr. stk. kr. 7.900 án vsk. Ef keyptar eru 10 grindur eða fleiri, verð pr. stk. kr. 6.900 án vsk. Aurasel ehf. Pöntunarsímar 899-1776 og 669-1336.

KRAFTVÉLAR

Til sölu

CaseIH Maxxum 150MC







- Árgerð: 2017
- Hestöfl: 150/175
- Vinnustundir: 190
- Girkassi 17x16 með sjálfskiptimöguleika
- Vökvaúttök: 8 + LS
- Aflúttakshraðar: 540/540E/1000
- Loftþrúða sæti með armpúða
- 6 cyl vél
- Vökvaflirtengi
- LS úttök
- Skotkrókur
- 50km/h ökuhraði
- Fjaðrandi framhásing
- Fjöðrun á húsi
- 2 stk. gul blikkljós
- AFS700 snertiskjár
- IsoBus tengi
- ALÖ Q56 ámoksturstækki
- Farþegasæti
- 12 LED vinnuljós
- Dekk 540/65R29 og 650/65R38

Verð: **12.390.000.- kr. án vsk.**

Dalvegur 6-8 / 201 Kópavogur
Draupnisgata 6 / 603 Akureyri
Sími 535 3500
www.kraftvelar.is • kraftvelar@kraftvelar.is



Til sölu

VW Crafter, 4x4, Achleitner
 Bíllinn er vel útbúinn með driflæsingum að aftan, hátt og lágt drif. Breyttur fyrir 35" dekk. Búið að breytingarskoða bílinn. Árgæð 2014, ekinn 109.000 km. Verð 5.500.000 + vsk.
 Nánari upplýsingar á www.enta.is og í síma 897-6240

Hækkun gjaldskrár fyrir notendur skýrsluhaldskerfa

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið hefur staðfest hækkun gjaldskrár fyrir notendur skýrsluhaldskerfa sem notuð eru til að skila lögbundnum skýrsluhaldsupplýsingum í samræmi við ákvæði búvörusamninga. Hækkunin nemur 3,2% og tekur gildi 1. apríl nk.

Gjaldskrá - árgjald:

Fjárvis, Heiðrún og Huppa: 12.740 kr. m. vsk.
 Jörð: 10.298 kr. m. vsk.




Sæti og varahlutir í

- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Bata



Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is



Kjarnaborun • Steypusögun • Múrbrót

www.isbor.is • S: 611-5550 • 698-5050



LESENDABÁS

Það sem skiptir máli

Nú kemur voríð sunnan að og sólin bræðir ís, orti Sigurður Óskar Pálsson sem lengi var skólastjóri á Borgarfirði eystri. Þeir átta það sameinlegt, Sigurður og Kjarval, að alast upp á sömu slóðum hvar umhverfið er bæði fagurt og friðsælt. Náttúran getur ekki bara kveikt listrænan neista heldur líka þrá eftir því taó sem allir menn sækjast eftir, þó sumir leiti langt yfir skammt að því sem stendur okkur alltaf næst.

Það sem stendur okkur næst og yfirgefur okkur aldrei hlýtur að vera vitund okkar, öðru nafni Sjálfíð þó það taó sem um er talað sé auðvitað ekki taó, eins og sagt er frá í Bókinni um veginn. Hins vegar vill svo óheppilega til að hindurvítni kaldrar efnishyggu hafa að mestu úthýst þeirri „póetisku“ og hlýju stemningu sem ætti eða mætti svo gjarnan ráða för á okkar litla landi. Þessi stefna óyndis tekur sig mjög hátíðlega en hamlar flestu því sem við teljum mikilvægast í mannlífinu, og ekki síst heilsunni sem dafnar auðvitað best á húmor og himneskri upphafningu.

Vedíska fræðasetrið á Borgarfirði eystri stendur fyrir 5 daga heilsuviku um páskana hvar þátttakendur geta dvalið á notalegu gistiheimili, borðað bragðgóðan og hollan mat, lært að elda slíkan mat, stundað útiveru ef vill og hlustað á sögur úr ævisögu Árna prófasts. Árni var vitur maður og gegn, hafði horn í síðu efnishyggunnar en áhuga á öllum framfarumálum, þá ekki síst heilsufari sinna sóknarbarna og annarra. Á heilsuvikunni verður heilmikil fræðsla um skynsamlega lífshætti auðvitað ásamt tækifæri til að hvíla sig frá amstri hversdagsins. Þátttakendum stendur einnig til boða að læra vedíska hugleiðslu sem á sér þúsunda ára sögu og er auðlærð aðferð til að heilsa upp á Sjálfíð í djúpri kyrrð. Þó ekki sé á vísan að róa hvað varðar íslenskt veðurfar þá má alltaf stóla á logn í dúpum hugans. Ekki er jafn frískandi og slík reynsla.

Við mannveru þurfum að starfa og starfsemi fylgir þreyta. Starfsemi og hvíld þurfa að fylgjast að í jafnvægi. Of mikill erill, streita, áhyggjur og óheilsusamlegir lífshættir taka sinn toll af heilsunni, hraða ferli öldrunar og skapa grundvöll fyrir ójafnvægi í líkamstarfsemi. Ójafnvægi getur svo þróast yfir í króniska sjúkdóma ef það fær nógu langan „útunungartíma“. Djúp og endurnærandi hvíld er nauðsynleg með reglulegu millibili því hún er tækifæri líkama og huga til að ná jafnvægi og endurnýja orkuna.

Lífsvenjur og viðhorf ráða mestu um heilsufar og vellíðan. Mikilvægt er því að temja sér lífsvenjur og viðhorf fyrir lífstíð sem stuðla að



Björn Kristjánsson.

góðri heilsu. Allir geta séð hvert stefnir með daglegar venjur sem endurteknar eru í áratugi ef þær venjur stuðla ekki að góðri heilsu fyrir viðkomandi einstakling.

En hvar erum við flest stöð varðandi heilsuvernd? Jú, flest allir vilja skyndi- eða töfralausnir og sópa vandanum undir næsta teppi. Vanalega kemur hann svo þaðan aftur vegna þess að orsakavaldurinn, lífshættirnir og viðhorfin eru enn hin sömu. Rekja má nær alla sjúkdóma og nær allan heilsuvanda til óheilsusamlegra lífshátta.

Elstu fræði mannkyns á sviði heilsuverndar eru jafnframt þau fræði sem breiðast nú hraðast út um heiminn á þessu sviði. Þau heita Ayurveda. Ayurveda er ein af 40 greinum vedískra fræða sem eru önnur af tveimur fræðahefðum mannkyns. Til að skilja fræðigrein þarf maður að nálgast hana á hennar eigin forsendum og spyrja kurteislega að nafni eins og alsíða er þegar við hittum fólk sem er okkur ókunnugt. Við getum ekki kallað Ayurveda óhefðbundnar lækningar því það heita fræðin ekki. Ayur kemur af orðstofninum Ajus sem þýðir líf og veda kemur af orðstofninum vid sem þýðir vit eða þekking. Ayurveda er því þekkingin um lífið. Ef einhverjum þykir það ekki nógu yfirgrípsmikil má kalla Ayurveda þekkinguna um lífið og allífið.

Og hvað er mikilvægt við þessi fræði? Jú, út frá sjónarhóli forvarna þá er það greining á ójafnvægi löngu áður en það fær að birtast sem krónískur sjúkdómur. Greining og einföld ráð um breyttan lífstíl til að afstýra sjúkdómi. Hversu mikilvægt er það?

Ayurveda er ekki indversk fræði frekar en þyngdarlög málið er breskt. Ayurveda fjallar um algild lögmál m.a. þau er varða heilsu, og er því ekki háð tíma eða staðsetningu á jarðkúlunni, það breytir þó ekki því að fræðin voru rituð af þremur

læknum sem uppi voru á Indlandi fyrir þúsundum ára og hétu þeir Vagbhatt, Charak og Sushrut.

Íðkun Ayurveda skapar skilning og næmni fyrir því sem er fyrir bestu á hverjum tíma. Bent er á í fræðum Ayurveda að einstaklingar eru mismunandi og hafa því mismunandi þarfir. Þar að auki er loftslag, árstíðir, tími dags, aldur, og atvinna ásamt fjöldamörgu öðru breytileg atriði sem taka þarf með í reikninginn varðandi lífshætti. Fræðilegur bakgrunnur Ayurveda verður því fljótt að sjálfvirku vali í samræmi við það sem hentar á hverjum tíma.

Það er bæði auðvelt og ánægjulegt að iðka Ayurveda vegna þess að árangur kemur fljótt í ljós og iðkunin verður sjálfsgáður hlutur þegar við finnum vellíðan og ánægju sem afakstur skynsamlegra lífshátta. Fræðin hafa ekki breytt um skoðun allt frá upphafi veru eru lögmál heilsuverndar. Óþarfi er að aðhyllast einhverja sérstaka stefnu varðandi fæðu eða lífstíl til að njóta góðs af námi eða námskeiði í Ayur veda. Fræðin eru fyrir alla jafnt.

Málshátturinn, veldur hver á heldur gildir í Ayurveda sem og annars staðar hvað varðar árangur. Vedíska Fræðasetrið er að kenna Ayurveda í samstarfi við nokkra færustu Ayurveda lækna heims sem við eigum samtalið við í gegnum fjárfundabúnað. Við sem kennum höfum jafnframt formlega menntun og langa reynslu af iðkun fræðanna. Okkar sérsvið er að leiðbeina um lífstíl og meðferðir sem hver og einn getur iðkað heima hjá sér eins og Árni prófastur og Ayurveda fræðin hafa kennt okkur.

Myndu ekki allir samsinna því að þekking sé grundvöllur athafna? Athafnir okkar, atferli eða lífsstíll, til dæmis sem þjóðar skila af sér tölfraði sem á sviði heilsufars ratar í lýðheilsuvísu. Þessir vísar segja frekar óskemmtilega sögu og gefa til kynna að við þurfum að bæta við þekkingu okkar varðandi heilsu og endurhæfingu. Á meðan eitthvað ósýnilegt fyrirbæri sem nærast á ótta við breytingar og þar með framfarir, stendur heiðursvörð um stöðnun íslensks samfélags á öllum sviðum þá vinna lausnirnar sig, sem oftast er ekki búa í jadarþekkingu, hægt og rólega inn í meginstraum fræðasamfélags eða þjóðfélags. Ayurveda, sem og aðrar greinar vedískra fræða, er sannarlega jadarþekking í okkar samfélagi enn sem komið er, en ætti að verða ráðandi þekking í forvörnum. Viljum við bæta heilsufar eru merkimiðar eins og austrænt og vestrænt, hefðbundið og óhefðbundið, huglægt eða hlutlægt harla gagnslausir og eiga lítið skylt við vísindalega eða skynsama hugsun. Spurningin um hversu gagnleg tiltekin fræði eru til að bæta heilsu er hins vegar góð byrjun og svarið fæst auðvitað ekki nema með því að prófa.

Björn Kristjánsson



BÚNAÐARSAMBAND KJALARNESPINGS

Aðalfundur Búnaðarsambands Kjalarnespings 2019

Aðalfundur BSK verður haldinn í gróðrastöðinni Lambhaga „Mýrarkoti“ miðvikudaginn 10. apríl kl. 20:00

Dagskrá:

Skýrsla stjórnar fyrir liðið ár
 Reikningar félagsins
 Gestir fundarins frá BÍ og Bú- Vest
 Kosningar
 Önnur mál

Stjórn BSK

Kópavogsbær: Sigrún María sér um íbúatengslin



Sigrún María Kristinsdóttir, sem hefur tekið við starfi verkefnisstjóra íbúatengsla hjá Kópavogsbæ.

Sigrún María Kristinsdóttir hefur verið ráðin í starf verkefnisstjóra íbúatengsla hjá Kópavogsbæ.

Um er að ræða nýtt starf á stjórnslusviði en með starfinu er ætlunin að efla þátttöku-lyðræði hjá Kópavogsbæ og horft til Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna í því sambandi. Sigrún María mun bera ábyrgð á



Fiskimjölsverksmiðja Síldarvinnslunnar í Neskaupstað.

Mynd / Smári Geirsson

Síldarvinnslan: Tók við yfir 225.000 tonnum í fyrra

Fiskimjölsverksmiðjur Síldarvinnslunnar tóku á móti allmiklu magni af hráefni á árinu sem var að líða og verð á afurðum þeirra var þökkalegt. Búast má við samdrætti á þessu ári vegna loðnubrests.

Samtals tóku verksmiðjurnar þrjár, í Neskaupstað, Helgavík og á Seyðisfirði, á móti 225.383 tonnum af hráefni á árinu. Til samanburðar tóku þær á móti 196.697 tonnum árið 2017, 131.460 tonnum á árinu 2016 og 259.394 tonnum árið 2015.

Aukningin á mótteknu hráefni á milli árunna 2017 og 2018 stafar fyrst og fremst af auknum kolmunnaveiðum en eins ræðst móttekið hráefni verksmiðjanna á hverju ári mjög af því hve mikil loðna er veidd að því er fram kemur á heimasíðu Síldarvinnslunnar.

Umsvifamesta verksmiðjan er í Neskaupstað, þar var tekið á móti tæplega 167 þúsund tonnum á liðnu ári, ríflega 46 þúsund tonnum á Seyðisfirði og rúmlega 12 þúsund tonnum í Helgavík.

/MPB

www.bbl.is

Þú gafst mér hjálp þína að skildi og hægri hönd þín studdi mig; þú beygðir þig og lyftir mér upp. Þú rýmdir til fyrir skrefum mínum.

Salm. 18.36-37

biblian.is

stefnumörkun á sviði þátttöku-lyðræðis, skipuleggja íbúafundi, stýra verkefnum „Okkar Kópavogur“, sem snýr að þátttöku íbúa við ráðstöfun fjármagns til framkvæmda, og framkvæmd íbúakosninga. Sigrún María hefur undanfarin ár starfað hjá verkfræðistofunni Eflu við

gerð mats á umhverfisáhrifum framkvæmda og hefur m.a. í þeim verkefnum séð um framkvæmd og úrvinnslu samfélagsrannsóknna. Þá hefur hún starfað sem fjölmiðla- og upplýsingafulltrúi og um nokkurra ára skeið við blaða- og fréttamennsku. /MHH

HEILSUVIKA
Borgarfirði eystri
18 - 22 APRÍL

Veðiska Fræðasetrið
facebook.com/vediskainstitute

Svansson ehf

MAGNINNKAUP

Erum að taka niður pantanir. Landbúnaðartæki frá JANSEN í Þýskalandi. Góð vara á góðu verði.

Sendið fyrirspurnir á siggi@svansson.is

Svansson ehf - Vefverslun í 12 ár
Sími: 697-4900



Verzlunarfjelað Árneshrepps óskar eftir áhugasömum og drifandi starfsmanni til að annast daglegan rekstur nýstofnaðrar verslunar í Norðurfirði.

Starfið getur verið fjölbreytt og skemmtilegt og er hugsað sem heilsársstarf til framtíðar.

Áhugasamir hafi samband í gegnum netfangið info@verzlunarfjelað.is eða í síma 8438110 eftir kl. 17.

ÁSCO

BÍLARAFMAGN

Allar gerðir startara og alternatora



Einnig á lager: Hjómflutningstæki frá Alpine. Varahlutir í startara. Rafgeymar. Aðalljósaperur. LED perur. Hátalarar. Tengir fyrir togsþil. Hleðslutæki. Útvarpsloftnet. Rafhlöður. Fjarslæsingar. Fjarstart í bíla. Radarvara. Startkaplar. Áriðlar 12V og 24V / 240V. Hjóðnemar fyrir rútur, voltmælur, amperemælur, spennufellur 24V / 12V, trúflanapéttar, loftnetsframleningar. Kerrutenglar. Breytar fyrir 13P kerrutengla. Öryggi. Sjálfvirk öryggi í bíla. Gleröryggi 20 og 32mm. Postulinsöryggi. Öryggjahöldur. Stór öryggi uppí 250A. Stefniljós fyrir Landrover. Snúrusett fyrir bassakulur. Bassakulur. Öxulhosur. Spennustíllar. Dióur. Rafgeymaskólar. Jarðsamband. Dióðubryr. Reiriskútur fyrir alternatora. Kjöllingarnætur. Stöðvangar. Leggur í alternatora. Kjöll í alternatora. Vöðvar 0.250V uppí 250V. Ög smærri mærgi flösa.

ÁSCO

Glerárgata 34b við Hvannavelli • S 461 1092 • asco.is

BÍLARAFMAGN

Daggi ehf

Renni og vélaverkstæði Hveragerði

- Heddvíðgerðir
- Heddplömun
- Heddþrýstiprúfun
- Slípa ventla og ventlasæti
- Bora og hóna blokkir
- Vélasamsetningar



S. 646-5242 Austurmörk 14 810 Hveragerði
daggi@vortex.is facebook.com/daggi ehf

FASTEIGNASALAN BÆR
www.fasteignasalan.is



Loftur Erlingsson
sölufulltrúi / nemi í löggildingamámi fasteignasala
s.896 9565 - loftur@fasteignasalan.is



Snorri Sigurfinnsson
löggr.fasteignasali
snorri@fasteignasalan.is

Vantar allar gerðir fasteigna á söluskrá

bújarðir og bústaði, íbúðarhús og útihús, landspildur og lóðir.

-Traust og fagleg vinnubrögð-

Fasteignasalan Bær • Ögurhvarf 6, 203 Kópavogur • Austurvegur 26, 800 Selfoss • Sími: 512 3400

FALLEGHUS OG FRÆGIR GARDAR

HÖNNUN

BYGGINGA

VERKTAKA

SÉRSMÍÐI

bjornas@internet.is
8692159
facebook.com/falleghus



Til sölu DFSK C31 pallbíl

Ágerð 2017. Burðargeta 1.200 kg.

Lipur og duglegur vinnubíll, sem nýr. Verð 2.100.000 kr. +vsk.

Upplýsingar í síma 863-2548.

Lely Center Ísland SÍUR Í DRÁTTARVÉLAR



Reykjavík: Krókháls 5F - Sími 414 0000 - www.vbl.is
Akureyri: Óðinsnes 2 - Sími 464 8600



Nú eru Sunward gröfurnar aftur fáanlegar, 800 kg til 35 tonn á Íslandi og eru nú fáanlegar hjá nýjum umboðsaðila.

Sunward vinnuvélar, 3ja ára ábyrgð, 10 ára reynsla á Íslandi.

Góðar vélar á góðu verði.

Vélavit
Sala - Þjónusta
S: 527 2600 - www.velavit.is

VALTRA

**1994
-
2019**

Í tilefni 25 ára afmælis Valtra á Íslandi ætlum við að vera með sérstakt afmælistilboð á Valtra dráttarvélum í apríl. Auk afsláttar gefum við ferð fyrir tvo til höfuðstöðva Valtra í Finnlandi með hverri seldri vél.



Veglegt afmælistilboð á öllum nýjum Valtra dráttarvélum!

Vélar til afgreiðslu strax með allt að

600.000 króna afslætti!



Selfoss // Akureyri // Egilsstaðir // Sími 480 0400 // jotunn@jotunn.is // www.jotunn.is



**FERÐ FYRIR 2 TIL FINNLANDS
FYLGIR HVERRI SELDRI VÉL!**

Vegleg skemmtiferð til Finnlands með viðkomu í höfuðstöðvum Valtra að verðmæti

290.000

fylgir í kaupbæti. Ferð verður í ágúst/september 2019.